

## Nýtt tiskudóp á Litla-Hrauni

Fangar á Litla-Hrauni reyna að vera skrefi á undan yfirvöldum þegar kemur að því að komast í vímu. Nýja tiskudópið þar er spice, sem er manngert kannabisefni. Brugðist er við með auknu eftirliti.

**SAMFÉLAG** Spice er hið nýja tiskudóp fanga á Litla-Hrauni. Spice er manngert kannabis og getur tekið nánast hvaða form sem er. Algengast er að það sé líkt eftir kryddi og þaðan kemur nafnið.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni, segir að fangelsið hafi aukið eftirlit með notkun spice en það mældist ekki áður við sýnatöku hjá föngum.

„Við erum byrjaðir að finna spice innan veggja fangelsisins. Það hafa komið upp þó nokkur tilvik á stuttum tíma en er hægt að kalla það faraldur?“ segir Halldór.

Efnið kom fyrst á borð fangelsisfyrvalda hér á landi fyrir um níu árum þegar fangar byrjuðu að reykja það í fangelsum á Norðurlöndum en það tók langan tíma að berast til Íslands.

„Spice getur lititð alla vega út, eins og kaffikorgur, krydd eða hvað sem er. Við erum vakandi hér á Litla-Hrauni og erum oft að finna alveg ótrúlegustu hluti frá gestum og föngum, hvort sem það er spice, sýra eða annað sem er verið að reyna að koma til fanga,“ segir Halldór.

Það eru alltaf einhverjir sem vilja koma eitri inn fyrir vegg fangelsisins.

Halldór Valur Pálsson, forstöðumaður fangelsisins á Litla-Hrauni.



Stutt er síðan sýra sem leit út eins og blaðsnepill og bar ekki nein önnur merki en að vera blaðsnepill fannst á Litla-Hrauni að sögn Halldórs.

„En okkur fannst eitthvað grunsamlegt við að koma með eitt blað inn í fangelsið og prófuðum blaðsnepilinn. Hann reyndist vera sýra.“

Halldór segir allt reynt og að það muni ekkert breytast.

„Það eru alltaf einhverjir sem vilja koma eitri inn fyrir vegg fangelsisins. Við erum að búa okkur betur undir fleiri tilvik af spice og þó það sé erfitt vegna þess hve fá áhöld eru til að greina efnið sem eru í spice, þá eru þau til.“ – bbb

## Konan úr Eyjum illa haldin

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem varð fyrir hrottalegri líkamsárás í Vestmannaeyjum á laugardag eftir heimsókn á veitingastaðinn Lundann er í áfalli og á erfitt með að tjá sig um atburði kvöldsins.

Konan útskrifaði sjálfa sig af Landspítalanum gegn læknisráði vegna of mikils áreitnis á spítalanum, að sögn fjölskyldumeðlims. Sá grunaði, sem er í haldi lögreglu, er með áverka sem þykja benda til þess að hann hafi sparkað í konuna.



Lundinn er öldurhús í Eyjum. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á konan mjög erfitt með sjón vegna mikilla áverka í andliti og höfuðkúpbrots.

Er konan fannst var hún nakin, afmynduð í andliti og með blóðuga áverka við kynfæri. Hún hefur ekki farið í sakbendingu en mun líklega ræða við lögreglu í dag og staðfesta hvort sá grunaði sé árasarmaðurinn. – snæ / sjá síðu 2



Réttir í Trékyllisvík Sólveig Rún Samúelsdóttir var ein þeirra sem smöluðu afrétti í nyrðri hluta Árneshrepps á Ströndum um liðna helgi. Hún var líka ein af mörgum sem létu muna um sig í Melarétt. Sjá síðu 22 FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Vilja hagsmuni dómara á borðið

**DÓMSMÁL** „Þegar menn eru búnir að taka við starfi sem dómara, og fara þar með þyðingarmikið vald til þess að taka ákvarðanir í málefnum fólksins í landinu, þá verða þeir að sæta því að það birtist opinberlega upplýsingar um hugsanlegar hagsmunatengingar þeirra,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

„Það er traustid og trúverðugleiki sem er alfa og omega í þessu,“ segir Stefán Már Stefánsson, prófessor emeritus við Háskóla Íslands.

– hlh / sjá síðu 18



### Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Hallgrímur Kristinsson skrifar um ósanngjarna samkeppni fjölmiðla. **38**

**SPORT** Aron Jóhannsson var ekki langt frá því að tárast er hann sneri aftur á fótboltavöllinn. **42**

**MENNING** Kristjana Stefánsdóttir á lögin í söngleiknum Bláa hnettinum. **52**

**LÍFIÐ** Seðlabankastjóri leikur sjálfan sig í nýrri stuttmynd Eyþórs Jóvínssonar. **66**



PLÚS SÉRBLAÐ • FÓLK

\*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

**HREKKJAVAKAN NALGAST!!!**

**HOKUS POKUS**

hokuspokus.is

### HNÍFAPARATÖSKUR

12 MANNA ÁSAMT FYLGHLUTUM YFIR 15 TEGUNDIR

VERÐ FRÁ KR.24.990



**TÉKK 45 ÁRA KRISTALL**

LAUGAVEGI 178 – SÍMI 568 9955

### HERRAKVÖLD


Sjá nánar bls. 14-17



opið til 22

SMÁRALIND

## Veður



Sunnan hvasaviðri eða stormur um tíma austanlands um morguninn, en annars yfirleitt mun hægari sunnanátt með skúrum, en þurr og fremur bjart veður um landið norðaustanvert þegar kemur fram á daginn. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig.

**SJÁ SÍÐU 50**



Angelo fékk fimm ára dóm.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Fundnir sekir í Norrænumálinu

**DÓMSMÁL** Fjórir menn, Angelo Uyleman, Peter Schmitz, Baldur Guðmundsson og Davíð Berndsen Bjarkason, voru í Héraðsdómi Reykjaness í gær fundnir sekir um fíkniefnasmygl með Norrænu í fyrra.

Angelo og Peter, báðir Hollendingar, fengu fimm ára fangelsisdóm. Baldur, 39 ára, var dæmdur í átta ára fangelsi og Davíð, 28 ára, í átta og ár og sex mánuði.

Smyglað var um 20 kílóum af amfetamíni og um 2,6 kílóum af kókaíni. – sks

## Málað fyrir Airwaves



Listamaðurinn Lora Zombie vinnur í vegglistaverki á Nýlendugötu í miðbæ Reykjavíkur. Verkið er unnið í samstarfi við tónlistarhátiðina Iceland Airwaves. Zombie ætlar að mála allar hliðar hússins innblásin af plötunni Warpaint frá 2014 með samnefndri hljómsveit. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Stjórnarandstaðan gegn flýtimeðferð á Bakka

**ALÞINGI** Þingflokksformaður Bjartrar framtíðar segir gerræðislegt af ríkisstjórninni að ætla að grípa fram í löglegt ferli við mat á áhrifum háspennulína til kislivers á Bakka með lagasetningu. Iðnaðar- og viðskiptaráðherra telur hins vegar nauðsynlegt að Alþingi samþykki sem fyrst frumvarp sem heimili lagningu raflinanna.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, segir að fullreynt hafi verið að ná samkomulagi um málið þannig að hefja mætti á ný framkvæmdir við að leggja raflínur frá Þeistareykjum og Kröflu að Bakka. Þá hafi sveitarfélögin fyrir norðan þrýst á stjórnvöld að höggva á hnútinn.

Ríkisstjórnin samþykkti á aukafundi í morgun að iðnaðaráðherra



Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðaráðherra í mótbyr FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

legði fram frumvarp um raflínurnar, en framkvæmdir við þær hafa legið niðri um nokkurra vikna skeið eftir að Landvernd færði framkvæmdina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. – hmp

## Konan sem ráðist var á í áfalli segir fjölskyldan

Konan sem flutt var með sjúkraflugi frá Vestmannaeyjum um helgina eftir grófa líkamsárás er sögð í miklu andlegu áfalli og eiga erfitt með að tjá sig um atburðinn. Hæstiréttur dæmdi í gær 23 ára karlmann í gæsluvarðhald til laugardags.

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem varð fyrir hrottalegri líkamsárás og nauðgun í Vestmannaeyjum á laugardag er í áfalli eftir árásina og á erfitt með að tjá sig við sína nánustu um atburði kvöldins.

Konan útskrifaði sjálfa sig af Landspítalanum gegn læknisráði vegna of mikils áreitis á spítalanum, að sögn fjölskyldumeðlims. Sá grun- aði, sem er í haldi lögreglu, er með áverka á ristum sem þykja benda til þess að hann hafi sparkað í konuna.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins á konan mjög erfitt með sjón vegna mikilla áverka í andliti og höfuðkúpabrots.

Þegar konan fannst var hún nakin, afmynduð í andliti af áverkum og með blóðuga áverka við kynfæri. Hún hefur ekki farið í sakbendingu en mun líklega ræða við lögreglu í dag og staðfesta hvort hinn grunaði sé árásmáðurinn.

Aðstandendur konunnar segja hana marða um allan líkamann vegna ofbeldisins. Einnig beri hún sár vegna þess að fötin hafi bólstaflega verið rifin utan af henni. Maðurinn og konan þekktust ekki.

Hæstiréttur sneri í gær úrskurði Héraðsdóms Suðurlands og dæmdi hinn grunaði í gæsluvarðhald til laugardags. Hann er fæddur 1993 og á sambýliskonu og ungt barn.

Árásin átti sér stað fyrir utan skemmtistaðinn Lundann aðfaranótt laugardags. Starfsmenn Lundans hringdu á lögreglu um tuttugu mínútur í fimm um nóttina og tilkynntu um átök fólksins fyrir utan skemmtistaðinn. Lögregla sinnti því ekki þá vegna annars máls.



Starfsmenn Lundans sáu fólkið takast utan við staðinn og hringdu á lögreglu sem lét biða eftir sér sökum anna. Höfuð konunnar var keyrt ofan í steiptan öskubakka að sögn vitnis. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

konuna liggja nakta á götunni og mann ganga í burtu frá konunni. Sá hafi verið pollrólegur og reykjandi, unglegur og sjálföruggur í göngulagi.

Nágranninn hringdi á neyðarlínuna, safnaði saman fötum konunnar og hlúði að henni þar til lögreglu bar að garði. Hann segir konuna hafa átt í miklum erfiðleikum með að greina frá því sem gerðist og hún hafi engu svarað þegar lögreglu bar að garði.

Í dóminum segir að ekki hafi verið hægt að taka skýrslu af konunni vegna ástands hennar. Við myndatöku af áverkunum hafi hún þó sagt: „Hann vildi mig.“ [snaeros@frettabladid.is](mailto:snaeros@frettabladid.is)

TCHAIKOVSKY

Évgeni Onegin

Tímalaus russnesk ástarsaga

MÍÐASALA HAFIN Á WWW.OPERA.IS

ÍSLENSKA ÓPERAN



**HÚSASMÍÐJAN**  
HLUTI AF BYGMA

**60** ÁRA  
1956 - 2016

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavxl. Úrval getur verið mismunandi milli verslana.

# SPRENGI VIKA



**20%**  
afsláttur  
af ALLRI  
innimálningu

ÖLL blöndunartæki á 25% afslætti / ÖLL blöndunartæki á 25% afslætti / ÖLL blöndunartæki á 25% afslætti



25%  
afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA

**13.345** kr

17.795 kr

Eldhústæki

Eden einnarhandar eldhústæki.

7900023

25%  
afsláttur



SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA

**9.664** kr

11.595 kr

Handlaugartæki

Pine.

8000033

25%  
afsláttur



SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA

**13.345** kr

17.795 kr

Sturtutæki

Hitastýrt.

7900032



25%  
afsláttur

SPRENGIVIKA / SPRENGIVIKA

**21.219** kr

28.295 kr

Blöndunartæki

Damixa sturtuset.

8000586

**25%**  
afsláttur

af ÖLLUM  
blöndunartækjum

blómaval

**ERIKUR**

Veljið sjálf  
3 stk.

**999**

~~1.797~~

**RÓSIR**  
10 stk.

**1.990**

~~3.490~~

**HAUST-  
LAUKAR**  
MAGNPAKKNINGAR

**1.499**

~~1.890~~

50 túlipanar, 50 krókusar eða 2 kg páskaliljur



Byggjum á betra verði

www.husa.is

# Hjörleifshöfði fæst keyptur á Facebook

**FASTEIGNIR** „Þetta eru engin alvöru viðbrögð enn þá, en við höfum fengið svolítið af fyrirspurnum,“ segir Þórir Niels Kjartansson, framkvæmdastjóri í Vik og einn eigenda jarðarinnar Hjörleifshöfða í Mýrdalshreppi.

Hjörleifshöfði, sem var auglýstur til sölu í ágúst, er um 11.500 hektarar að stærð. Verðhugmynd er 500 til 1.000 milljónir króna.

Innan jarðarinnar eru Hjörleifshöfði og Hafursey. Landið nær frá Kötlujökli í norðri að sjó að sunnan og er að mestu sandar. Þjóðvegur eitt liggur í gegn um jörðina.

Þórir segir að nýverið hafi verið

„Ég er búinn að vera í viðræðum við ráðherra þriggja ríkisstjórna og það kom ekkert út úr þeim.“

Þórir Niels Kjartansson, einn eigenda Hjörleifshöfða



brugðið á það ráð að auglýsa jörðina með hjálp Facebook. Var auglýsingunni beint til notenda í nokkrum Evrópulöndum. Auglýsingin hafi fengið nokkur viðbrögð.

„Þó hafa aðeins fáar fyrirspurnir borist,“ segir Þórir.

Að sögn Þóris hafa landeigendur reynt að selja íslenska ríkinu jörðina, en það hafi ekki borið árangur.

„Það hefur aldrei komist svo langt að tala um verð,“ segir Þórir um samtal sitt við stjórnvöld.

„Ég tel að ríkið ætti að stefna að því að eignast svona sérstakar lundur þegar þær eru til sölu. Ég er búinn að vera í viðræðum við ráðherra þriggja ríkisstjórna og það kom ekkert út úr þeim. Þannig að við gáfumst upp á þessu og prófuðum að setja þetta á sölu.“ – hlh



Horft til norðurs. Hjörleifshöfði er í forgrunni, en Hafursey er fjær, næst Kötlujökli.

MYND/ÞÓRIR NIELS KJARTANSSON



Flóttafólk í Grikklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## Taka við tvöfalt fleiri á flóttu

**FLÓTTAFÓLK** Tugir ríkja heita að taka við 360 þúsund flóttamönnum á þessu ári, tvöfalt fleirum en tekið var við í fyrra. Jafnframt verði fé til málefna flóttafólks aukið um jafnvirði ríflega 500 milljarða króna.

Barack Obama Bandaríkjaforseti tilkynnir þetta í New York í gær, þar sem leiðtogar heims hafa rætt um málefni flóttamanna í tengslum við Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna. – gb

## Lyf hækkaði um 4.700%

**HEILBRIGÐISMÁL** Verð á B-vítamín sprautulyfi hækkaði í innkaupum SÁÁ um 4.700 prósent þegar eitt fyrirtæki fékk einkaleyfi á sölu á Íslandi. Verðið fór úr 525 krónum á skammt í rúmar 25.000 krónur.

„Þetta er í grunninn klúður úr heilbrigðisráðuneytinu,“ segir Þóririnn Tyrfinngsson, læknir SÁÁ á Vogu. „Hvernig dettur ríkinu í hug að veita einu fyrirtæki einkaleyfi á B-vítamínmarkaði á Íslandi? Við gætum keypt þetta ódýrt frá Færeyjum.“

Þóririnn segir lyfjakostnað SÁÁ hafa hækkað um eina milljón á mánuði. „Við erum ekki að sjá að ríkið bæti okkur þetta svo við þurfum bara að taka þetta á okkur.“

B-vítamín segir Þóririnn geta verið lífsnauðsynlegt langt leiddum fíklum í fráhröfnum. – sa

# Sundgestum hefur fjölgað um yfir 40 þúsund í Laugardalslaug

Af öllum sundlaugum höfuðborgarsvæðisins eru flestir stakir miðar seldir í Laugardalslauginni. Flestir sem miðann kaupa eru erlendir ferðamenn, segir forstöðumaður laugarinnar. Næstvinsælasta laugin er Sundlaug Kópavogs. Heildaraðsókn í sundlaugar höfuðborgarsvæðisins er kominn yfir tvær milljónir.

**ALMENNINGSPRÓTTIR** Laugardalslaugin er vinsælasta sundlaugin á höfuðborgarsvæðinu. Þetta kemur fram í nýjum aðsóknartölum frá sundlaugunum á höfuðborgarsvæðinu yfir fjölda sundgesta fyrstu átta mánuði þessa árs.

Alls sóttu 544.089 Laugardalslaugina á tímabilinu, en um er að ræða 42% allra sundgesta sundlauga Reykjavíkurborgar. Sé tekið mið af heildaraðsókn á höfuðborgarsvæðinu, sem er yfir 2 milljónir, fóru um 23% þeirra í Laugardalslaugina.

Næstvinsælasta sundlaugin á tímabilinu er Sundlaug Kópavogs, en þangað fór 283.051 í sund. Í þriðja sætinu er Lágafellslaug í Mosfellsbæ með 271.699 sundgesti og í því fjórða Versalalaug í Kópavogi með 234.034 gesti. Reykjavíkurlaugarnar Vesturbæjarlaug og Árbæjarlaug koma loks í fimmta og sjötta sæti. Hafa 207.266 komið í Vesturbæinn, en 180.286 í Árbæinn.

Þegar tölur yfir sölu stakra sundmiða eru skoðaðar er Laugardalslaugin langefst, en alls keyptu 93.217 slíka miða í laugina á tímabilinu. Meginástæðan fyrir þessu er hversu margir erlendir ferðamenn sækja laugina.

Að sögn Loga Sigurfinnssonar, forstöðumanns Laugardalslaugar, hefur heimsóknunum þar fjölgað á undanförunum árum í takt við almenna fjölgun ferðamanna til landsins. „Í gegnum tíðina hafa útlendu ferðamennirnir verið að koma hingað í lok dagsferða, það er seinnipartinn og kvöldin. Sífel

## Mest sóttu sundlaugar höfuðborgarsvæðisins

Fyrstu átta mánuði ársins

- Laugardalslaug**  
544.089 MANNSS 93.217 STAKIR MIÐAR
- Sundlaug Kópavogs**  
283.051 MANNSS 51.407 STAKIR MIÐAR
- Lágafellslaug í Mosfellsbæ**  
271.699 MANNSS 48.350 STAKIR MIÐAR
- Versalalaug í Kópavogi**  
234.034 MANNSS 40.391 STAKUR MIÐI
- Vesturbæjarlaug**  
207.266 MANNSS 30.172 STAKIR MIÐAR
- Árbæjarlaug**  
180.208 MANNSS 18.685 STAKIR MIÐAR

# 23,6%

Sundgesta á höfuðborgarsvæðinu fóru í Laugardalinn.

**Fólk áttaði sig í rauninni á því hvað afsláttarkjörin eru góð og voru góð.**

Logi Sigurfinnsson, forstöðumaður Laugardalslaugar



fleiri eru þó að koma hingað á daginn,“ segir hann.

Logi segir að heildaraðsókn í laugina hafi aukist nokkuð frá því í fyrra eða um tæp 43 þúsund. Sala á stökum miðum hefur aftur á móti dregist saman um tæp 10 þúsund, en verð þeirra var hækkað úr 650 krónum í 900 í nóvember í fyrra. „Eins og umræðan hefur heyrst hér hjá okkur eftir að staka

gjaldið hækkaði þá áttaði fólk sig í rauninni á því hvað afsláttarkjörin eru góð,“ segir Logi og bendir á sala á afsláttarkortum hafi aukist, en verð þeirra stóð í stað þegar verð á stökum miðum hækkaði.

Það skal tekið fram að aðsóknartölur í sundlaugar Hafnarfjarðar eru ekki inni í þessum útreikningi, en þær eru teknar saman í lok hvers árs. hlh@frettabladid.is



## Ábyrgð fylgir!



## NOTAÐIR BÍLAR

www.notadir.is



5 ÁR  
EFTIR AF  
ÁBYRGÐ  
KIA/Notaðir

### Kia cee'd LX

Árgerð 4/2015, ekinn 37 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 4,2 l/100 km.

**2.690.000 kr.**

22.290 kr. á mánuði\*



6 ÁR  
EFTIR AF  
ÁBYRGÐ  
KIA/Notaðir

### Kia Rio EX

Árgerð 2/2016, ekinn 9 þús. km, dísil, 1396 cc, 90 hö, beinskiptur, eyðsla 3,8 l/100 km.

**2.590.000 kr.**

21.600 kr. á mánuði\*



5 ÁR  
EFTIR AF  
ÁBYRGÐ  
KIA/Notaðir

### Kia Sorento EX Luxury

Árgerð 1/2015, ekinn 47 þús. km, dísil, 2199 cc, 198 hö, sjálfskiptur, eyðsla 6,7 l/100 km.

**6.750.000 kr.**

55.498 kr. á mánuði\*



6 ÁR  
EFTIR AF  
ÁBYRGÐ  
KIA/Notaðir

### Kia Optima EX Premium

Árgerð 7/2016, ekinn 3 þús. km, dísil, 1685 cc, 142 hö, sjálfskiptur, eyðsla 4,4 l/100 km.

**5.290.000 kr.**

43.437 kr. á mánuði\*

\*Mánaðargreiðsla m.v. 50% bílalan í 84 mánuði. Vextir 8,75% og árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,5%. Ábyrgð er í 7 ár frá skráningardegi bifreiðar.

Kletthálsi 2  
110 Reykjavík  
590 2160

**Opunartímar:**  
Virka daga 10–18  
Laugardaga 12–16



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

# AVENSIS Sumar auki

**Avensis Touring Sports  
með aukahlutapakka:**  
Leiðsögukerfi, dráttarbeisli,  
farangursbox og þverbogar.  
**Verðmæti: 399.000 kr.**

**Avensis Sedan  
með aukahlutapakka:**  
Leiðsögukerfi, króm á púst, krómlistar  
á allar hliðar og gluggavindhlífar.  
**Verðmæti: 322.000 kr.**



## Avensis Touring Sports og Avensis Sedan

með stórglæsilegum sumarauka í takmarkaðan tíma.

Nú í haust fylgja spennandi aukahlutapakkar með Avensis Touring Sports og Avensis Sedan hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota. Avensis skortir ekkert í tækni eða fágúðu útliti og nú er rétti tíminn til að eignast þennan bíl með stórglæsilegum sumarauka í kaupbæti.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)

**VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM**

**Kynntu þér Toyota FLEX**

- nýja leið til að eignast Toyota bifreið

**Lág  
innborgun**

**Tryggt  
fram tíðarvirði**

**Fastar  
mánaðargreiðslur**



**Toyota Kaupúni**  
Kaupúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á [www.toyota.is](http://www.toyota.is)  
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er.  
Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

## Gífurlegt tjón



Mikið tjón hefur orðið á indónesísku eyjunni Jövu í vikunni vegna flóða og aurskríða. Alls eru nítján látnir, þar af sextán í bænum Garut á austurhluta Jövu. Níu er enn saknað, þar af átta í Garut, eftir að tvær ár sem renna í gegnum bæinn flæddu yfir bakka sína. Vegir og byggingar stórskemmdust sömuleiðis. NORDICPHOTOS/AFP

## Kvartaði við ráðherra undan ráðuneytisstjóra

Ráðuneytisstjóri ræddi við nefndarmann í fjárlaganefnd um ásakanir á hendur sér í bankaskýrslu Vigdísar Hauksdóttur. Nefndarmaðurinn telur sér hafa verið hótað. Hefur sent kvörtun til Bjarna Benediktssonar vegna umrædds símtals.

**STJÓRNSÝSLA** Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneytinu, hringdi í Harald Benediktsson, nefndarmann í fjárlaganefnd, á föstudaginn til að ræða við hann um efni skýrslu sem þingmennirnir Vigdís Hauksdóttir og Guðlaugur Þór Þórðarson kynntu á dögunum undir heitinu „Einkavæðing bankanna hin síðari“.

Í gær lagði Vigdís fram skýrsluna á fundi fjárlaganefndar og óskaði eftir að samþykkt yrði að hún yrði send stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til meðferðar. Af því tilefni lagði Valgerður Gunnarsdóttir fram bókun þar sem tekið er undir þá kröfu að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd rannsaki málið.

„Þingmenn innan stjórnarmeirihluta fjárlaganefndar hafa fengið beinar hótanir um æru- og eignamissi frá háttsettum embættismanni eftir að skýrslan hafði verið kynnt,“ segir í bókuninni sem Guðlaugur Þór, Ásmundur Einar Daðason, Haraldur Benediktsson og Páll Jóhann Pálsson undirrita auk Valgerðar.

Haraldur sagði síðan í yfirlýsingu að símtal ráðuneytisstjórans og samskipti hans við sig sem alþingismann og fulltrúa í fjárlaganefnd væru óviðeigandi og hótunin í sinn garð væri grafalvarleg.

Sagðist Haraldur hafa leitað leiðbeininga frá Umboðsmanni Alþingis, upplýst forseta Alþingis um efni



Vigdís Hauksdóttir, formaður fjárlaganefndar, og Guðlaugur Þór Þórðarson varaformaður kynntu skýrsluna fyrir fréttamönnum á dögunum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

símtalsins og sent kvörtunarbréf til Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra.


Í yfirlýsingu sem Guðmundur Árnason sendi frá sér í gær segir hann að í samtali sínu við Harald hefði hann tjáð Harald þá skoðun sína „að ásakanir í skýrslu sem að sögn nýtur stuðnings meirihluta nefndarinnar, þar á meðal hans, feli í sér rætnar og alvarlegar ásakanir á hendur þeim sem komu að samningum milli gömlu og nýju bankanna að hálfu ríkisins“, eins og segir í yfirlýsingunni.

Guðmundur segist hafa viljað ganga úr skugga um að Haraldur áttæði sig á alvarleika slíkra ásakana og að umræddir starfsmenn áskildu sér rétt til að láta reyna á persónulega

ábyrgð þeirra sem slíku héldu fram fyrir dómstólum, enda æra þeirra og starfsheiður að veði.

Guðmundur kveðst ekki hafa átt önnur samtöl við þingmenn um þetta mál. „Sé það upplifun Haraldar að samtalið hafi falið í sér hótun af minni hálfu er hann beðinn velvirðingar á því,“ segir hann í yfirlýsingunni.

Þá minnir Guðmundur á að Guðlaugur Þór hafi opinberlega beðist afsökunar á orðalagi í skýrslunni sem skilja mátti sem „árásir á embættismenn og sérfræðinga“, svo notuð séu orð hans. „Það liggur í eðli máls að slíkt lætur enginn sér í léttu rúmi liggja og í því samhengi átti tilvitnað samtal sér stað,“ segir Guðmundur. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)



FRÁ:

# OLÍS

TIL:

# CHIC AGO

Ferðatímabil: 2.–19. desember.


Báðar leiðir

## 39.900


 Vildarpunktur  
Icelandair
Þú bætir við **18.045** kr. (skattar og gjöld)

## GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegis 22. sept. til kl. 12 á hádegis 23. sept.



Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.



## Kynntu þér málið á [olis.is](http://olis.is)



# HINN EINI SANNI SLÁTURMARKAÐUR

## Í HAGKAUP KRINGLUNNI


AFGREITT ÞRIÐJUDAGA - LAUGARDAGA FRÁ KL. 14-18

ÓFROSID OG FERSKT  
DAGLEGA!



Heilslátur 5 ferskt	5.699 kr/pk
Heilslátur 3 ferskt	3.799 kr/pk
Heilslátur 5 ferskt án blóðs	5.599 kr/pk
Heilslátur 3 án blóðs	3.599 kr/pk
Pindar	399 kr/kg
Eistu	599 kr/kg
Blóð 1 L	199 kr/pk
Mör	169 kr/kg
Sviðahausar hreinsaðir	599 kr/kg
Vambir 3 stk	1.199 kr/pk

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla



FRÁ:

# OLÍS

TIL:

# DEN VER

Ferðatímabil: 4. nóv.-14. des.


Báðar leiðir

## 39.900


 Vildarpunktur  
Icelandair
Þú bætir við **18.045** kr. (skattar og gjöld)

## GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegi 22. sept. til kl. 12 á hádegi 23. sept.



Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.



## Kynntu þér málið á olis.is

# Nýta sér athyglina og vilja eiga vörumerkið

Breska matvöruverslanakeðjan Iceland hefur nýtt sér þá auknu athygli sem Iceland vekur erlendis. Íslenskir framleiðendur hafa áhyggjur af því að fyrirtækið vilji takmarka notkun annarra á vörumerkinu Iceland.

**DÓMSMÁL** „Málið sem er til skoðunar núna á sér talsverðan aðdraganda og hefur þegar mikil vinna farið fram af hálfu Samtaka atvinnulífsins og hóps aðildarfyrirtækja þess í samstarfi við Íslandsstofu og utanríkisráðuneytið,“ segir Bergþóra Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Samtökum atvinnulífsins.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að til greina kæmi að höfða mál til þess að krefjast ógildingar á skráningu bresku matvöruverslanakeðjunnar Iceland á vörumerkinu Iceland í ríkjum innan Evrópusambandsins.

Í fréttinni var greint frá því að Íslandsstofa hefði skráð vörumerkið Inspired by Iceland víða erlendis. Breska matvörukeðjan Iceland hefði andmælt þegar vörumerkið hefði verið skráð fyrir vöruflokka sem skarast á við þá flokka sem vörumerki verslanakeðjunnar er skráð fyrir. Samkvæmt upplýsingum sem Fréttablaðið fékk eftir að fréttin birtist í gær á þetta við um fleiri íslenska framleiðendur en þá sem markaðssetja vörur sínar undir Inspired by Iceland.

Það mun ekki síst hafa farið fyrir brjóstið á íslenskum framleiðendum að á sama tíma og matvöruversl-

Attracting the most interest in Europe you say Clue? Never in question. It's the rock #ComeOnIceland #FRAISL.



Iceland Foods | @IcelandFoods · Ad 3  
Let's go @FootballIceland #ComeOnIceland #FRAISL



Skjaskot af Twitter-síðu Iceland sýnir áhuga fyrirtækisins á íslenska liðinu.

unin nýtir sér þá jákvæðu athygli sem Ísland hefur fengið, til dæmis í kringum Evrópumótið í knattspyrnu í sumar, sé fyrirtækið á sama tíma að freista þess að útiloka íslenska framleiðendur frá notkun vörumerkisins.

Bergþóra segir að upprunalega hafi deilan verið vegna vörumerkja-skráningar fyrirtækisins í Bretlandi

Það sem við höfum talið óheppilegt er að Iceland Foods hefur ekki einungis skráð myndmerki sitt heldur sjálft orðmerkið Iceland.

Bergþóra Halldórsdóttir lögfræðingur

en það sem sé nú til skoðunar varði Evrópuskráningu á vörumerkinu.

„Það er ekki verið að finna að því að breska matvöruverslanakeðjan Iceland Foods hafi nefnt verslanir sínar í höfuðið á ensku landheiti okkar en það sem við höfum talið óheppilegt er að Iceland Foods hefur ekki einungis skráð myndmerki sitt heldur sjálft orðmerkið Iceland,“ segir Bergþóra.

Ástæða sé til að hafa áhyggjur af því að slík skráning geti falið í sér takmörkun á rétti annarra til að nota orðið Iceland í vörumerkjum sínum.

„Höfum við fyrst og fremst haft hag íslenskra fyrirtækja í huga í þeim efnum, þeirra sem eru að flytja út íslenskar afurðir eða hugvit og vilja tengja sig við uppruna sinn,“ segir Bergþóra. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

# ÚTSALA

# 15-50%

afsláttur af umgjörðum

PPA/TBWA - SA

MJÓDDIN  
Sími 587 2123FJÖRÐUR  
Sími 555 4789SELFSS  
Sími 482 3949

Gleraugnaverstunin þín



DISCOVERY SPORT

# ÞÆGILEG STÆRÐ, YFIRBURÐA HÆFILEIKAR



ABOVE & BEYOND



Nýr Discovery Sport er rúmgóður jeppi sem til er í 5 og 7 manna útfærslu. Discovery Sport er með nýrri sparneytinni INGENIUM dísilvél og ríkulegan staðalbúnað, upphitaða framrúðu, nýja 9 þrepa sjálfskiptingu og hið annálaða tölvustýrða Land Rover Terrain Response® drifkerfi.

Discovery Sport dísil sjálfskiptur kostar frá 6.890.000 kr.


[www.landrover.is](http://www.landrover.is)

ENNEWM / SIA / NMT6971

VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / [www.bl.is](http://www.bl.is)





FRÁ:

# OLÍS

TIL:

# PARÍS

Ferðatímabil: 3. nóv.–20. des.


Báðar leiðir

**29.990** Vildarpunktur Icelandair


Þú bætir við **11.115** kr. (skattar og gjöld)

## GILDIR Í 24 STUNDIR

Frá kl. 12 á hádegis 22. sept. til kl. 12 á hádegis 23. sept.



Vildarpunktasöfnurum Olís býðst nú einstakt Vildarpunktatilboð á borgarferðum með Icelandair.



## Kynntu þér málið á olis.is



Lilja Rafney Magnúsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björt Ólafsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Jón Gunnarsson. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill slíta rammann í sundur og flýta nýtingu

Jón Gunnarsson telur ástæðu til að fresta ákvörðun um verndarflokk og biðflokk í þriðja áfanga rammaáætlunar. Hann vill samþykkja nýtingarflokkinn úr atvinnuveganefnd til að hægt sé að virkja sem fyrst. Minnihlutinn telur þetta óásættanlegt.

**STJÓRNMÁL** Jón Gunnarsson, formaður atvinnuveganefndar, vill samþykkja nýtingarflokk rammaáætlunarinnar fyrir þinglok en frysta bið- og verndarflokk svo hægt sé að rannsaka þá virkjunarkosti betur.

Lilja Rafney Magnúsdóttir, þingkona VG, segir hugmyndir Jóns ekki í takt við góða stjórnarhætti.

Kveðið var á um í lögum um rammaáætlun að samfélagslegt og efnahagslegt mat virkjana ætti að fara fram. Faghópurinn sem átti að sjá um þann hluta komst að þeirri niðurstöðu að hann gæti ekki lagt mat á virkjanakosti sökum tímapressu og fjárskorts.

„Það var ekki unnið eftir lögum við vinnu faghópa verkefnisstjórnar. Því er ekki hægt að festa í vernd ákveðnar virkjanahugmyndir og heilu land-

svæðin fyrir norðan og austan,“ segir Jón. „Hér eru undir gríðarlegir hagsmunir og því þarf að vanda til verka.“

Jón telur frekari raforkuframleiðslu nauðsynlega og að hefjast þurfi handa sem fyrst. Rafmagn sé uppurið og stórframkvæmdir komist ekki á koppinn, svo sem sólar- og vindverksmiðja í Hvalfirði. Hann vill því samþykkja nýtingarflokkinn en frysta hina flokkana til bráðabirgða.

„Ég fullyrði að það sé meirihluti fyrir því að keyra þetta þannig út úr þinginu, að nýtingarflokkurinn fari áfram en við frestum afgreiðslu á bið- og verndarflokknum. Ég hef hins vegar sagt að þetta verði ekki gert nema í fullu samræði allra,“ bætir Jón við.

Lilja Rafney segir þessar hugmyndir ekki koma til greina.

„Það er alveg á hreinu að við samþykkjum ekki að slíta þetta svona í sundur,“ segir hún. „Rammaáætlun er ein heild og tökum hana þannig inn í þingið. Ég mun allavega ekki fallast á þessar hugmyndir Jóns.“

Björt Ólafsdóttir tekur í sama streng og segir augljóst að meirihluti fyrir þingsályktunartillögu umhverfisráðherra sé ekki fyrir hendi og tülkar það sem vantraust á ráðherra.

„Við höfum aðeins fundað tvisvar sinnum um rammann í atvinnuveganefnd. Fyrir mér mun ekki koma til greina að slíta rammaáætlun í sundur og afgreiða bara virkjunarhlutann. Svo virðist sem ekki eigi að afgreiða málið. Sjálfstæðismenn telja of marga orkukosti flokkaða í verndarflokk,“ segir Björt. sveinn@frettabladid.is

# Tækifæri



SIEMENS

**Ryksuga**

Orkuflokkur B. Útblástur A. Parkett og flisar, flokkur D. Teppí, flokkur E.

Tækifærisverð: VS 06B120

**15.900 kr.**

Fullt verð: 19.900 kr.



10 ára ábyrgð á iOdrive mótornum.

A+++ Orkuflokkur

8 kg Tekur mest

SIEMENS

**Þvottavél**

Vindur upp í 1400 sn./mín. Kolalaus, hljóðlátur mótur með 10 ára ábyrgð.

Tækifærisverð: WM 14P4E8DN

**99.900 kr.**

Fullt verð: 139.900 kr.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 • Sími 520 3000  
www.sminor.is


# DEBENHAMS

**20%**  
AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM  
HERRAVÖRUM OG  
HERRAILMUM\*

**FLOTT OFURTILBOÐ - BARA Í DAG!  
40% AFSLÁTTUR**

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum  
Gildir út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

**OPIÐ TIL 22:00 Í KVÖLD**

DEBENHAMS SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR



Maður í götunni eftir að lögreglumaður skaut hann. NORDICPHOTOS/AFP

## Lögreglumenn sárir í Charlotte mótmælum

**BANDARÍKIN** Tólf lögreglumenn særðust í mótmælum í fyrrinótt í bænum Charlotte í Norður-Karólínu. Mikill mannföldi var að mótmæla lögregluofbeldi.

Fyrr um daginn hafði lögreglumaður banað óvopnuðum, þel-dökkum manni. Keith Lamont Scott hét hann og var 43 ára.

Lögreglan sagði í fyrstu að Scott hefði verið vopnaður en ættingjar hans sögðu hann hafa verið með bók í hönd, ekki byssu. – gb

## Bandaríkin vísa ábyrgð á Rússa

**SÝRLAND** Bandarísk stjórnvöld halda enn fast við að Rússar beri ábyrgð á loftárásinni á bílalest með hjálpargögn nálægt Aleppo í Sýrlandi á mánudag.

Tvær rússneskar herþotur hafi verið á ferð þar á sama tíma og árásin var gerð. Jafnvel þótt sprengjunum hafi ekki verið varpað frá þeim hafi Rússar átt, samkvæmt vopnahléssamningi, að bera ábyrgð á því að sýrlenski stjórnarherinn héldi sig á mottunni á þessu svæði. – gb

# Umferðarmál í Reykjavík í salti

Ekki stendur til að gera neitt frekar til að fækka slysum á hættulegustu gatnamótum landsins sem tengja Grensásveg við Miklubraut allavega til 2022. Öll tuttugu hættulegustu gatnamót landsins eru ljósastýrð.

## Slys með meiðslum á tímabilinu 2004-2014



Það skortir bæði fé og svo þarf Reykjavíkurborg að gefa út framkvæmdaleyfi. Svona framkvæmdir verða bara gerðar með þeirra samþykki.

G. Pétur Matthíasson

umferðarmálum, segir að umferðarmál í Reykjavíkurborg séu í lamasessi en hann bauð sig fram í fimmta sæti á lista Sjálfstæðisflokksins árið 2013.

„Erlendis er talað um að ljósastýrð gatnamót séu í raun sofandi morðingi, því ef eitthvað klikkar þar gerist eitthvað slæmt. Tuttugu hættulegustu gatnamót landsins eru ljósa-

stýrð. Það var búið að gera ráð fyrir að gera nokkur stór gatnamót mislæg en þau voru öll tekin út þegar gerður var samningur árið 2012 milli ríkis og sveitarfélaga um að niðurgreiða almenningssamgöngur í tíu ár. Það er því ekkert að fara að gerast í borginni til 2022.“ segir Ólafur Kr. Guðmundsson. [benediktboas@frettabladid.is](mailto:benediktboas@frettabladid.is)



## Volkswagen Crafter Extreme Edition

Volkswagen Crafter er hannaður til að takast á við krefjandi verkefni þar sem styrkur og notagildi eru í forgangi. Crafter er einstaklega hagkvæmur og er með mjög öflugum en jafnframt sparneytnum dieselvélum. Volkswagen Crafter er með 3 ára ábyrgð og allt að 250.000 km akstur.

Líttu við og í sýningarsal VW Atvinnubíla og kynntu þér einstaklega vel útbúinn Volkswagen Crafter Extreme Edition.

### Staðalbúnaður

- Rennihurðir á báðum hliðum
- 16" stálfelgur
- Lokað skilrúm með glugga
- ABS / EBV
- ESP stöðugleikastýring og spólvörn
- Bekkur fyrir 2 farþega með geymslukassa
- Loftþúðar fyrir ökumann og farþega
- Útvarp með SD kortarauf
- Klukka
- Fullkomin aksturstölv
- Glasahaldari
- Fjarðstýrðar samlæsingar
- Rafstýrðir upphitaðir hliðarspeglar
- Hæðarstillanlegt öryggisbelti
- 270° opnun á afturhurðum

### Mögulegur valbúnaður

- Dráttarbeiðli 180.000. kr m/vsk

### Aukalega í Volkswagen Crafter Extreme Edition

- Hraðastillir (Cruise control)
- Bluetooth símerfi
- Hiti í bílstjórásæti
- Fjarandi hæðastillanlegt ökumannssæti með armpúða
- Vélarhitari með fjarstýringu og tímastilli
- Rafmagns-miðstöðvarhitari
- Aðgerðastýri
- Fjarlægðaskynjarar með bakkmyndavél
- Díóðulýsing í flutningsrými
- Klæðning og rennur í flutningsrými

Crafter Extreme Edition kostar aðeins frá **4.596.774 kr. án vsk**

Fyrir erfiðustu verkin

Til afhendingar strax!

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík



Atvinnubílar

# SENSAI

CELLULAR PERFORMANCE  
WRINKLE REPAIR

www.sensai-cosmetics.com

1



2

3

Hin eina sanna þríþætta tækni\*  
sem spornar gegn öldrun húðarinnar

Styrkir náttúrulega virkni kollagens í húðinni.

Skin enriched with the moisture of Silk

SENSAI DAGAR Í HAGKAUP  
22.-28. SEPTEMBER.

\*Byggt á upplýsingum um innihaldsefni frá SENSAI.



GLÆSILEGUR KAUPAUKI  
FYLGI ÖLLU KEYPTUM  
SENSAI ANDLITSKREMUM\*\*

\*\*Meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla

# Í KVÖLD ER HERRAKVÖLD

FRÁBÆR TILBOÐ OG SPENNANDI DAGSKRÁ

## DAGSKRÁ FRÁ KL. 19

**UPPISTAND** Björn Bragi og Ari Eldjárn

**POP-UP** rakarastofa í boði Modus

**TRYLLITÆKI** mótörhjól og lúxusbílar

**BJÓRSKÓLI** Ölgerðarinnar á svæðinu

**TRÚBADOR** Arnar Ingi

**SÆLKERASMAKK** víða um hús  
og fjölmargt fleira spennandi

## VINNUR ÞÚ?

Taktu þátt í happdrættinu.  
Fjöldi glæsilegra vinninga.

Opið  
til 22



<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum</p> <p><b>PANDORA</b> ÖGLEÝMANLEG AUGNABLIK</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum í herradeild</p> <p><b>Levi's</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum glösum og grillvörum 10% afsláttur af öðrum vörum</p> <p><b>Lif&amp;Lif</b> SMÁRALIND</p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum símaaukahlutum</p> <p><b>Blekhyli.is</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum í herradeild, herrailmum og af Red Herring dömufatnaði</p> <p><b>DEBENHAMS</b> SMÁRALIND</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum herraskartgripum og af öllum Uppsteyt skartgripum</p> <p><b>Jens</b></p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af verði allra vörutegunda</p> <p><b>THE BODY SHOP</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>25%</p> <p>af öllum vörum nema gildir ekki með öðrum tilboðum</p> <p><b>Dressmann</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>25%</p> <p>af öllum vörum nema gildir ekki með öðrum tilboðum</p> <p><b>XL</b> Dressmann</p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af barnagæslu</p> <p><b>SMÁRA TIVOLI</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af Gear VR gleraugum</p> <p><b>vodafone</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>2 FYRIR 1</p> <p>á Don't Breathe kl. 22.10</p> <p><b>SMÁRA BÍÓ</b></p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af völdum vörum</p> <p>極度乾燥(しなさい) <b>Superdry.</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum nema hörðum ferðatöskum</p> <p><b>Drangey</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum herrafatnaði og herraskóm</p> <p><b>ÚTILÍF</b></p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum</p> <p><b>CORNER</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20%</p> <p>af öllum vörum</p> <p><b>JACK &amp; JONES</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15%</p> <p>af öllum vörum</p> <p><b>VERO MODA</b></p>

Tilboð í allan dag



# Freistandi tilboð og frábær skemmtun

Opið til  
**22**

AFSLÁTTUR

15%  
af öllum vörum

**VILA**  
CLOTHES

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum

**name it.**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum

**SELECTED**  
FEMME

AFSLÁTTUR

30%  
af öllum erlendum bókum  
20% af kiljum og tímaritum  
Ýmis önnur tilboð

**ÞANN** Eymundsson

AFSLÁTTUR

2 FYRIR 1  
af öllum Finucci skyrtum  
40-50% afsláttur af völdum vörum

*fierra*  
**GARÐURINN**  
-klæðir þig vel

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum

**TOPSHOP**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum

**DOROTHY PERKINS**

AFSLÁTTUR

20-30%  
afsláttur af hár- og snyrtivörum

**MODUS**  
SMARALIND Hárstofa

AFSLÁTTUR

20%  
afsláttur af öllum skóm

**skórnir þínir**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum tengdum  
skóburstun

**SKÓ MEISTARINN**

AFSLÁTTUR

20%  
af skóm, töskum og klútum  
3 fyrir 2 af skarti

**MOA**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum gallabuxum og 10%  
afsláttur af öðrum vörum

**galleri sautján**

AFSLÁTTUR

**TAX FREE**  
af öllum vörum

**A4**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum skóm

**STEINAR WAAGE**  
SKÓVERSLUN

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum skóm

**Kaupfélagið**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum vörum

**AIR**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum þekktustu merkjunum  
í sólgleraugum

**Optical Studio**

AFSLÁTTUR

20%  
af öllum fatnaði frá iglo+indi og  
önnur vegleg tilboð

**iglo+indi**



# Tilboðin gilda í allan dag

# Opið til 22

<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af öllum vörum</p> <p><b>KARAKTER</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af drykkjum á drykkjaseðli</p> <p><b>TE &amp; KAFFI</b></p>	<p>TILBOÐ</p> <p>2.900 kr. nautasteik m/ bearnaise og frönskum 1.890 kr. bearnaise-borgari m/frönskum eða mexíkósalati</p> <p><b>CAFÉADESSO</b></p>	
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum gildir ekki með öðrum tilboðum</p> <p><b>comma,</b></p>	<p>TILBOÐ</p> <p>1.659 kr. nautakjöts-feta quesadilla og Kristall</p> <p><b>serrano</b> FRESH * HAPPY * MEX</p>	<p>TILBOÐ</p> <p>6" 990 kr. 12" 1.590 kr. bátur að eigin vali með gosi</p> <p><b>HLÖLLA BÁTAR</b></p>	
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum aukahlutum</p> <p><b>Síminn</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum nema trúlofunarhringum</p> <p><b>JÓN &amp; ÓSKAR</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum herraskóm 15% af ökklastígvélum</p> <p><b>focus</b></p>	
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af skóm frá Sixty Seven</p> <p><b>gs skór</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum dömu- og herra yfirhöfnum</p> <p><b>SPRINGFIELD</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af dömu- og herrayfirhöfnum í Cortefiel sem opnar kl. 17 í dag</p> <p><b>CORTEFIEL</b></p>	
<p>TILBOÐ</p> <p>Glæsileg tilboð</p> <p><b>women'ssecret</b> PRETTY, COMFORTABLE &amp; SEXY</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af völdum vörum</p> <p><b>CINTAMANI</b> WWW.CINTAMANI.IS</p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p><b>LINDEX</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>3 FYRIR 2 af öllum vörum</p> <p><b>SIX</b></p>
<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af öllum vörum</p> <p><b>ESPRIT</b></p>	<p>TILBOÐ</p> <p>1.099 kr. allir 12" bátar og miðstærð af gosi</p> <p><b>SUBWAY</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>20% af hátölurum</p> <p><b>EPLI</b></p>	<p>AFSLÁTTUR</p> <p>15% af LEGO Technic Porsche 911 GT3 RS</p> <p><b>LEGO</b> Legóbúðin Smáralind</p>



# Stefna á tífoldun í framleiðslu eldisfisks

Sjókviaeldisfyrirtæki hafa óskað eftir því að geta framleitt um 150 þúsund tonn af eldisfiski árlega. Vöxturinn er í laxeldi í sjó. Nú eru fimmtán þúsund tonn framleidd af fiski á ári. Um fjögur hundruð störf eru í greininni og áætlað að þau verði eitt þúsund árið 2020.

**SJÁVARÚTVEGUR** Fyrirtæki í sjókviaeldi vonast til að tífalda framleiðsluna á næstu árum. Fiskeldisfyrirtæki landsins hafa sótt um leyfi til að framleiða yfir 150.000 tonn af fiski á hverju ári en nú eru um 15.000 tonn framleidd í öllum tegundum.

„Það tekur langan tíma að byggja upp eldið og því ljóst að takmörkun fiskeldissvæða til verndar villtum laxastofnun þýðir að miklar rannsóknir munu þurfa að fara fram á burðarþoli svæðanna áður en hægt er að framleiða þetta magn,“ segir Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva.

Vöxtur greinarinnar er mestmegnis bundinn við sjókviaeldi og svæðin hér á landi sem skilgreind hafa verið sem svæði fyrir þann iðnað eru þrjú: Austfirðir, Vestfirðir og Eyjafjörður. Atvinnusköpun sem af eldisstarfseminni hlýst, sem og afleidd störf, hefur verið til þessa talinn sterkur grunnur undir byggð sem hefur verið í vörn síðustu ár.

„Við teljum að rúmlega þúsund störf verði í greininni fyrir árið 2020 og þá á eftir að telja öll afleidd störf sem verða til við að þjónusta greinina,“ segir Höskuldur.

Arnarlax, Fiskeldi Austfjarða, Arctic Sea Farm eða Dýrfiskur og Laxar fiskeldi eru stærstu sjókviaeldisfyrirtækin og stefna hátt. Nú starfa



Sjókviaeldi er ört vaxandi atvinnugrein á Austfjörðum. MYND/FISKELDI AUSTFJARÐA

um 400 manns beint við eldi í landinu og með stöðugum vexti verður hægt að fjölga störfum. Vestfirðir hafa í langan tíma barist við slæmar horfur í atvinnulífi lítilla sjávarþorpa

og ef áform ganga eftir gæti íbúum á Vestfjörðum fjölgað aftur.

„Sameinuðu þjóðirnar hvetja til dæmis þjóðir heims til að standa fyrir auknu fiskeldi þar sem því

verður við komið. Villtir fiskistofnar munu ekki standa undir þeirri mannfjöldaaukningu sem spár næstu fimmtíu ára gera ráð fyrir,“ segir Höskuldur.

Villtir fiskistofnar munu ekki standa undir þeirri mannfjöldaaukningu sem spár næstu fimmtíu ára gera ráð fyrir.

Höskuldur Steinarsson, framkvæmdastjóri Landssambands fiskeldisstöðva



## Matvælaframleiðsla á Íslandi í tonnum á ári

FISKELDI	HROSSAKJÖT
15.000	946
LAMBAKJÖT	SVÍNAKJÖT
10.185	6.806
NAUTAKJÖT	ALIFUGLA-KJÖT
3.605	8.328

Landssamband fiskeldisstöðva telur gjaldyrstekjur þjóðarinnar af greininni nú um 15 milljarða króna. Sú tala verði komin í 50 milljarða árið 2020. sveinn@frettabladid.is

## Dómarar leggi hagsmuni sína á borðið segja prófessor og hæstaréttarlögmaður

**DÓMSMÁL** Fyrirverandi hæstaréttardómari og prófessor emeritus við HÍ telja mikilvægt að upplýsingar um hagsmuntengsl dómara séu opinberar. Aukið gagnsæi auki traust almennings til dómstóla.

„Þegar menn eru búnir að taka við starfi sem dómarar, og fara þar með með þýðingarmikið vald til þess að taka ákvarðanir í málefnum fólksins í landinu, þá verða þeir að sæta því að það birtist opinberlega upplýsingar um hugsanlegar hagsmunatengingar þeirra,“ segir Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrirverandi hæstaréttardómari.

Fréttablaðið hefur sagt frá því að innanríkisráðuneytið hafi hafnað tillögu nefndar um dómastörf frá 2014 um að reglur um eignarhluti dómara í félögum yrðu þannig að nefndin gæti haldið opinbera skrá um þá. Ráðuneytið heimilaði þó að ákvæði um opinbera skrá yfir aukastörf færu í frumvarp að nýjum dómstólalögum sem samþykkt var á Alþingi í júní.

Mér finnst þetta svo augljóst að það þurfi varla að tala um þetta.

Jón Steinar Gunnlaugsson, fyrirverandi hæstaréttardómari



Mín skoðun er nú sú að þetta verði nú helst allt að vera uppi á borðinu.

Stefán Már Stefánsson, prófessor við lagadeild HÍ



Jón Steinar segir mikilvægt að upplýsingar um eignarhluti dómara í félögum og atvinnufyrirtækjum séu opinberar. „Mér finnst þetta svo augljóst að það þurfi varla að tala um þetta,“ segir hann. „Slíkar upplýsingar og gagnsæi eru til þess að auka traust manna á dómstólum.“

Að mati Stefáns Mús Stefánssonar, prófessors emeritus við Háskóla Íslands og sérfræðings í réttarfari, á opinber hagsmunaskráning að eiga ekki síður við handhafa dómstóls en handhafa löggjafarvaldsins. Þetta sé mikilvægt þar sem dómara beri ábyrgð á því hvernig réttaröryggi kemur fram út á við.

„Mín skoðun er nú sú að þetta verði nú helst allt að vera uppi á borðinu. „Það er traustid og trúverðugleiki sem er alfa og omega í þessu.“

Samkvæmt nefndinni hafa dómara sex sinnum tilkynnt eða afllað heimildir frá nefndinni um að eiga hlut í félögum. Ein tilkynning hefur borist frá 15. maí 2010. – hlh

## Þjónustusláturhús á að þjóna bændum

**BORGARNES** Slátrun hefst að nýju í Brákarey í Borgarnesi í október eftir nokkurra ára hlé þegar svokallað þjónustusláturhús tekur til starfa í eyinni.

Það er fyrirtækið Sláturhús Vesturlands hf. sem rekur sláturhúsið sem er í húsnæði sem áður hýsti stórgripaslátrun á vegum Kaupfélags Borgfirðinga. Fyrirtækið er í eigu bræðranna Jóns Sævars, Kristins og Snorra Þorbergssonar auk Guðjóns Kristjánssonar sem er sláturhússtjóri. Síðast var slátrað í Brákarey árið 2007.

Að sögn Guðjóns sláturhússtjóra er tölverður áhugi fyrir starfseminni og eru þó nokkrir bændur í Borgarfirði og nágrenni búnir að hafa samband og panta slátrun.

„Við erum fyrst og síðast að þjónusta kunnana, það er bændurna sjálfa, og ætlum okkur að gera þá í stakk búna að selja kjöt beint frá býli. Þess vegna köllum við húsið



Aðalsteinn Sigurðsson sölustjóri og Guðjón Kristjánsson sláturhússtjóri.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

þjónustusláturhús. Ef þess er óskað þá munum við líka sjá um að koma kjötinu til kaupandans fyrir hönd bóndans,“ segir Guðjón.

Að sögn Guðjóns verður eingöngu slátrað sauðfé í haust. Þó sé áformað að slátra stærri gripum.

„Við höfum leyfi til að slátra um 350 fjár á dag, en eigum eftir að sjá hver áhuginn verður. Við höfum líka leyfi til að slátra stærri gripum og höfum áhuga á fá þá til okkar með tímanum,“ segir Guðjón sem kveðst bjartsýnn á framhaldið. – hlh

## AUKA-ÁRSFUNDUR 2016

**Aukaársfundur Sameinaða lífeyrissjóðsins** fimmtudaginn 29. september nk. kl. 16.00 á Grand Hótel, Sigtúni 38, Reykjavík.

Á fundinum verður tekin fyrir tillaga stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins um sameiningu við Stafi lífeyrissjóð.

Auk kjörinna fulltrúa eiga allir sjóðfélagar og réttthafar séreignarsparnaðar rétt til setu á fundinum.

Stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins

Hægt verður að fylgjast með beinni útsendingu frá fundinum á vefsíðu sjóðsins, lífeyrir.is

Sundagörðum 2  
104 Reykjavík  
510 5000  
lífeyrir.is



BETRI NOTAÐIR BÍLAR

# BETRI NOTAÐIR BÍLAR Á BETRA VERÐI



TOYOTA

ALWAYS A  
BETTER WAY

## HÉR ERU NOKKUR DÆMI:

BNB



Toyota Auris W/G Active  
Bensín Sjálfsk.  
Á götuna 03.15 Ekinn 7.250 km.  
Verð 3.650.000,-  
**Betra verð 3.350.000,-**

BNB



Toyota Avensis W/G Live  
Bensín Beinsk.  
Á götuna 05.15 Ekinn 30.708 km.  
Verð 3.450.000,-  
**Betra verð 2.950.000,-**

BNB



Toyota Proace Langur GX  
Dísil Sjálfsk.  
Á götuna 10.13 Ekinn 70.375 km.  
Verð 3.590.000,-  
**Betra verð 3.290.000,-**

BNB



Toyota LandCruiser 150 VX  
Dísil Sjálfsk. Aukasæti.  
Á götuna 06.13 Ekinn 99.000 km.  
Verð 8.870.000,-  
**Betra verð 7.850.000,-**

BNB



Toyota Auris H/B Live  
Bensín Sjálfsk.  
Á götuna 05.15 Ekinn 29.500 km.  
Verð 3.150.000,-  
**Betra verð 2.750.000,-**

BNB



Toyota Auris H/B Live  
Bensín Beinsk.  
Á götuna 05.15 Ekinn 35.700 km.  
Verð 2.760.000,-  
**Betra verð 2.430.000,-**

BNB



Toyota Auris Active Hybrid Glerþak  
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.  
Á götuna 06.15 Ekinn 14.240 km.  
Verð 3.770.000,-  
**Betra verð 3.390.000,-**

UB



Lexus CT-200 EXE Hybrid  
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.  
Á götuna 06.15 Ekinn 3.000 km.  
Verð 4.850.000,-  
**Betra verð 4.450.000,-**

BNB



Toyota Yaris H/B Live  
Bensín Beinsk.  
Á götuna 05.15 Ekinn 38.400 km.  
Verð 2.290.000,-  
**Betra verð 1.990.000,-**

BNB



Toyota Auris Wagon Active  
Dísil Beinsk  
Á götuna 03.15 Ekinn 8.700 km.  
Verð 3.450.000,-  
**Betra verð 3.150.000,-**

BNB



Toyota Auris H/B Active Hybrid  
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.  
Á götuna 06.16 Ekinn 800 km.  
Verð 3.870.000,-  
**Betra verð 3.590.000,-**

BNB



Toyota Prius Plug-in Hybrid  
Bensín/Rafmagn Sjálfsk.  
Á götuna 07.15 Ekinn 10.000 km.  
Verð 4.650.000,-  
**Betra verð 3.990.000,-**

## BETRI NOTAÐIR BÍLAR VEITA ÞÉR HUGARRÓ

Þeir hafa staðist okkar ströngustu kröfur í 125 punkta gæðaskoðun og eru í fullri verksmiðjuábyrgð hjá Toyota eða Lexus.

Betri notaðir bílar eru á útsvæði okkar og í sýningarsal Toyota Kaupþúni. Renndu við og veldu draumabílinn.

Framúrskarandi Toyota þjónusta. Örugger og áhyggjulaus bílaviðskipti.

Þú getur alltaf selt okkur bílinn þinn aftur.



Toyota Kaupþúni  
Kaupþúni 6  
Garðabæ  
Sími: 570-5070  
www.toyotakaupthuni.is

Opið mán - fös:  
07.45 - 18.00  
Laugardaga:  
12.00 - 16.00

BNB  
Betri notaðir  
bílar

UB  
Umboðssölu-  
bílar

ergo

SÖLUMENN OKKAR TAKA VEL Á  
MÓTI ÞÉR OG STJANA VIÐ ÞIG



40%  
styðja Donald Trump

41%  
styður Hillary Clinton

Þáttarstjórnandinn Jimmy Fallon brá sér í gerfi Donalds Trump þegar hann fékk Hillary Clinton í heimsókn í þátt sinn, The Tonight Show. NORDICPHOTOS/GETTY

# Kappræður gætu ráðið úrslitum

Fyrstu kappræður í forsetakosningabaráttunni í Bandaríkjunum fara fram aðfaranótt þriðjudags. Kappræðurnar gætu skipt sköpum. Forskot Hillary Clinton hefur minnkað verulega undanfarnar vikur.

Þórgnýr Einar Albertsson  
thorgnyr@frettabladid.is



**BANDARÍKIN** Aðfaranótt þriðjudags munu tveir fylgismestu forsetaframbjóðendurnir í Bandaríkjunum etja kappi í kappræðum. Ljóst er að frambjóðendurnir, Donald Trump úr röðum Repúblikana og Hillary Clinton úr röðum Demókrata, þurfa að standa sig vel enda getur fylgi frambjóðenda aukist verulega eftir góða frammistöðu.

Það sást síðast þegar þriðju kappræðurnar á milli Baracks Obama Bandaríkjaforseta og Repúblikanans Mitts Romney svo gott sem tryggðu Obama sigur í kosningunum. Samkvæmt greiningu tölfræðisíðunnar FiveThirtyEight getur sigurvegarinn átt von á um þriggja prósentustiga fylgisaukningu.

Undanfarnar vikur hefur Clinton verið með forskot á Trump, eða allt frá landsþingi Demókrata í lok júlí. Þegar mest var hafði Clinton nærri níu prósentustiga forskot en það

hefur nú minnkað niður í um eitt prósentustig.

Listi yfir umræðuefni kappræðanna var opinberaður fyrir í vikunni sem og form þeirra. Kappræðurnar munu standa yfir í níutíu mínútur, án hlés, og verður þeim skipt upp í fimmtán mínútna lotur.

Þau þrjú umræðuefni sem opinberuð voru eru öryggismál, framtíðarsýn og velgengni í efnahagsmálum. Þó voru þau sett fram með þeim fyrirvara að breytingar gætu orðið ef stór fréttamál koma upp.

Kappræðurnar munu fara fram í

Long Island í New York-fylki. Áhorfendur verða í salnum en þeim verður ekki heimilt að klappa, fagna eða baula á frambjóðendur svo búast má við því að þögn verði í salnum.

## Tekur sér hlé

Hillary Clinton hefur ákveðið að taka sér hlé frá formllegri kosningabaráttu til þess að undirbúa sig betur fyrir kappræðurnar. Hún mun einungis heimsækja tvö baráttufylki í vikunni, Flórída og Pennsylvaníu. Tíma sínum telur hún betur varið í að undirbúa sig með teymi sínu frá heimili sínu í Chappaqua í New York-fylki.

Fjölmiðlar vestanhafs hafa greint frá því að líklega sé hún að búa sig undir árásum Trumps á hana á grundvelli umdeilda mála. Í því samhengi eru helst nefnd vandræði hennar með tölvupóst sinn, heilsa hennar og framhjáald Bills Clinton, eiginmanns hennar. Clinton varð uppvís að því að nota einkapóstþjón fyrir tölvupóst sinn í tíð sinni sem utanríkisráðherra sem gengur gegn reglugerðum þar sem slíkir þjónar eru ekki jafn öruggir fyrir árásum og hinir opinberu. Þá hefur heilsa hennar einnig verið vandamál en hún greindist með lungnabólgu fyrir í mánuðinum.

Einnig er búist við því að hún muni snúa leik Trumps gegn honum sjálfum með beittum árásum. CNN greinir frá því að kappræðuteymi Clinton leiti að hnyttu svari sem muni fá athygli fjölmiðla. Þá er hún sögð hafa horft á frammistöðu Trumps í forvalskappræðum Repúblikana.

## Hógværari Trump

Demókratar eru sagðir hafa áhyggjur af því að Donald Trump nýti sér sviðsljósið til þess að sýna hógværari hlið á sjálfum sér. Hann muni forðast umdeild málefni líkt og loforð hans um að banna innflutning fólks frá löndum með tengsl við hryðjuverkahópa.

Þótt Trump hafi ekki sagt fjölmiðlum mikið um undirbúningsferlið hefur hann deilt á fyrirkomulagið. Trump telur fjölmiðla vinna gegn sér og það hann því um að enginn stjórnandi yrði í kappræðunum. Einungis hann og Clinton ein gegn hvort öðru á sviðinu. Þeirri tillögu var hins vegar hafnað og mun Lester Holt frá NBC stýra kappræðunum.

## Eftirminnileg atvik úr kappræðum

### Gerald Ford, 1976

Þegar Repúblikaninn Gerald Ford, þáverandi forseti, atti kappi við Demókratann Jimmy Carter sagði hann að í sinni forsetatíð hefðu Sovétríkin engin yfirráð yfir Austur-Evrópu. Átti það eftir að reynast honum dýrkeypt þar sem fjölmiðlar fjölluðu um fátt annað næstu daga og hæddust að forsetanum en flestir vissu að ítök Sovétríkjanna á svæðinu væru mikil og varð mönnum tíðrætt um svokallað jánrtjald.



### Ronald Reagan, 1984

„Ég mun ekki gera aldur að kosningamáli. Ég ætla ekki að nýta mér æsku og reynsluleysi mótfrembjóða míns í pólitískum tilgangi.“ sagði Ronald Reagan, þáverandi forseti, í kappræðum gegn Demókratanum Walter Mondale. Ummælin voru svar við spurningu um aldur hans sjálfs en Reagan var þá elsti forseti í sögu Bandaríkja. Salurinn hló að ummælunum og Mondale líka en Mondale var 56 ára og hafði þjónað sem öldungadeildarþingmaður í tólf ár og varaforseti í fjögur.



### Lloyd Bentsen, 1988

Ein eftirminnilegustu ummæli kappræðusögunnar voru í varaforsetaefnakappræðum á milli Lloyds Bentsen, varaforsetaefnis Demókratans Michaels Dukakis, og Dans Quayle, varaforsetaefnis George H.W. Bush. Quayle var spurður út í ungan aldur sinn, 42 ár, og hvort hann hefði nægilega reynslu til að verða forseti ef Bush félli frá. Í svari sínu minnti Quayle á að John F. Kennedy hefði verið 46 ára þegar hann varð forseti. Svaraði Bentsen þá: „Ég þjónaði undir Jack Kennedy. Ég þekkti Jack Kennedy. Jack Kennedy var vinur minn. Þingmaður, þú ert enginn Jack Kennedy.“ Við því átti Quayle fá svör og sagði: „Þetta var óþarfi.“




### George H.W. Bush, 1992

George H.W. Bush, þáverandi forseti, vakti mikla athygli í kappræðum gegn Demókratunum Bill Clinton, þó ekki fyrir ummæli sín heldur líkamstjáníngu. Þegar áhorfandi bar upp spurningu leit Bush á úrið sitt á meðan Clinton fylgdist með og hlustaði. Áhorfendum fannst þetta merki um vanvirðingu og féll fylgi Bush í kjölfar kappræðanna en hann tapaði á endanum fyrir Clinton í kosningunum.



### Al Gore, 2000


Líkt og með Bush vakti frammistaða Demókratans Als Gore í kappræðum gegn Repúblikanunum George W. Bush athygli vegna líkamstjáníngar hans. Gore varð skotsþónn fjölmiðla í kjölfar kappræðna en hann andvarpaði margt þegar Bush svaraði spurningum kappræðustjórnanda. Andvarpið var nægilega hávært til að það heyrðist greinilega.



# Leigjendur eru ánægðir hjá okkur

Niðurstöður úr nýrri þjónustukönnun Almenna leigufélagsins\* sýna að 87% viðskiptavina eru ánægð með að leigja hjá félaginu.

Við erum stolt af niðurstöðunni og ætlum okkur að halda áfram að tryggja einstaklingum og fjölskyldum á leigumarkaði húsnaðisöryggi, stöðugleika og enn betri þjónustu.



Ánægð/ur – 87,1%  
Hvorki né – 8,4%  
Óánægð/ur – 4,5%

Langtíma leigusamningur

Sveigjanleiki

24/7 þjónusta

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

almennaleigufelagid.is

\*Könnunin var framkvæmd af Gallup fyrir Almenna leigufélagið dagana 16. - 29. júní 2016.

# BÍLALEIGUBÍLAR TIL SÖLU

Skoðaðu úrvalið á  
[notadir.brimborg.is](http://notadir.brimborg.is)

## Gerðu góð kaup á nýlegum bíl á lægra verði

Nýlegir bílar lækka rekstrarkostnaðinn með lægri eyðslu og minna viðhaldi. Þeir eru jafnframt öruggari en eldri bílar.



**TILBOÐ 3.290.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium BKL92**  
Skráður júní 2014, 2,0TDCi dísil, beinskíptur  
Ekinn 104.000 km. Litur: Silfurgrár  
Verð 3.590.000 kr.



**VERÐ 1.890.000 kr.**

**Citroën C3 Seduction SRE78**  
Skráður júlí 2013, 1,4 TDCi dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 50.000 km. Litur: Rauður



**VERÐ 2.150.000 kr.**

**Ford Fiesta Trend DNT63**  
Skráður júní 2015, 1,0i bensín, sjálfskíptur  
Ekinn 50.000 km. Í ábyrgð. Litur: Brúnn



**VERÐ 2.090.000 kr.**

**Citroën C4 Cactus Live RXZ72**  
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskíptur  
Ekinn 60.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár/svartur



**TILBOÐ 2.990.000 kr.**

**Ford Mondeo Titanium AIU79**  
Skráður október 2013, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 127.000 km. Litur: Hvítur  
Verð 3.590.000 kr.



**TILBOÐ 1.790.000 kr.**

**Ford Focus Trend Edition DRY81**  
Skráður apríl 2014, 1,0i bensín, beinskíptur  
Ekinn 95.000 km. Litur: Silfurgrár  
Verð 1.990.000 kr.



**VERÐ 3.650.000 kr.**

**Volvo V40 Cross Country Kinetic D2 LPE82**  
Skráður maí 2015, 1,6TDCi dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 57.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár



**TILBOÐ 2.890.000 kr.**

**Mazda6 Optimum HFL00**  
Skráður desember 2013, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfsk.  
Ekinn 149.000 km. Litur: Blár  
Verð 3.590.000 kr.



**VERÐ 2.690.000 kr.**

**Peugeot 308 Active GZH16**  
Skráður apríl 2015, 1,6TDCi dísil, beinskíptur  
Ekinn 64.500 km. Í ábyrgð. Litur: Dökkblár



**TILBOÐ 4.190.000 kr.**

**Mazda CX-5 Vision DUB15**  
Skráður mars 2015, 2,2 SKYACTIV dísil, sjálfsk.  
Ekinn 73.000 km. Í ábyrgð. Litur: Grár  
Verð 4.490.000 kr.



**TILBOÐ 3.590.000 kr.**

**Ford Kuga Titanium DPX58**  
Skráður febrúar 2014, 2,0TDCi dísil, sjálfskíptur  
Ekinn 106.000 km. Litur: Hvítur  
Verð 3.890.000 kr.



**VERÐ 1.350.000 kr.**

**Ford Ka Trend+ RXE02**  
Skráður maí 2015, 1,2i bensín, beinskíptur  
Ekinn 37.000 km. Í ábyrgð. Litur: Silfurgrár

► Brimborg tekur allar tegundir bíla uppí ► Hagstætt uppítökuverð ► Allt að 90% fjármögnun í boði, ræddu við ráðgjafa



FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK  
Notaðir bílar - Brimborg  
Tilboðsbílarinnir fara  
beint á Facebook!

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 6, sími 515 7030  
Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040  
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Söluveildir eru opnar  
virka daga kl. 9-17  
og laugardaga 12-16.

  
**brimborg**

Myndir í auglýsingunni eru af nýjum bílum sömu gerðar. Útbúnaður og litur getur því verið frábrugðinn mynd í auglýsingu. Brimborg áskilur sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara.

Öruggur staður til að vera á



# Réttastemning í Árnesshreppi



Stefán Karlsson  
stefank@365.is  
ljósmyndari

Réttastemning var á Melum í Árnesshreppi á Ströndum síðasta laugardag eftir tveggja daga göngur. Það var tiundi smölunardagur heimafélks og hunda. Nú hafði einnig skyldulið og vini drifið að – jafnvel alla leið frá Ameríku – til að kemma fjöll og dali við Eyvindarfjörð, Ófeigsfjörð og Ingólfsfjörð. Enn fleiri smalar af öllum stærðum bættust við uppi á Eyrarhálsinum til að reka fjárhópin niður Meladalinn og vedrið lék við menn og skepnur.

Við réttina var stemningin góð, vasapelnir gengu manna á milli og söngurinn ómaði í haustbliðunni undir harmóniku- og gítartónum.

Eflaust var þó gleðin blandin því fjórar fjölskyldur eru að hætta búskap í sveitinni og ungt fólk er að flytja burt. Því var það táknrænt fyrir tregann sem undir bjó að þegar lagð Blesuð sértu sveitin mín var sungið gerði skúr og himnarnir grétu höfgum tárur um stund.

Þegar mesta réttastússið var yfirstaðið buðu hjónin á Melum, Júlía Fossdal og Björn Torfason, smölunum heim til sín í steik og ávaxtagraut og var þar þéttsetinn bekkurinn.

Um næstu helgi verður aftur stór smölun í hinum víðáttumikla Árnesshreppi, þá verður reynt að hreinsa svæðið allt suður undir Kaldbaksvík. – gun



Hér eru margir að hjálpast að við að draga fé í Steinstúnsdilkinn.



Hilmar Hjartarson, Ágúst Guðmundsson og Ragnar Torfason léku undir fjöldasöng. Úlfar Eyjólfsson, bóndi í Krossnesi, tók vel undir og klappaði í takt.



Ein og ein ær er hyrnd og þær er auðvelt að handsama. En langflest lömbin eru kollótt, bæði hrútar og gimbrar.

POLO hornsófi  
Áður 179.900,- NÚ 134.925,-  
Stærð: 300x234 cm.

GLÆSILEGT ÚRVAL Á PIER.IS



ANTON&BERGUR



# POLO HORNSÓFI 25% AFSLÁTTUR



NÝ SENDING



3  
FYRIR  
2

## PALET STELL - NÝ SENDING 3 FYRIR 2 AF ILMUM & KERTUM

Gildir 22.-26. september



Skúffuskápur 6.990,-  
Stærð: 25x13xH35 cm.



PAPLE borð  
Stærra 29.900,-  
Stærð: 53xH45 cm.



Minna 19.990,-  
Stærð: 43xH34.5 cm.

Kista á standi 49.900,-  
Stærð: 103x40xH55 cm.



3 FYRIR 2 AF PÚÐUM

the  
PIER

Púðar  
verð frá 1.990,-



Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

## VIÐSKIPTI



Yrsa Sigurðardóttir ehf. hagnaðist um 32,2 milljónir króna á síðasta ári.

MYND/SIGURJÓN RAGNAR

## Hagnaður vex hjá Yrsu

Yrsa Sigurðardóttir ehf., rekstrarfélagið í kringum bókaútgáfu höfundarins, hagnaðist um 32,2 milljónir króna á síðasta ári. Um er að ræða tæplega fimmtíu prósent meiri hagnað en árið 2014, þegar hann nam 21,9 milljónum króna.

Eigjð fé í árslok nam 38,3 milljónum króna, samanborið við 23 milljónir árið áður. Eignir námu í árslok 46,7 milljónum króna, samanborið

við 28,9 milljónir króna í árslok 2014. Greiddur verður út arður að fjárhæð 25 milljónir króna árið 2016 vegna rekstrarársins 2015.

Yrsa Sigurðardóttir hefur sent frá sér ellefu glæpasögur og kom Sogið út árið 2015. Hagnaður Yrsu er um þriðjungur af hagnaði Gilhaga, útgáfufélags Arnaldar Indriðasonar. Árið áður var hagnaður Arnaldar hins vegar sexfaldur hagnaður Yrsu. – sg

# Án nýsköpunar og þróunar deyja fyrirtæki

Stórfyrirtæki þurfa að innleiða hugarfar sprotafyrirtækja og þurfa sérdeild sem vinnur að nýsköpun. Þetta segir Marc J. Epstein, prófessor við Rice University í Bandaríkjunum. Nýsköpun sé mikilvægari en áður vegna aukinnar samkeppni.

Ef fyrirtæki eru ekki dugleg að þróa vörur sínar og viðskiptamódel verða þau úrelt og missa markaðshlutdeild sína til keppinauta. Þetta kom fyrir Sony með Walkman og Blockbuster Video, svo eitthvað sé nefnt.

Þetta segir Marc J. Epstein, prófessors við Rice University í Bandaríkjunum. Epstein hefur síðustu fimmtán ár sérhæft sig í að veita



Marc J. Epstein er prófessors við Rice University í Bandaríkjunum, og hefur síðustu ár veitt fyrirtækjum á borð við Apple og Google ráðgjöf. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN KARLSSON

stórfyrirtækjum ráðgjöf varðandi nýsköpun innan fyrirtækja og hélt erindi um þetta á ráðstefnu á vegum viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík og Opna háskólans, í samstarfi við Icelandic Startups á þriðjudaginn.

„Ég hef veitt fjölda forstjóra stórfyrirtækja ráðgjöf í þessum málum og það sem er áhugavert er að enginn þeirra trúir því að þeirra vara geti orðið úrelt. Þeir skilja það sem kom fyrir BlackBerry og Barnes & Noble, en átta sig ekki á að breytingar eru að eiga sér stað í þeirra geira,“ segir Epstein.

„Nýsköpun hefur alltaf verið fyrirtækjum mikilvæg en hefur orðið mikilvægari með árunum vegna aukinnar samkeppni og á það bæði við nýsköpun í tækni og innan viðskiptamódelna. Fyrirtæki eru að átta sig á því að til þess að ná árangri þurfa þau á nýsköpun að halda; ef þau finna ekki leiðir til nýsköpunar deyja þau einfaldlega,“ segir Epstein.

„Nýsköpun er svo vítt hugtak, það getur átt við nýja vöru en einnig nýja leið til að selja vöru, Amazon er gott dæmi um það. Það er tvenns konar nýsköpun sem á sér stað innan fyrirtækja, annars vegar stigvaxandi nýsköpun sem snýst meira um að breyta til dæmis lit á vöru eða útliti hennar. Hins vegar er það byltingarkennd nýsköpun, sem fyrirtæki þurfa mest á að halda í dag

**Nýsköpun er svo vítt hugtak, það getur átt við nýja vöru en einnig nýja leið til að selja vöru,**

Marc J. Epstein, ráðgjafi í nýsköpun

til að virkilega breyta geiranum,“ segir hann.

Epstein segir að flestir tengi nýsköpun við sprotafyrirtæki eða tæknirisa eins og Apple og Samsung sem eru alltaf að þróa vörur sínar. Hins vegar séu öll stórfyrirtæki í dag að huga að nýsköpun til að ná árangri. „Í bilageiranum er til dæmis gríðarleg þróun, í hybrid-bílum, rafmagnsbílum og sjálfkeyrandi bílum.“

Að mati Epsteins getur skrifinniska og hugarfar innan stórfyrirtækja staðið í vegi fyrir byltingarkenndri nýsköpun. „Hún getur hins vegar átt sér stað þegar stórfyrirtæki einbeita sér að lausnum en ekki vandamálum. Þau þurfa að innleiða hugarfar sprotafyrirtækja og setja upp sérdeild með sérfrámann sem lýtur bara forstjóra fyrirtækisins til að ná fram þessari nýsköpun. Þetta er hægt á Íslandi eins og annars staðar, það þarf ekki mikið af fólki og fjármagni, en deildirnar þurfa frelsi til að mistakast og skila ekki hagnaði.“ saeunn@frettabladid.is

## Grindarbotn kvennaheilsa



- Finnur þú fyrir veikleika í grindarbotni, eins og áreynsluþvagleka, þreytu eða þyngslatilfinningu í grindarbotninum?
- Finnur þú fyrir tíðri þvaglátsþörf og tíðum þvaglátum?
- Ertu með varnarspennu eða verki í grindarbotni og óþægindi vegna þess?

### Ef svo er áttu erindi til okkar

Tvö 10 vikna námskeið hefjast í Hlíðasmára 15, Kópavogi, þriðjudaginn 27. september: kl. 16.30 og 17.30

Ef ekki næst full þátttaka verða námskeið felld niður eða sameinuð.

Takmarkaður fjöldi

Leiðbeinendur:

Þorgerður Sigurðardóttir og Guðrún Magnúsdóttir sjúkráþjálfarar

Skráning og nánari upplýsingar: grindarbotn@gmail.com eða í síma 564-5442



## Sitja þrátt fyrir uppsveiflu

Starfsmenn innan VR skipta síður um vinnu en í fyrri uppsveiflum samkvæmt því sem kemur fram í efnahagsyfirliti VR.

Reglan samkvæmt þeim rannsóknnum sem gerðar hafa verið er sú að almennt aukist hreyfing á vinnu- markaði í takt við hagsveiflu.

Þannig náðu vinnuskipti hámarki árið 2000 þegar spennan var í hagkerfinu og jukust svo aftur frá árinu 2004. Þrátt fyrir vaxandi spennu hafa vinnuskipti aukist lítið meðal félagsmanna VR frá 2010.

Fram kemur einnig að þar sem

fáir skipta um starf samanborið við fyrri uppsveiflu er starfsaldur jafnframt hærri en nokkru sinni fyrr.

Mæling á vinnuskiptum tekur aðeins tillit til þeirra sem skipta um vinnu en ekki þeirra sem koma af atvinnuleysissskrá í nýja vinnu. Atvinnuleysi jókst töluvert meira í síðustu kreppu en fyrri lægðum. Því eru fleiri sem fara af atvinnuleysissskrá á tímabilinu en áður var. Það kann að vera hluti skýringar á því að vinnuskipti aukast svo lítið, þrátt fyrir vaxandi framleiðsluspennu í hagkerfinu. – hh



## FÆÐUBÓTAREFNI Í SÉRFLOKKI



IRONMAXX PROTEINBAR - 35 G  
BLÁBERJA & VANILLU/SÚKKULAÐI/BANANI & JÓGÚRT  
VERÐ ÁÐUR: 249 KR/STK

**187** KR/STK



IRONMAXX 50% ZENITH - 100 G  
SÚKKULAÐI/VANILLU/KÓKOS/JARÐARBERJA  
VERÐ ÁÐUR: 399 KR/STK

**299** KR/STK



IRONMAXX 100% CASEIN PRÓTEIN  
750 G - SÚKKULAÐI  
VERÐ ÁÐUR: 5.898 KR/PK

**4.424** KR/PK

IRONMAXX 100% ISOLATE PRÓTEIN - 750 G  
SÚKKULAÐI/VANILLU  
VERÐ ÁÐUR: 5.898 KR/PK

**4.424** KR/PK



IRONMAXX IMPERIUS PROTEINBAR - 87 G  
HNETUSMJÖR & KAREMELLU/MÖNDLU  
VERÐ ÁÐUR: 439 KR/STK

**329** KR/STK

IRONMAXX 100% WHEY PRÓTEIN - 900 G  
VANILLU, COOKIES & CREAM,  
HNETUSMJÖR & KAREMELLA,  
JARÐARBERJA & SÚKKULAÐI,  
MJÓLKURSÚKKULAÐI.  
VERÐ ÁÐUR: 4.790 KR/PK

**3.593** KR/PK



50%



IRONMAXX VATNSBRÚSI  
700 ML  
VERÐ ÁÐUR: 998 KR/STK

**499** KR/STK

IRONMAXX HRISTARI PRO  
750 ML - MARGIR LITIR  
VERÐ ÁÐUR: 1.099 KR/STK

**550** KR/STK



IRONMAXX GLUTAMÍN PRO - 130 STK  
VERÐ ÁÐUR: 3.598 KR/PK

**1.799** KR/PK



IRONMAXX AMINOCRAFT FLJÓTANDI - 1 L  
VERÐ ÁÐUR: 3.598 KR/PK

**1.799** KR/PK

IRONMAXX ZINC PRO - 150 STK  
VERÐ ÁÐUR: 2.798 KR/PK

**1.449** KR/PK



IRONMAXX C-VÍTAMÍN 1000 - 100 STK  
VERÐ ÁÐUR: 2.798 KR/PK

**1.399** KR/PK

IRONMAXX B-VÍTAMÍN BIOACTIVE - 150 STK  
VERÐ ÁÐUR: 2.798 KR/PK

**1.399** KR/PK



IRONMAXX CREABOLICUM  
KREATÍN - 130 STK  
VERÐ ÁÐUR: 3.498 KR/PK

**1.749** KR/PK



IRONMAXX HOTRIDE  
KOLVETNISBLANDA - 900 G  
VERÐ ÁÐUR: 4.698 KR/PK

**2.349** KR/PK

IRONMAXX ARGININE SIMPLEX - 800 G  
VERÐ ÁÐUR: 3.698 KR/PK

**1.849** KR/PK



IRONMAXX MÚLTIVÍTAMÍN - 130 STK  
VERÐ ÁÐUR: 2.898 KR/PK

**1.399** KR/PK

IRONMAXX D-VÍTAMÍN BIOACTIVE - 150 STK  
VERÐ ÁÐUR: 2.798 KR/PK

**1.399** KR/PK



[www.netto.is](http://www.netto.is) | Tilboðin gilda 22. - 25. sept 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.  
Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# Skrýtin örlög skýrslu



Hafliði Helgason  
hafliði@frettabladid.is

Örlög skýrslu sem kynnt var í upphafi sem skýrsla meirihluta fjárlaganefndar verða sífellt reyfarakenndari. Staða skýrslunnar er sú að hún er send áfram sem einkaskýrsla formanns nefndarinnar til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar þingsins.

Forseti Alþingis hefur lýst því yfir að hún sé ekki þingskjal og niðurstaða fjárlaganefndar sjálfra er nú að hún sé raunverulega álit einstaklings, jafnvel þótt sé einstaklingur sé formaður nefndarinnar.

Burtséð frá innihaldi skýrslunnar, sem snýst reyndar um mál sem önnur nefnd þingsins fjallaði um með formlegum hætti, eru þau vinnubrögð sem viðhöfð voru vart til þess fallin að auka á virðingu þingsins.

Það kann vel að vera að efni séu til þess að skoða betur hvernig staðið var að yfirfærslu eigna úr gjaldþrota bönkum yfir til nýrra banka. Efalást má líka eftir á benda á eitt og annað sem betur hefði mátt fara í þeim fordæmalausu aðstæðum sem stjórnmalamenn og embættismenn stóðu frammi fyrir þegar ákvarðanir voru teknar.

Mikilvægast er að skoðun á því sem úrskæðis kann að hafa farið sé fagleg og lágmarks krafa er að þeir sem bornir eru sökum fái tækifæri til að svara fyrir sig áður en boðað er til blaðamannafundar og slíkt plagg kynnt sem álit meirihluta þingnefndar.

Í því ljósi má hafa skilning á að embættismaður sem borinn er alvarlegum sökum geri nefndarmanni grein fyrir því að hann kunni að baka sér réttarábyrgð með slíkum fullyrðingum. Jafnvel þótt slík samskipti embættismanna og þingmanna séu alla jafna óheppileg.

Að taka slíki áminningu sem hótun er nokkuð djúpt í árinna tekið miðað við það sem á undan er gengið.

Síðasta ríkisstjórn eyddi síðustu kröftum sínum í stjórnarskrármálið og mörg mikilvæg mál sátu á haknum. Nú liggja fyrir þinginu mál sem skipta miklu fyrir framtíðina. Hið fyrri er afnám gjalddeyrishafna sem ekki er á borði fjárlaganefndar. Hitt er jöfnun lífeyrisréttinda á almennum vinnumarkaði sem kemur til kasta nefndarinnar og liggur á að afgreiða. Framlag ríkisins til þess máls er verulegt og vegna tekna ríkissjóðs á þessu ári þarf að klára málið nú þar sem mikill afgangur blasir við á þessu ári.

Fortíðin hverfur ekki og hafi menn hug á að skoða nánar verk manna eftir fall bankanna mun verða nægur tími til þess. Það krefst vandaðra og yfirvegaðra vinnubragða og engar líkur á að botn fáiast í málið á þeim stutta tíma sem eftir lifir fram að kosningum.

Framtíðin er mikilvægasta verkefnið og þingmenn ættu að hafa það í huga og taka hag landsmanna fram yfir þrætubókarhálfkæring sem má biða betri tíma.



Í því ljósi má hafa skilning á að embættismaður sem borinn er alvarlegum sökum geri nefndarmönnum grein fyrir því að þeir kunni að baka sér réttarábyrgð með slíkum fullyrðingum.

Halldór



## Frá degi til dags

### Viðbrögðin

Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudag að peningar til kaupa á nýjum lyfjum væru uppnir. Síðar sama dag útskýrði María Heimisdóttir, framkvæmdastjóri fjármála-sviðs Landspítalans, hvaða afleiðingar þetta hefði. Að sjúklingar hefðu í einhverjum tilfellum ekki aðgang að lyfjum sem spítalinn vildi helst bjóða þeim. Þegar Bjarni Benediktsson, efna-hags- og fjármálaráðherra, svaraði fyrir fréttina í viðtali á Bylgjunni í gær urðu viðbrögð hans þau að segja hana ranga.

### Áhyggjuefnið

Það getur vel verið rétt hjá Bjarna að á þessu ári hafi hálfum milljarði verið bætt í lyfjakaup. Það getur líka vel verið að sjúklingar á Norðurlöndunum séu jafn settir sjúklingum á Íslandi, ólíkt því sem fullyrt var í frétt Fréttablaðsins. Megininntakið í frétt blaðsins, að peningar til kaupa á nýjum lyfjum eru nú uppnir, stendur þó óhaggað með staðfestingu frá lyfjagreiðslunefnd. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir alla sem vilja setja heilbrigðismál í forgang. Og sérlegt áhyggjuefni fyrir stjórnmalamenn nú þegar nær liður kosningum. [jonhakon@frettabladid.is](mailto:jonhakon@frettabladid.is)

## Lýðræðisleg ákvörðun um lífeyrismál



Elin Björg Jónsdóttir  
formaður BSRB

Það er afar mikilvægt að bandalög opinberra starfsmanna hafi náð samkomulagi við ríki og sveitarfélög um nýtt lífeyriskerfi fyrir allt launafólk á Íslandi. Það er hluti af því markmiði að ná sátt á vinnu- markaði og bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga.

BSRB skrifaði undir samkomulag við ríki og sveitarfélög á mánudag, eins og önnur heildarsamtök opinberra starfsmanna. Með því samkomulagi er fyrirkomulagi lífeyrismála breytt og tekið upp nýtt kerfi þar sem allir launamenn hafa sömu réttindi.

Samhliða því hafa ríki og sveitarfélög skuldbundið sig til að leiðrétta launamun á milli opinberra markaðarins og hins almenna. Sú vinna á að taka að hámarki 10 ár og mun BSRB beita sér af fullum þunga til að tryggja að staðið verði við þann hluta samkomulagsins.

Þegar breytingar eru fram undan eru eðlilega margar skoðanir á því hvaða leið eigi að fara. Griðarleg vinna liggur á bak við það samkomulag sem undirritað var á mánudag og hefur frá upphafi verið fjallað um það á lýðræðislegan hátt innan BSRB.

Allir formenn aðildarfélag BSRB samþykktu árið 2010 að fara í þessa vegferð. Bandalagið hefur allt frá þeim tíma gætt hagsmuna núverandi sjóðsfélaga í lífeyrissjóðum opinberra starfsmanna og þeirra sem síðar munu verða félagar.

Allt frá því þessi vegferð hófst hefur verið fjallað um stöðu viðræðnanna á fundum og þingum BSRB og áherslur bandalagsins skerptar og skýrðar. Sú vinna komst á lokapunkt þegar formannaráð BSRB, sem er æðsta vald þess milli þinga, fjallaði um málið í byrjun september. Á fundi formannaráðsins var farið ítarlega yfir niðurstöðu í samningaviðræðum við ríki og sveitarfélög. Að því loknu fór fram atkvæðagreiðsla þar sem formenn 22 félaga af 26 samþykktu að fela forystu BSRB að skrifa undir samkomulagið.

Vinnunni er ekki lokið. BSRB mun sjá til þess að staðið verði við alla þætti samkomulagsins. Vinna við greiningu og leiðréttingu á launum er fram undan. Þar mun bandalagið halda áfram að gæta hagsmuna sinna félagsmanna.



Vinnunni er ekki lokið. BSRB mun sjá til þess að staðið verði við alla þætti samkomulagsins.

WORLD LUXURY KING KOIL  
DAGAR REKKJUNNAR  
LÍKLEGA ÞÆGILEGUSTU RÚM Í HEIMI

Lexington Firm (Queen size 153x203 cm)  
Fullt verð 350.014 kr.  
**TILBOÐSVERÐ 252.445 kr.**  
ATH! Einnig til í öðrum stærðum og gerðum.  
King Koil World Luxury er lúxus sem allir eiga skilið.

**rekkjan**  
HEILSURÚM

# Ekki einkamál Íslendinga

Í DAG



Þorvaldur Gylfason  
prófessor

Það var fyrir nokkru í Kiev, höfuðborg Úkraínu, að ég spurði heimamenn hverjum augum þeir litu horfur lands síns fram í tímann. Ég hafði kvöldið áður ekið fram hjá fjölmönnum mótmælum við þinghúsið í hjarta borgarinnar þar eð enn eitt spillingarmál hafði gosið upp. Sá sem varð fyrir svörum sagði: Aðeins tvennt kemur til greina. Annaðhvort ná nauðsynlegar umbætur fram að ganga í friði og spekt eða þær verða innleiddar með öðrum hætti. Þriðji kosturinn, engar umbætur, óbreytt ástand, kemur ekki til álita, sagði hann. Þolinmæði okkar er á þrotum.

Mér varð hugsað hingað heim þar sem vantraust kjósenda í garð stjórnmálamanna hefur frá hrúni mælt litlu minna en í Úkraínu. Skv. Þjóðarpúlsí Capacents sögðust að meðaltali 41% kjósenda treysta Alþingi árin 1995-2008 en aðeins 15% að meðaltali sögðust treysta Alþingi 2009-2016. Nýjasta mælingin frá því í febrúar 2016 er 17%. Fimm kjósendur af hverjum sex vantraustu Alþingi. Frá hrúni hefur Alþingi ásamt bankakerfinu og dómskerfinu skrapað botninn í traustsmælingum Capacents og MMR. Til samanburðar segjast 20% Úkraínnumanna treysta þinginu í Kiev. Aðeins rússneskir fjölmiðlar njóta minna trausts þar í landi (5%).

## Forherðing

Alþingi tekur engum teljandi framförum enn sem komið er þrátt fyrir samþykkt svohljóðandi ályktunar með öllum greiddum atkvæðum 28. september 2010:

„Alþingi ályktar að taka verði gagn-

rýni á íslenska stjórnmálamenningu alvarlega og leggur áherslu á að af henni verði dreginn lærdómur. Alþingi ályktar að skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis sé áfelliðómur yfir stjórnvöldum, stjórnmálamönnum og stjórnsýslu, verklagi og skorti á formfestu.“

Í ályktun þingsins birtist langur loforðalisti sem hefst á loforði um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1944. Ekkert bólar enn á efndum. Forherðingin virðist alger. Báðir ríkisstjórnarflokkarnir tefla nú fram lykilframbjóðendum beint upp úr Panama-skjölunum eins og ekkert hafi í skorizt. Nýja stjórnarskráin getur verið stolt af slíkum andstæðingum.

## Lýðræði á undir högg að sækja

Virðingarleysi Alþingis gagnvart úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012 felur í sér grafalvarlaga aðför að lýðræðinu í landinu. Það hefur aldrei áður gerzt nokkurs staðar í nálægum löndum að löggjafarsamkoman grafi undan nýrri stjórnarskrá sem kjósendur hafa lýst stuðningi við í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Þessi aðför einkum Sjálfstæðisflokksins og Framsóknar að lýðræðinu er að sönnu einsdæmi í okkar heimshluta. Það kann að byrgja sumum sýn á alvöru málsins að síðustu ár hefur hallað á lýðræði um heiminn í fyrsta sinn frá 1980 eins og ég lýsti hér á þessum stað 5. marz 2015. Lýðræði breiddist hratt út um heiminn 1945-1960, hæðdi ferðina 1960-1980 og tók síðan fjörkipp aftur 1980-2000, ekki sízt eftir hrúni Sovétríkjanna 1991. Frá aldamótunum 2000 hefur lýðræðisríkjum heimsins ekki fjölgað, heldur hefur fjaræðisríkjum fjölgað til jafns



Í ályktun þingsins birtist langur loforðalisti sem hefst á loforði um endurskoðun stjórnarskrárinnar frá 1944. Ekkert bólar enn á efndum. Forherðingin virðist alger. Báðir ríkisstjórnarflokkarnir tefla nú fram lykilframbjóðendum beint upp úr Panama-skjölunum eins og ekkert hafi í skorizt. Nýja stjórnarskráin getur verið stolt af slíkum andstæðingum.

við fækkun einræðisríkja. Lýðræði og mannréttindi eiga nú upp á síðkastið jafnvel undir högg að sækja innan ESB. Ungverska þingið hefur sett landinu stjórnarskrá með mannréttindaákvæðum sem standast ekki lágmarkskröfur ESB. Pólska ríkisstjórnin hefur sett lög sem skerða mannréttindi. Fjármálaráðherra Grikklands fyrri hluta árs 2015 og fv. hagstofustjóri landsins, blásaklausir báðir tveir, eiga yfir höfði sér ákærur fyrir landráð. Hálfildings fasistaflokkar hafa fært sig upp á skaftið í Evrópu og gera m.a. út á óvild í garð erlendra flóttamanna. Brot gegn lýðræði og mannréttindum á Íslandi kunna í þessu samhengi að

virðast saklausari en ella. Svo er þó ekki, heldur eru þau þvert á móti þeim mun skuggalegri.

## Alþingi gegn mannréttindum

Samt kann hjálp að eiga eftir að berast utan úr heimi ef Alþingi lætur sér ekki segjast. Ef Alþingi hefði gert sig sekt um það eitt að standa í vegi fyrir gildistöku nýrrar stjórnarskrár væri engar hjálpar að vænta frá útlöndum. En Alþingi hefur nú í bráðum fjögur ár staðið í vegi fyrir gildistöku nýrrar stjórnarskrár sem geymir mikilvæg ákvæði um aukin mannréttindi, m.a. jafnt vægi atkvæða og auðlindir í þjóðareigu. Mannréttindanevnd Sp birti 2007 bindandi álit þess efnis að Alþingi bæri að afnema alla mismunun, þ.e. mannréttindabrot, úr fiskveiðistjórnarkerfinu og bæta tjónþolum skaðann. Alþingi hefur ekki enn virt tilmæli nefndarinnar þótt því beri samningsbundin skylda til að verða við þeim. Nefndinni kann því að berast ný kára vegna þess að Alþingi stendur enn í vegi fyrir eflingu mannréttinda á Íslandi.

## Sýnum heiminum

Hér hangir þó fleira á spýttunni en framgangur lýðræðis og mannréttinda á Íslandi eins og Lawrence Lessig stjórnlagaprófessor í Harvard-háskóla lýsti vel á opnum fundi stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi í Norræna húsinu um daginn. Þar eð lýðræði á nú víða undir högg að sækja mega Íslendingar fyrir enga muni gefast upp heldur þurfa þeir að sýna umheiminum svart á hvítu að þeir sömdu ekki og samþykktu lýðræðislegustu stjórnarskrá sem nokkurn tímann hefur litið dagsins ljós til þess eins að henni yrði tortímt.



„Kjósum besta heilbrigðiskerfi í heimi“

— Oddný Harðardóttir,  
formaður Samfylkingarinnar

Við tökum undir ákall 87.000 Íslendinga um meira fé til heilbrigðismála. Það gengur ekki að spítalar séu fjársveltir á meðan efnahagur er á stöðugri uppleið og útgerðin græðir á tá og fingri. Veikir Íslendingar og fjölskyldur þeirra eiga að hafa forgang. Við eigum öll að geta gengið að öflugri opinberri heilbrigðisþjónustu um allt land. **Ókeypis. Alltaf.**

Og vel á minnst, við höfum efni á þessu. Við bjóðum einfaldlega út kvótann til að ná því sem upp á vantar. **Það er ekki eftir neinu að bíða.**

- Við ætlum að reisa nýjan Landspítala, án tafar
- Við ætlum að efla heilsugæslu, sem tekur á móti öllum
- Við ætlum að útrýma biðlistunum, þeir eru óþolandi
- Við ætlum að byggja fleiri hjúkrunarheimili
- Við ætlum að styrkja sálfræði- og geðheilbrigðisþjónustu

Kjósum heilbrigðara samfélag  
Kjósum Samfylkinguna



# KRÓNAN



## -22%

### 439 kr. pk.

Verð áður ~~569~~ kr. pk.  
Avocado þroskað 3 stk., Perú

## Borðaðu mig ...bestur núna!

Fullþroskaður ávöxtur

## -23%

Gott verð!

### 749 kr. kg

Óþroskað avocado í lausu, Perú

### 499 kr. pk.

Verð áður ~~649~~ kr. pk.  
Mangó þroskað 2 stk., Perú



Oli verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/óða myndbreytingi

## Lambakjöt af nýslátruðu

**1599** kr. kg

Lambalæri

**2199** kr. kg

Lambahryggur

**3949** kr. kg

Lambafilé með fiturönd

**899** kr. pk.

Móðir Náttúra Grænmetislasagna, 500g

## Tilbúið í ofninn!

**650** kr. pk.

Móðir Náttúra Kjúklingabuff, 320g

**Tikka Masala**

Sojakjöt og grænmeti í hrifandi masalasósu með hýðisbrúgrjónum. Indversk unaðsmálitú sem nærir líkama og sál.

**998** kr. pk.

Móðir Náttúra Tikka Masala, 350g

**949** kr. pk.

Móðir Náttúra Indverskar pönnukökur, 500g

# KRÓNAN

Ódýrt



Alpro jurtamjólk í kassa

249 kr. stk.

ef keypt eru 8 stk. í kassa = 1992 kr. pk.



349 kr. stk.

Gestus hummus 320g



Tveir saman... 598 kr.

2x ferskir Gestus safar, 1L



349 kr. stk.

Ferskur Gestus Appelsínu-Tropical og hindberja/eplasafi, 1L



170 kr. pk.

Hrökkbrauð delikatessa og sesam, 250g

Ódýrt

Gestus spagetti bolones, 400g

299

kr.  
pk.

Ódýrt

Ódýrt

Billy's Pan pizza pepperoni, original og Hawaii - 170g stk.

199

kr.  
stk.

First Price hvítlauksbrauð með smjöri - 3 stk.pk.

239

kr.  
pk.

## París og París



Sigurður Ingi Friðleifsson framkvæmdastjóri Orkuseturs

Kæru þingmenn. Ég vil byrja á að þakka ykkur öllum fyrir að samþykkja fullgildingu Parísarsamningsins um loftslagsmál. Ég vil jafnframt benda ykkur á að með þessari samþykkt eruð þið að samþykkja vegferð sem krefst vinnu og hugrekki. Þegar sett eru formleg markmið fyrir heilt land í umboði þjóðarinnar þá má gera eðlilega kröfu um lágmarks metnað í að standa við slíkar skuldbindingar. Þessi samþykkt er í umboði þjóðarinnar og ef aðgerðir eða aðgerðaleyfi valda því að ekki tekst að uppfylla skuldbindingarnar þá er skömmin allra.

Sem Íslendingi er mér bara ekki sama hvernig okkur mun ganga í þessari baráttu, ekki frekar en mér var sama hvernig landsliðinu gekk á EM í sumar. Ég var ekki að spila með liðinu og átti engan ættingja í því en samt skipti það mig máli að liðið stæði sig vel, enda fulltrúar mínir á alþjóðavettvangi. Með fullgildingu Parísarsamningsins höfum við skráð okkur á alþjóðdamót þar sem landsmenn hljóta að krefjast þess að við sýnum lágmarksárangur og viðleitni.

Í raun er þetta einfaldari ákvörðun fyrir íslenska þingmenn en marga kollega þeirra úti í heimi. Ýmsar þjóðir þurfa nú t.d. að ákveða að nýta ekki kolaauðindir sem þær eiga. Það er erfið og íþyngjandi ákvörðun. Við þurfum hins vegar bara að skipta úr innfluttri orku í innlenda. Hér eru líka orkumál tæknilega afgreidd að mestu leyti, þ.e. öll raforkuframleiðsla og hitun er kolefnisfrí. Enn merkilegra er að þetta er gert með hagkvæmum hætti án aukakostnaðar. Aðrar þjóðir þurfa hins vegar að fara í gríðarlega dýrar og flóknar umbætur til að minnka kolefnið í þeirra raforku- og upphitunarkerfum. Okkur er varla mikil vorkunn að eyða smá peningum í lokaorkuskriptin, þ.e. samgöngur og fiskiskip.

### Skynsamleg útgjöld

Já, þetta kostar, hættum að tala öðruvísi. Þetta eru hins vegar skynsamleg útgjöld, alveg eins og hitaveituvæðing fyrri tíma sem kostaði stórfé en skilar gríðarlegum þjóðarsparnaði í dag. Gleymum því aldrei að eldri kynslóðir tóku á sig hrikalegan fjárfestingakostnað í hitaveitum sem framtíðarkynslóðir njóta góðs af. Getum við ekki hugsað eins fyrir samgöngur?

Þetta er heldur ekki flókið því að lausnirnar eru komnar og tilbúnar úti í búð. Fyrsta skrefið er komið, þ.e. góðar ívilnanir fyrir nýorkubíla eru til staðar en nú þarf að taka stærri



**Við yrðum að algeru athlægi á alþjóðavísu ef við ætlum t.d. að lækka skatta á eyðslufrekar bifreiðar bara af því að við fundum enn verri ósöma úr fortíðinni. París var vettvangur afreks í sumar þegar landsliðið lagði enn harðar að sér en ætlast var til og kom okkur upp úr riðlakeppninni. Nú erum við stödd í öðrum leik í París, þar sem ég vil sjá alvöru einurð, metnað og úrslit.**

ákvörðun til að flýta innleiðingu enn frekar. Ef við ætlum að standa við ofangreindar skuldbindingar þá þarf einfaldlega að hraða innleiðingu orkuskipta í samgöngum og sjávarútvegi. Það þarf að gera með hækkan kolefnisgjalds sem vissulega hækkar olíuverð. Verð á olíulittra eru einmitt laun fyrir sparaðan litra, þ.e.a.s. afgerandi launahækkun er nauðsynleg fyrir allar aðgerðir sem draga úr oliunotkun. Rafmagns-, metan- og eyðslunettum bílum myndi snarfjölgja og hjólreiðar, almennings-samgöngur, samakstur og vistakstur tækju rækilegan kipp með tilheyrandi samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Innlend framleiðsla á umhverfissvænna eldsneyti, eins og nú þegar er hafin t.d. hjá CRI og Orkey, myndi einnig eflast til muna.

Ég veit, kæru þingmenn, að skattahækkanir eru ekki vinsælasta kosningaloforðið en ef það truflar ykkur, lækkið þá bara einfaldlega skatta á allt annað. Auðvelt væri að lækka t.d. virðisaukaskatt, tryggingagjald og/eda tekjuskatt til að eyða út neikvæðum áhrifum kolefnisgjalds á heimili, fyrirtæki og verðbólgu.

Sumir leitast eftir að gera sem allra minnst og telja að endurheimt votlendis skili nægu þannig að óþarfi sé að taka frekari framfaraskref í umhverfismálum. Í fyrsta lagi er ekkert að því að standa sig betur en lágmarkskuldbindingar. Alveg eins og íslenska landsliðið lét ekki nægja að komast á EM heldur ákvað að blómstra líka í lokakeppninni. Í öðru lagi er eitthvað rangt við það að leiðrétting á allt of umfangsmiklum, ríkisstyrktum, skurðgreftri fortíðar verði eina framlag okkar í loftslagsmálum. Við yrðum að algeru athlægi á alþjóðavísu ef við ætlum t.d. að lækka skatta á eyðslufrekar bifreiðar bara af því að við fundum enn verri ósöma úr fortíðinni. París var vettvangur afreks í sumar þegar landsliðið lagði enn harðar að sér en ætlast var til og kom okkur upp úr riðlakeppninni. Nú erum við stödd í öðrum leik í París, þar sem ég vil sjá alvöru einurð, metnað og úrslit.

## Fullgilding samnings um réttindi fatlaðra varðar okkur öll



Steinunn Þóra Árnadóttir þingmaður Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Alþingi hefur samþykkt að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og verður þar með 167. ríkið sem fullgildir samninginn. Þetta er mikilvæg réttarbót fyrir allt fatlað fólk á Íslandi, en hagsmunasamtök fatlaðs fólks hafa kallað eftir fullgildingu samningsins allt frá undirritun hans árið 2007. En fullgildingin er ekki eingöngu mikilvæg fyrir fatlað fólk heldur allt samfélagið.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er nefnilega merkilegur mannréttindasamningur. Hann felur ekki í sér nein ný réttindi til fatlaðs fólks. Staðreyndin er hins vegar sú að þótt fatlað fólk hafi í orði kveðnu sömu mannréttindi og aðrir, hefur það ekki getað nýtt sér réttindi sín til fulls. Það sem Samningurinn gerir er að viðurkenna að mannréttindi fatlaðs fólks eru þau sömu og annarra og staðfesta um leið rétt fatlaðs fólks til að njóta mannréttinda.

### Áhersla á mannlega reisu og jafnrétti

Allt of oft hefur verið litið á mál-efni fatlaðs fólks sem viðfangs-efni velferðar- og heilbrigðiskerfa, sem þurfi að leysa með sérstökum aðgerðum. Þeirri hugsun þurfum við sem samfélag að losna undan. Fatlað fólk er alls konar og hefur, líkt og annað fólk, margbreytilegar þarfir og til þess þarf að horfa í allri stefnumótum og lagasetningu. Samningurinn getur leiðbeint okkur á þeirri vegferð. Í honum er kveðið á um almennar meginreglur sem veita leiðbeiningar um það hvernig eigi að framkvæma hann. Meðal þessara meginreglna eru bann við mismunum og ákvæði um aðgengi, jöfn tækifæri, virðingu fyrir fjölbreytileika og viðurkenning á því að fatlað fólk sé hluti af mannlegum margbreytileika. Samningurinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannlegri reisu, jafnrétti karla og kvenna og síðast en ekki síst virðingu fyrir getu fatlaðra barna til að breytast og þroskast, sem og rétti þeirra til að varðveita sjálfsmynd sína.

Til þess að uppfylla Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þarf að breyta ýmsu í íslenskri löggjöf. Nú þegar hafa sum lög tekið breytingum en margt er enn ógert. Til að mynda á eftir að setja lög um bann við mismunum, meðal annars á vinnumarkaði og í atvinnulífi. Þá þarf að endurskoða



**Til þess að uppfylla Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks þarf að breyta ýmsu í íslenskri löggjöf. Nú þegar hafa sum lög tekið breytingum en margt er enn ógert.**

lög um þjónustu við fatlað fólk og breyta lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er þó ekki nóg að breyta lögum sem með sértækum hætti fjalla um málefni fatlaðs fólks. Almenn löggjöf verður að taka mið af því að fólk er alls konar.

Stór hluti af þeim skyldum sem lagðar eru á ríki samkvæmt samningnum verða því einungis framkvæmdar með fræðslu og vitundarvakningu. Til þess að Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og fullgilding hans verði raunverulegt tæki sem tryggir að mannréttindi fatlaðs fólks verði virt, þurfa allir sem koma að stefnumótum og lagasetningu í samfélaginu að tileinka sér sýn og boðskap samningsins. Fullgildingin er því mikilvægt skref sem ber að fagna.

Þó er brýnt að muna að vinnunni við að skapa eitt samfélag fyrir alla þar sem allir fá notið sín er hvergi nærri lokið.

## Endurhæfingarbætur



Úrsúla Jünemann fv. kennari og leiðsögumaður

Enginn óskar sér að verða alvarlega veikur og óvinnufær. En lífið getur tekið óvænta stefnu þannig að framtíðarplön raskast verulega eða verða að engu.

Nú er vitað að veikindi hafa áhrif á líkama og sál. Sú staðreynd að geta ekki verið til gagns í samfélaginu finnst flestum slæmt og lítillákkandi. Og sálræna vanlíðanin hefur auðvitað áhrif á bata almennt. Auk þess eru það áhyggjur af fjármálunum. Læknis- og lyfjakostnaður er jú ekki ókeypis.

Nú komum við að bótakerfinu hér á landi. Óvinnufær sjúklingur á rétt á svonefndum endurhæfingarbotum frá Tryggingastofnun. Þessar bætur eru ekki neitt til þess



**Hvar er endurhæfingin ef menn fá spark í rassinn fyrir að reyna að vera þínulítið virkir á meðan á veikindum stendur?**

að hrópa húrra fyrir og duga engan veginn til framfærslu hvað þá að borga allan aukakostnað vegna veikinda. Og svo kemur „rúsinan í pylsundanum“: Sjúklingur sem fær slíkar bætur má ekki vinna sér inn eina einustu krónu án þess að verði dregið frá bótunum.

En hvað felst í orðinu „endurhæfing“? Er það ekki að gera ein-

stakling aftur hæfan til að lifa eðlilegu lífi? Gera honum kleift að öðlast starfsgetu smátt og smátt upp á nýtt og halda þannig reisu og sjálfsvirðingu? Hvar er hvatningin til að reyna að koma sér á vinnumarkaðinn á ný þó það væri ekki nema með 5–10 prósent starfi? Hvar er endurhæfingin ef menn fá spark í rassinn fyrir að reyna að vera þínulítið virkir á meðan á veikindum stendur? Jú, að vísu „má“ sjúklingurinn vinna, en fyrstu 150.000 kr. yrðu faktiskt kauplaust því bæturnar detta þá út. Þetta væri kannski valkostur fyrir lykilstjórnanda í banka með ofurlaun en ekki fyrir venjulegan launþega.

Okkar bótakerfi er meingallað og mannskemmaði og þarfnast endurskoðunar.

Ég vildi gjarnan heyra núna í aðdraganda kosninganna hvað stjórnmálaflokkarnir ætla að gera til að laga til í þessum málum. Aldraðir, öryrkjar og sjúklingar eiga margfalt betra skilið en það sem bótakerfið okkar býður upp á.

## Ég nenni ekki að bíða eftir bílnum – saga um ferðaþjónustu Strætó



Þórey Rut Jóhannesdóttir sendiherra Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

Ég hef mikinn áhuga á aðgengismálum. Niunda grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks fjallar um aðgengi. Þar segir að aðgengi að ferðaþjónustu skuli vera ódýrt og gott. Ferðaþjónustan hefur verið mikið gagnrýnd frá því að Strætó tók við þjónustunni og það hefur gengið á ýmsu og margir hafa verið ósáttir eins og flestir þekkjá.

Sumt er þó gott, það er til dæmis gott að fá sms þegar það eru 15

minútur í að bíllinn komi. Það er líka gott að geta hringt á kvöldin og pantað bíl og það er jákvætt að geta pantað bíl með styttri fyrirvara en áður. En það er líka margt sem má bæta eins og til dæmis er biðtíminn eftir að bíllinn komi stundum of langur. Ég var til dæmis að fara í matarboð um daginn og átti pantaðan bíl klukkan 18.30, hann kom ekki fyrr en rúmlega 19.00 og ég kom allt of seint í matarboðið. Stundum finnst mér að það sé ekki borin virðing fyrir tíma mínum og mér leiðist mikið að bíða eftir bílnum. Tíminn minn er líka dýrmætur, það má ekki gleymast.

Ég fékk góða hugmynd um að athuga hvort Jóhannes Svavar Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó, væri til í að prófa að nota hjólastól og ferðast með ferðaþjónustubíl í einn dag. Mér fannst mikilvægt að

Jóhannes myndi fá tækifæri til að upplifa sjálfur hvernig það sé að vera í hjólastól því þeir sem ekki hafa prófað að sitja í hjólastól í ferðaþjónustubíl átta sig ekki endilega á því að þeir sem nota hjólastól finna meira fyrir aksturslagi, holóttum vegum og hraðahindrunum.

### Aðgengið skelfilegt

Jóhannes tók strax vel í þetta og svo varð að fulltrúar Sendiherranna fóru á rúntinn með honum á Ferðaþjónustubíl númer 508. Fyrsti viðkomustaður var í götunni heima hjá mér. Færðin hafði verið slæm og göturnar voru holóttar. Næst fórum við á Háaleitisbrautina, þangað fer ég í sjúkrahjálfun í hverri viku. Háaleitisbrautin er sérstaklega holótt og þar eru margar hraðahindranir. Mér finnst mjög óþægilegt að fara yfir hraðahindranir því þá kemur

mikill hristingur því bílarnir eru svo hastir. Það hefur áhrif á mig og ég fæ illt í bakið.

Við keyrðum næst í miðbæinn og fórum út hjá Hinu húsinu. Litlu þröngu göturnar í miðbænum eru líka holóttar. Aðgengið í miðbænum er skelfilegt fyrir fólk sem notar hjólastól. Ég fer því mjög sjaldan í miðbæinn vegna þess hve aðgengið þar er slæmt. Margir staðir þar, verslanir, kaffihús og veitingastaðir eru ekki með aðgengi fyrir fólk sem notar hjólastól. Mér finnst leiðinlegt að geta ekki farið í miðbæinn eins og aðrir. Í staðinn fer ég í Kringluna eða Smáralind því þar er aðgengið gott.

Í lok dagsins hittum við Margrét Erlu Maack og hún tók viðtal við okkur sem svo birtist í Íslandi í dag. Þar sagði Jóhannes að dagurinn hefði verið lærdómsríkur, hann væri



**Ég vil nota tækifærið og skora á Dag B. Eggertsson, borgarstjóra Reykjavíkur, að prófa að nota hjólastól og vera með okkur Sendiherrunum part úr degi.**

orðinn þreyttur í bakinu og að þetta væri erfiðara heldur en hann hafði búist við. Við enduðum svo daginn saman á kaffihúsinu Te og kaffi í Kringlunni. Dagurinn var finn og lærdómsríkur fyrir okkur öll. Ég vil nota tækifærið og skora á Dag B. Eggertsson, borgarstjóra Reykjavíkur, að prófa að nota hjólastól og vera með okkur Sendiherrunum part úr degi.



1. des. í 3 nætur

Frá kr.  
**79.995**  
m/morgunmat

BEINT  
FLUG

# PORTO

Nýr áfangastaður


## Óviðjafnanleg borg á fleiri hátt en einn!

**H**eimsferðir bjóða nú í fyrsta skipti borgarferð í beinu flugi til Porto í Portúgal, en borgin var árið 2014 kjörin besti borgaráfangastaður Evrópu.

Porto er önnur stærsta borg Portúgal og dregur landið nafn sitt af henni. Hér mætast mikil saga, falleg byggingarlist, blómleg menning, ljúffengur matur og mögnuð upplifun. Borgin stendur við Douro-ána, hún er hæðótt og margar byggingar eru byggðar beint inn í klettana.

Gamli bærinn í Porto er á heimsminjaskrá UNESCO. Þar eru göturnar þröngar og brattar, byggingarnar litríkar og fallegar og vekja upp þá tilfinningu að maður hafi ferðast aftur í tímann. Það er einstaklega skemmtilegt að upplifa sögu borgarinnar á göngu og þú mátt ekki missa af gerselum eins og Bolsa höllinni. En Porto er ekki síður nútímaleg borg en söguleg. Nýrri hverfin eru full af einstöku andrúmslofti, lífi og mikilli grósku. Auk þess er frábært að versla í Porto, hér er að finna fjölmargar alþjóðlegar verslunarkerðjur, stórar verslunarmiðstöðvar, fjöruga markaði og einstakar litlar verslanir með portúgölskum listmunum og hönnun.


Litríkar götur Porto bíða eftir þér! Dragðu í þig andrúmsloft borgarinnar, uppgötvaðu portúgölsk sætindi og njóttu þess að bragða á heimsþekktum vínun Portúgala.



Hotel Teatro

Frá 99.895 kr.

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/  
morgunmat.



Hotel Dom Henriqu

Frá 84.395 kr.


Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/  
morgunmat.



Hotel Via Gale Porto

Frá 82.995 kr.

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/  
morgunmat.



Hotel Cristal Porto

Frá 79.995 kr.

Netverð á mann m.v. 2 í herbergi m/  
morgunmat.

# Fara bakdyramegin inn í lífeyrissjóðina!



**Björgvin Guðmundsson**  
viðskipta-  
fræðingur

Eiga stjórnvöld eitthvað með að skerða lífeyri eldri borgara hjá almannatryggingum vegna greiðslna til þeirra úr lífeyrissjóði? Ég segi: Nei. Þau eiga ekkert með það. Þegar lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir, var gert ráð fyrir því, að þeir yrðu viðbót við almannatryggingar. Þeir áttu ekki að skerða almannatryggingar neitt. Ef slíkar

ráðagerðir hefðu verið uppi, hefðu launafolk aldrei greitt neitt í lífeyrissjóðina.

Þegar ríkisstjórn er að skerða lífeyri aldraðra hjá almannatryggingum eins og gerist nú, er eins og ríkisstjórnin sé að fara bakdyramegin inn í lífeyrissjóðina og láti greipar sópa þar um eigur okkar sjóðfélaga. Áhrifin eru nákvæmlega eins. Það verður að stöðva þetta strax. Það er ekki nóg að draga úr skerðingum. Þetta er ekkert sammingsatriði. Við eigum þennan lífeyri í lífeyrissjóðunum. Við viljum fá hann óskertan á eftirlaunaaldri, hvorki meira né minna. Stjórnvöld þurfa ekki að vera að gorta af því að þau dragi úr skerðingum. Það á að afnema skerðinguna alveg, rétt eins og Bjarni Ben

lofaði fyrir síðustu kosningar 2013 þó hann sé nú búinn að gleyma þessu loforði!

**Þekkt ekki á Norðurlöndunum** Þessar miklu skerðingar, sem hér eru, tíðkast ekki annars staðar á Norðurlöndunum. Þar fá eldri borgarar þann lífeyri, sem þeir hafa greitt í lífeyrissjóð óskertan. En auk þess er grunnlífeyrir þar miklu hærri en hér, þrefalt hærri. Hann er 120-130 þúsund krónur á mánuði þar. Heildarlífeyrir er einnig miklu hærri þar. Samt er hagvöxtur meiri hér og afkoma ríkissjóðs góð. Eftir hverju eru stjórnvöld þá að bíða? Aðstæður til þess að greiða öldruðum og öryrkjum hærri lífeyri eru góðar. Það vantar bara viljann.

## Aldraðir greiða sjálfir mest af ellilífeyrinum

Athuganir hafa leitt í ljós, að lífeyrisþegar hér greiða miklu stærri hlut sjálfir í lífeyrinum til aldraða en gerist í hinum norrænu ríkjunum. Það stafar af því, að lífeyrissjóðirnir greiða svo mikið af lífeyrinum og ríkið skerðir á móti sínar greiðslur á vegum almannatrygginga. Tölur leiða í ljós, að hér greiða lífeyrisþegar sjálfir 60% af ellilífeyri sínum. Þetta er miklu hærri hlutfall en á Norðurlöndunum. Þar verður ríkið að greiða megnið af ellilífeyrinum en hér greiða eldri borgarar sjálfir stærsta hlutann af lífeyrinum. Samt kvartar og kveinar ríkið miklu meira hér en annars staðar á Norðurlöndunum og vill ekkert



**Það verður að stöðva þetta strax. Það er ekki nóg að draga úr skerðingum. Þetta er ekkert sammingsatriði. Við eigum þennan lífeyri í lífeyrissjóðunum. Við viljum fá hann óskertan á eftirlaunaaldri, hvorki meira né minna.**

gera fyrir eldri borgara. Það er eins og ríkisstjórnin hér sé á móti eldri borgurum.



## Hvar er eiginlega best að hjálpa fátæku og stríðshrjáðu fólki?



**Atli Viðar Thorstensen**  
sviðsstjóri  
hjálp- og  
mannúðarsviðs  
Rauða krossins

Enginn flýr heimaland sitt að gamni sínu og leggur líf sitt (og jafnvel barna sinna) í hendur smyglara til að komast inn í rammgerða Evrópu. Samt sem áður hafa hundruð þúsunda karla, kvenna og barna orðið að gera það á þessu ári og þúsundir þeirra hafa týnt lífi sínu á Miðjarðarhafinu eða orðið fyrir miklu ofbeldi í leit sinni að öruggu skjóli. Það varð fólk að gera vegna þess að það átti ekki annarra kosta vól.

Til Íslands leitar svo brotabrot af því fólki sem flýr til Evrópu undan stríðsátökum og ofsóknum. Í ár eru það rétt um 400 manns. Þá heyrast stóku raddir um að Ísland hafi ekki efni á að hjálpa þessu fólki og að betur sé fénu varið í að hjálpa því á eigin heimaslóðum. En er það hægt? Og það á sama tíma og Ísland leggur tiltölulega lítið fé og að meðaltali lægra hlutfall í alþjóðlegt hjálparstarf en önnur OECD-ríki. En alþjóðlegt hjálparstarf á einmitt að stuðla að stöðugleika og þróun heima fyrir svo fólk þurfi ekki að flýja. Og gleymum heldur ekki, að þegar kemur að því að hjálpa berskjölduðu fólki á eitt ekki að útiloka annað. Það er bæði hægt að aðstoða fólk sem kys að yfirgefa ekki heimalandið þrátt fyrir að þar búi það við stöðuga lífshættu og fólk sem ákveður að leita skjóls annars staðar.

### Ísland er eyja en ekki eyland

Við höfum byggt upp hagsæld



**Verum stolt af því að vera auðugt ríki og fríðsælt. Verum ekki síður stolt af því að geta gefið til baka af því sem við sjálf fengum. Nýtum mannauð þeirra flóttamanna sem hingað leita. Og hjálpum á sama tíma því fólki sem áfram vill vera í eigin heimaríki.**

okkar og öryggi á samvinnu við önnur ríki. Við þáðum sjálf gríðarlega mikla fjárhagsaðstoð í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari í forni Marshall-aðstodaninnar. Við þáðum einnig þróunaraðstoð og hættum því reyndar ekki fyrr en 1976. Getur verið að við viljum allt fyrir ekkert? Þiggja mikla aðstoð sjálf, en ekki að taka á móti flóttafólki og heldur ekki að veita fátækum og óstöðugum ríkjum þróunar- og mannúðaraðstoð í samræmi við markmið Sameinuðu þjóðanna um 0,7% af vergum þjóðartekjum?

Verum stolt af því að vera auðugt ríki og fríðsælt. Verum ekki síður stolt af því að geta gefið til baka af því sem við sjálf fengum. Nýtum mannauð þeirra flóttamanna sem hingað leita. Og hjálpum á sama tíma því fólki sem áfram vill vera í eigin heimaríki með því að veita þróunar- og mannúðaraðstoð til fátækra ríkja og óstöðugra. Því hafa íslensk stjórnvöld lofað í rúma þrjár áratugi. Er ekki kominn tími til að við það verði staðið svo fólk þurfi ekki að flýja fátækt og stríðsátök?

## Mikilvægi hjúkrunarfræðinga á breyttum Landspítala



**Guðbjörg Pálsdóttir**  
starfandi for-  
maður Félags  
íslenskra hjúkr-  
unarfræðinga

Velferðarráðuneytið kynnti á dögunum niðurstöðu skýrslu McKinsey & Company: Lykill að fullnýtingu tækifæra Landspítalans. Áhersla skýrslunnar er á rekstrarhagkvæmni og framleiðni vinnuafis Landspítalans og notuð voru tvö sænsk sjúkrahús til viðmiðunar, Karolinska háskólasjúkrahúsið og háskólasjúkrahúsið í Umeå. Skýrt kemur fram í skýrslunni að ekki er verið að horfa á samanburðinn við bestu starfsvenjur á heimsvísu og nauðsynlegt að hafa það í huga þegar horft er á niðurstöður skýrslunnar.

Skýrslu sem þessari ber að fagna þar sem bent er á skort á heildarstefnu og stýringu veittrar heilbrigðisþjónustu á Íslandi. Tímabært er að taka upp ákveðna þjónustustýringu og að fólki sé leiðbeint með hvert það eigi að sækja mismunandi heilbrigðisþjónustu. Það er ljóst að vissa þjónustu, sem nú er veitt á Landspítala og á einkastofum sérfræðilækna, ætti að veita á heilsugæslustöðvum. Stærstur hluti af útskriftarvanda Landspítala er vegna skorts á úrræðum fyrir sjúklinga sem þurfa áframhaldandi hjúkrunarþjónustu á ódýrara þjónustustigi. Ekki er hægt að útskrifa þá til að rýma fyrir bráðveikum sjúklingum og minnka markvisst biðlista eftir aðgerðum þar sem það vantar fleiri hjúkrunarrymi og aukin úrræði í heimahjúkrun og innan heilsugæslunnar.

### Misskilnings virðist gæta

Lausnir undanfarinna ára hafa dugað skammt og kemur það vel fram í skýrslunni. Misskilnings virðist þó gæta á meðal skýrsluhöfundar þar sem þeir telja að þegar búið verður að leysa útskriftarvanda Landspítala þurfi færri hjúkrunarfræðinga þar til starfa. Með fækkun legudaga og aukinni skilvirkni í starfsemi legu- og göngudeilda eykst álagið og þar með hjúkrunarþörfin. Það er því hæpið að hægt sé að fækka hjúkrunarfræðingum í starfi þegar flæði bráðveikra sjúklinga eykst. Til að tryggja útskriftarúrræðin fyrir Landspítala þarf einnig að fjölga vel menntuðum hjúkrunarfræðingum í heilsugæslunni og heimahjúkrun svo hægt sé að taka við þeim og veita áframhaldandi þjónustu því ekki verða sjúklingarnir útskrifaðir út í tómið. Góð mánun hjúkrunar-



**Með fækkun legudaga og aukinni skilvirkni í starfsemi legu- og göngudeilda eykst álagið og þar með hjúkrunarþörfin. Það er því hæpið að hægt sé að fækka hjúkrunarfræðingum í starfi þegar flæði bráðveikra sjúklinga eykst.**

fræðinga sem hafa þekkingu og færni í að sinna fólkinu t.d. í sínu heimaumhverfi eða á öldrunarstofnun er lykiltríði í að því farnist vel en það hafa margar rannsóknir þegar sýnt fram á.

Við mat á frammistöðu Landspítala er notast við svonefnd greiningartengd hópgildi (e. Diagnosis-related group, DRG). Þessi gildi byggja á flokkun sjúklinga eftir sjúkdómsgreiningum, aðgerðum og meðferðum, kyni, aldri og eðli útskriftar og kemur Landspítali ágætlega út í samanburði við sænsku sjúkrahúsin tvö. Hafa ber í huga að DRG tekur ekki tillit til hjúkrunarþyngdar nema að takmörkuðu leyti þar sem sjúklingur með fáar DRG greiningar getur þurft mikla hjúkrun. Þegar lagt er mat á frammistöðu Landspítalans og eingöngu notast við DRG er því ekki verið að taka inn einn stærsta kostnaðarlíðinn sem er hjúkrun og raunverulegar hjúkrunarþarfir sjúklinga.

### Hundruð hjúkrunarfræðinga vantar

Nú vantar fleiri hundruð hjúkrunarfræðinga til starfa á heilbrigðisstofnanir á Íslandi. Á næstu árum verður stór hluti hjúkrunarfræðinga komin á eftirlaunaaldur og ná Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri ekki að útskrifa nógu marga hjúkrunarfræðinga árlega til að mæta þessari vaxandi þörf. Helmingur starfandi hjúkrunarfræðinga á Íslandi vinnur á Landspítala og benda skýrsluhöfundar á að huga verði að nægu framboði menntaðra hjúkrunarfræðinga fyrir heilbrigðisþjónustuna.

Fram kemur að það þurfi að sjá til þess að nægjanlegur fjöldi hjúkrunarfræðinga sé starfandi til að heilbrigðiskerfið geti starfað eðlilega. Samkeppni er um vel menntaða hjúkrunarfræðinga í hin ýmsu störf, m.a. á almenna markaðnum, og hefur hjúkrunarfræðingum í starfi á heilbrigðisstofnunum farið fækkandi. Þrjár meginástæður sem hjúkrunarfræðingar nefna fyrir því að þeir starfi ekki innan heilbrigðiskerfisins eru léleg laun, óviðunandi vinnuumhverfi og of mikið vinnuálag. Til að halda hjúkrunarfræðingum í starfi eða fá þá til starfa á ný, þarf að bæta launakjör, vinnuumhverfi og tryggja fullnægjandi mánun sem getur dregið úr vinnuálagi og gert starfið eftirsóknarverðara.

Það er gott að fá svona skýrslu þar sem vandinn er greindur og aðgerðir settar fram sem geta styrkt íslenskt heilbrigðiskerfi í framtíðinni. Talið er að hægt sé að innleiða umbæturnar að fullu innan fjögurra ára. Þess væri óskandi.



Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat á duftformi og eru 30 skammtapokar í hverjum pakka. Duftið er leyst upp í vatni og er því auðvelt til inntöku og einungis þarf að taka einn skammt á dag.

Liðverkir hrjá fjölda fólks og mikið mæðir á hnjáliðum sem eru stærstu liðirnir. Brjósök og liðvökvi eiga stóran þátt í hreyfanleika liða. Þegar skemmdir verða minnkar hreyfanleiki og verkir geta komið fram.

## NÝ LAUSN VIÐ LIÐVERKJUM: GLUCOSAMIN LYFIS

**LYFIS kynni** Glucosamin LYFIS sem ætlað er við vægri til meðalsvæsinni slitgigt í hné. Lyfið fæst án lyfseðils í öllum apótekum. Glucosamin LYFIS er á duftformi í skammtapokum og er leyst upp í vatni. Auðvelt er að taka lyfið inn og einungis þarf að taka það einu sinni á dag.

### FJÖLDI RANNSÓKNA STAÐFESTIR VIRKNI GLUCOSAMIN SÚLFATS

„Margar rannsóknir hafa verið gerðar sem staðfesta virkni glucosamin súlfats við einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné og hefur það lengi verið notað við liðverkjum. Síðan 2007 hefur verið gerð sú krafa að vörur sem innhalda glucosamin séu framleiddar og seldar sem lyf sem tryggir gæði, virkni og öryggi vörunnar.“ segir Hákon Steinsson, lyfjafraeðingur hjá LYFIS.

### HEILBRIGÐUR LIÐVÖKVI OG BRJÓSK ER MIKILVÆGT FYRIR HREYFANLEIKA LIÐA

Hnéliðurinn er stærsti liður mannlíkamans og á honum er

mikið álag við dagsins amstur. Mikilvægur þáttur í hreyfanleika liða er brjósök sem hylur enda beinanna sem mætast og liðvökvin sem auðveldar hreyfingar. Við slitgigt í hné og öðrum liðum koma fram skemmdir í liðnum, þar með talin þynning á liðbrjóskskinu ásamt því að yfirborð þess verður gróftara. Breyting verður einnig á beini og öðrum vefjum þannig að hreyfanleiki verður ekki eins og hann á að vera.

### GLUCOSAMIN SÚLFAT VIÐHELDUR GÆÐUM LIÐVÖKVA OG DREGUR ÚR NIÐURBROTI BRJÓSKS

Glucosamin LYFIS inniheldur glucosamin súlfat sem er eðlileg-

ur efnisþáttur í liðbrjóska og liðvökva. Rannsóknir hafa sýnt að inntaka glucosamin súlfats örvar nýmyndun mikilvægra „smurfna“ í liðum, m.a. hýalúron-sýru. Auk þess hefur glucosamin súlfat einnig reynst hindra virkni brjóskeyðandi ensíma sem og myndun annarra vefjaskaðandi efna. Þessi áhrif geta stuðlað að vægri bólgueyðandi verkun. Vegna verkunarmáta glucosamins geta liðið nokkrar vikur þar til dregur úr einkennum slitgigtar (einkum verkjum). Glucosamin LYFIS fæst í 30 skammta pökkum í apótekum og er á góðu verði.



### GLUCOSAMIN LYFIS

Glucosamin LYFIS hentar fyrir þá sem finna fyrir liðverkjum vegna slitgigtar.

- Glucosamin er náttúrulegur efnisþáttur í liðbrjóska og liðvökva
- Fjöldi rannsókna á glucosamin súlfati staðfestir virkni þess
- Einn skammtur á dag
- Leyst upp í vatni – auðvelt að taka inn
- Nær bragðlaust



**Notkunarsvið:** Glucosamin LYFIS er notað til að draga úr einkennum vægrar til meðalsvæsinnar slitgigtar í hné. **Ekki má nota lyfið** ef um er að ræða ofnæmi fyrir glucosamini, einhverju öðru innihaldsefni lyfsins eða fyrir skelfiski, þar sem glucosamin er unnið úr skelfiski og ef um er að ræða meðfæddan efnaskiptasjúkdóm (fenýlketonimígu). **Gæta skal sérstakrar varúðar:** Einstaklingar með sykursýki, astma, alvarlegt lífrar- eða nýrnvandamál, óþol fyrir einhverjum tegundum sykurs eða eru á natríumskertu fæði skulu leita ráða hjá lækni áður en lyfið er notað. Einnig þarf að útiloka að um sé að ræða annan liðsjúkdóm. **Meðganga og brjóstgjöf:** Ekki liggja fyrir nægilegar upplýsingar um notkun og því skal ekki nota Glucosamin LYFIS á meðgöngu eða samhliða brjóstgjöf. **Skömmtun:** Fullorðnir, einnig aldraðir. Innihald eins skammtapoka á dag, helst með mat. **Algengustu aukaverkanir:** Ógleði, kvíðverkur, meltingartruflanir, vindgangur, hæðatregða og niðurgangur. **Lesið vandlega fylgiseðil sem fylgir lyfinu.** SmPC: Febrúar 2014.






CREENSTONE KÁPURNAR KOMNAR, EINSTÖK GÆÐI OG GLÆSILEIKI



**BERNHARD LAXDAL**  
Laugavegi 63 • S: 551 4422

Skodið  
laxdal.is /yfirhafnir Facebook. Laxdal.is

Vertu vinur á Facebook 



# DÚNÚLPA

með ekta loðfeldi

Verð 37.980

hjá  
**Hrafnhildi**

Engjateigi 5 // 581 2141 // [hjahrafnhildi.is](http://hjahrafnhildi.is)



Um 150 búningar verða saumaðir fyrir óperuna. Margir hverjir eru listasmíð enda mikil áhersla lögð á smáatriði eins og sést á myndunum. MYNDIR/EYÞÓR

## BÚNINGARNIR SEGJA MIKLA SÖGU

Íslenska óperan frumsýnir óperuna Évgeni Onegin eftir Pjotr Tsjaikovskíj 22. október. María Th. Ólafsdóttir hagnar búningana sem eru afar glæsilegir enda heilmikið lagt í fínlegustu smáatriði.

**Sólveig  
Gísladóttir**  
solveig@365.is



„Anthony Pilavachy, leikstjóri óperunnar, ákvað að við uppsetningu Évgeni Onegin yrði miðað við tímabilið 1914 til 1915 sem er rétt fyrir rússnesku byltinguna. Þar sem óperan verður sviðsett í rússneskum sveita-realisma þess tíma vildi hann ekki að gefinn yrði afsláttur á smáatriðum og að búningarnir yrðu að vera jafn nákvæmir og ef um kvikmynd væri að ræða. Því var dálítið öðruvísi að hanna búningana fyrir þessa uppfærslu en margar aðrar,“ segir María sem hefur hannað búninga bæði fyrir leikhúsin og Íslensku óperuna. Þar má nefna Don Giovanni, Rakarann í Sevilla, Mary Poppins, Vesalingana og Oliver Twist en samhliða Évgeni Onegin vinnur hún nú að búningahönnun fyrir Bláa hnöttinn sem sett verður upp í Borgarleikhúsinu.

Er munur á því að hanna búninga fyrir leikhús eða óperu? „Allt snýst þetta um að segja sögu, en stærsti munurinn felst í því að í óperunni er minna rými til að



María Th. Ólafsdóttir búningahöfundur.

koma skilaboðum á framfæri. Sennar eru stuttar og búningurinn þarf að segja áhorfandanum mikið á stuttum tíma, til dæmis um hjóðfélagsstöðu og bakgrunn persónunnar,“ lýsir María sem fær í kringum hálf tölur til að undirbúa hverja sýningu.

Hún segist yfirleitt byrja á því að leita upplýsinga á netinu, í bókum og gömlum skjólum. „Síðan legg ég þetta frá mér og læt hugmyndirnar gerjast. Síðan er mismunandi hvort ég byrja á því að

teikna búningana eða finn efnið. Í þetta sinn fékk ég megnið af efnunum fyrst og teiknaði svo hvern karakter.“

María fer iðulega til Bretlands og Bandaríkjanna til að finna efni enda segir hún úrvalið á Íslandi takmarkað. Þá komi það oft betur út fjárhagslega að kaupa efnin að utan.

Fjöl margar vinnustundir liggja að baki hverjum búningi en fyrir utan hönnunarferlið tekur saumaskapur á einum kjól um tvær vikur að sögn Maríu. En hvað eru búningarnir margir? „Í óperunni er 33 manna kór sem skiptir þrisvar um búning, þar eru strax komnir um hundrað búningar. En í allt tel ég að þetta séu um 150 búningar sem búnir eru til fyrir sýninguna.“

María segist lítið sauma sjálf enda vilji hún einbeita sér að heildarmyndinni. Hún hefur þó á sínum snærum hóp hæfra kvenna sem sjá um saumaskapinn. „Búningahöfundur er ekki neitt nema hafa með sér gott fólk sem lætur teikningarnar og drauma verða að veruleika. Við erum heppin hve frábært fagfólk við eigum hjá saumastofum bæði stóru leikhúsanna og Íslensku óperunnar,“ segir hún.

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**ÚTGEFANDI: 365 MIÐLAR | ÁBYRGÐARMAÐUR:** Svanur Valgeirsson  
**UMSJÓNARMENN EFNIS:** Elín Albertsdóttir, [elin@365.is](mailto:elin@365.is), s. 512 5349 | Lilja Björk Hauksdóttir, [liljabjork@365.is](mailto:liljabjork@365.is), s. 512 5372 | Ragnheiður Tryggvadóttir, [heida@365.is](mailto:heida@365.is), s. 512 5367 | Sólveig Gísladóttir, [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is), s. 512 5351 | Starri Freyr Jónsson, [starri@365.is](mailto:starri@365.is), s. 512 5358 | Vera Einarsdóttir, [vera@365.is](mailto:vera@365.is), s. 512 5357  
**SÖLUMENN:** Atli Bergmann, [atli@365.is](mailto:atli@365.is), s. 512 5457 | Jóhann Waage, [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), s. 512 5439 | Jón Ívar Vilhelmsson, [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), s. 512 5429 | Ólafur H. Hákonarson, [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), s. 512 5433

*Bætt heilsa og betri líðan með*  
**Natural Health Labs**  
*100% náttúruleg bætiefni*



*„Hreinleiki, gæði og virkni  
skiptir mig miklu máli  
þegar ég vel fæðubótarefni.*

*Þess vegna mæli ég tvímælaust  
með vörunum frá Natural Health  
Labs.“*

**Helga Lind – Pilateskennari  
og einkaþjálfari**

Natural Health Labs  
eru hrein náttúruleg bætiefni  
sem innihalda hvorki  
rotvarnarefni né fylliefni og  
eru án allra aukaefna.

Útsölustaðir: Fæst í öllum helstu  
apótekum, heilsuverslunum og  
heilsuhillum stórverslana.



[www.balsam.is](http://www.balsam.is)

## Fararstjórn erlendis

### Meðal námsefnis:

- Mannleg samskipti.
- Helstu áfangastaðir erlendis í máli og myndum.
- Mismunandi trúarbrögð.
- Saga landsins, menning og listir.
- Frumbyggjar og saga staðarins.
- Þjóðlegir siðir og hefðir.
- Leiðsögutækni og ræðumennska.



### Ferðalandafræði: Evrópa, Asia, Africa, Amerika og Eyjaálfan.

Námið fer fram í formi fyrirlestra og reynslu fararstjóra í leiðsögn á erlendri grund.

**Leiðbeinendur eru:** Halla Birgisdóttir fararstjóri, Pétur Björnsson konsúll Ítalíu á Íslandi, Jónas Þór fararstjóri, Höskuldur Frimannsson viðskiptafræðingur, Ómar Valdimarsson blaðamaður, Magnús Björnsson fararstjóri í Kína, Pétur Óli Pétursson fararstjóri í Rússlandi, Bjarni Randver Sigurvinsson kennari við Guðfræðideild H.Í., Sr. Bragi Skúlason sjúkrahúsprestur.



Ferðamálastólur Íslands

Ferðamálastólur Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

**Flott föt fyrir flottar konur**

Netverslun á [tiskuhus.is](http://tiskuhus.is)

My Style tiskuhús

Bæjarlind 1-3  
201 Kópavogur  
s: 571-5464

**Slá - Poncho**

Verð **11.900 kr.**

- 2 litir: blátt með grárrí líningu, dökkrautt með svartri líningu
- stærð 34 - 48
- 100% bómull
- þykkt og þétt efni

Opið virka daga kl. 11-18 laugardaga kl. 11-15

**black pepper**  
FASHION  
Laugavegi 178 | Sími 555 1516

Blómaskreytt kápa ekki ósvipað þeim sem voru í tisku á sjöunda áratugnum.

Bjartir litir sem einkenna sumarið 2017.

Kápa með blómamynstri og einlitum ermum frá Michael Kors. Vor- og sumartiskan 2017.

Takið eftir breiðum öxlum á jakkanum og stórum skyrtukraga. Pils með rósamynstri í hnésídd.

# AFTUR TIL HIPPAÁRANNA

Bandaríski tiskuhönnuðurinn **Michael Kors** segist alltaf horfa á björtu hliðarnar. Hann segir að fötin eigi að veita gott skap og bjartsýni í hjarta. Svo virðist sem Kors horfi til 7. áratugarins í sumartískunni 2017.

Michael Kors er meðal vinsælustu tiskuhönnuða í heimi. Töskur hans seljast eins og heitar lummur og fötin vekja ekki síður athygli. Sterkir litir einkenna sumartísku Kors fyrir árið 2017. Hann vill hafa liti og glaðværd í kringum sig að ekki sé talað um sól í sinni. Blómáttimabil hippanna var litríkt og skemmtilegt og kjólar Michael sKors minna svolítið á þá. Á sýningunni í New York söng Rufus Wainwright lög á borð við „Zing! went the strings of my heart“ og „Get happy“. Það þótti

nokkuð töff að bjóða lifandi tónlistarflutning þegar fyrirsætturnar gengu fram. Það var bros á gestum sýningarinnar enda léttleiki í fyrirrúmi hjá Kors, eða eins og einn sagði: „Það er alltaf partí hjá Michael Kors.“ Frægar ofurfyrirsætur á borð við Kendall Jenner, Bella Hadid, Joan Smalls og Juliu Nobis sýndu sumartískuna sem einkennist af blómum, stórum skartgripum, breiðum herðum og stórum jökkum, líkt og tílkudust á níunda áratugnum. Aðaláherslan var þó á blómamynstur frá því seint á sjöunda áratugnum og slagorð hippanna „Love is in the air“ sem mátti sjá í prentaðri dagskrá sýningarinnar. Sumir kjólarnir



Twiggy var vinsælasta fyrirsæta heims á sjöunda áratugnum. Hér sýnir hún blómakjól ekki ósvipað þeim sem Michael Kors sýnir í dag.

ir minntu óneitanlega á föt sem Twiggy, ein frægasta fyrirsæta heims, sýndi árið 1965.

Michael notar bómullarefni og silki. „Allar konur, líka Hollywood-stjörnur vilja þægileg föt,“ segir hann. „Fötin eiga að vera falleg, þægileg og fara vel á líkamnum.“ Kjólarnir eru flestir í hnésídd.

### FÉLL FYRIR KORS

Nokkra athygli vakti á sýningunni þegar fyrirsætan Bella Hadid féll endilöng í gólfið þar sem hún gekk eftir sviðinu í þröngum, svörtum kjól og á mjög háum hællum. Flestir telja að slíkt fall sé versta martröð fyrirsætunnar en Bella reis og færur og gerði síðan létt grín að sjálfri sér á Twitter. Sem betur fer meiddist hún ekki. Segja má að Bella Hadid hafi því fallið gjörsamlega fyrir Michael Kors á sýningunni.



# 30%

afsláttur af völdum skóm!

NÝTT  
kortatímabil

## FRÁBÆRT SKÓÚRVAL!

Ný skó sending og valdir skór á frábæru tilboðsverði

# ZIK

TÍSKUHÚS



Verð  
11.990,-  
st. 36-41



Verð  
11.990,-  
st. 36-41



Verð  
11.990,-  
st. 36-41



Verð  
8.990,-  
st. 36-41



Verð  
9.990,-  
st. 36-41



Verð  
8.990,-  
st. 36-41



Verð  
8.990,-  
st. 36-41



Einnig til  
í gráu og  
brúnu!

Verð  
8.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
5.990,-  
Áður 8.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
6.990,-  
Áður 9.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
5.990,-  
Áður 8.990,-  
st. 36-41



Tilboðsverð  
7.990,-  
Áður 11.990,-  
st. 36-41

## Jakkar - peysur



kr. 13.900.-



kr. 9.800.-



kr. 13.900.-

Stærðir 36-56 • fleiri litir og munstur

**Ríta**


Við erum á Facebook

Bæjarlind 6 • S. 554 7030



## Nýjar haustvörur streyma inn

Stærðir 38-58

Verslunin Belladonna


**belladonna**

Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

## Andlitskrem fyrir þurra húð



- Engir parabenar
- Engin ilmefti
- Engin litarefni

Fæst í apótekum

**DECUBAL**  
EXPERT CARE FOR DRY SKIN




Þessi fyrir-  
sæta var flott  
í haustlegum  
gallajakka með  
loðkanti.

Litagleðin réð  
ríkjum hjá þessum.

# TÍMI KOMINN Á FRAKKANA

Frakkar í alls kyns útgáfum voru áberandi hjá gestum tískuvikunnar í London á dögnum.

Nú er farið að kólna hressilega í veðri og haustlægðirnar farnar að ganga yfir okkur. Það er skýrt merki um að huga þurfi að haust- og vetrarflíkunum. Húfur, treklar, þykkar og stórar peysur, frakkar og jakkar eru allt flíkur sem þarf að draga fram úr fataskápunum eða fjárfesta í nýjum.

Gigi Hadid sást  
í flottri kápu  
frá Tommy  
Hilfiger  
í New  
York.



Tískubloggar-  
inn Caroline  
Daur var í  
flottum silfur-  
litum metal  
frakka á leið á  
sýningu.



Leikkonan Renée  
Zellweger var í dökk-  
bláum rykfrakka  
þegar hún kynnti  
nýjstu mynd sína  
Bridget Jones' Baby í  
London á dögnum.



Þessi gestur á  
tískuvikunni  
í London var  
í fallegum  
frakka.  
NORDICPHOTOS/  
GETTY



# FULL BÚÐ AF NÝJUM HAUSTVÖRUM Á FRÁBÆRU VERÐI

NÝTT  
KORTATÍMABIL

STÆRÐIR 14-28 EÐA 42-56



SKYRТА  
VERÐ: 5.990 KR  
STÆRÐIR 14-28



PEYSA  
VERÐ: 7.990 KR  
STÆRÐIR 14-28



KÓSÝ GOLLA  
VERÐ: 7.990 KR  
STÆRÐIR 14-28



ÚLPA  
VERÐ: 12.990 KR  
STÆRÐIR 14-26



PEYSUKJÓLL  
VERÐ: 7.990 KR  
STÆRÐIR 14-26



KJÓLL  
VERÐ: 7.590 KR  
STÆRÐIR 14-20



LEGGINGS  
VERÐ: 3.500 KR  
STÆRÐIR 12-20



BUXUR  
VERÐ: 7.990 KR  
STÆRÐIR 14-26



ÚLPA  
VERÐ: 12.990 KR  
STÆRÐIR 14-28



TOPPUR  
VERÐ: 5.590 KR  
STÆRÐIR 14-24



PONCHO  
VERÐ: 7.990 KR  
STÆRÐIR 14-26



JAKKI  
VERÐ: 9.990 KR  
STÆRÐIR: 14-22

SKOÐAÐU ÚRVALIÐ EÐA PANTAÐU Á [WWW.CURVY.IS](http://WWW.CURVY.IS)


Afgreiðslutímar í verslun okkar að Fákafeni 9

Alla virka daga frá kl.11-18

Laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is

Fákafeni 9, 108 RVK  
Sími 581-1552 | [www.curvy.is](http://www.curvy.is)



**Culiacan**  
mexican grill

**TILBOÐ DAGSINS** FAJITAS QUESADILLA  
1.690 1.440

Suðurlandsbraut 4 533 1033 culiacan.is



Fyrirsætuþópurinn sem sat fyrir í haustherferð Lindex er skemmtilega fjölbreyttur.



ÚLPA  
17.495

**Nýjar  
haustvörur**

**INDISKA**

KRINGLUNNI | 588 2300



Candice Huffine.

Alek Wek.

Cora Emmanuel.

## FIMM HETJUR FATASKÁPSINS

Hinar þekktu fyrirsætur **Ashley Graham** og **Candice Huffine** eru andlit haustherferðar Lindex í ár. Þær eru fyrirsætur í yfirstærð og endurspegla þar með ákvörðun Lindex um að bæta stærri stærðum inn í tískulínur sínar og þjónusta þar með mun stærri hóp kvenna.

„Við viljum að allar konur finni eitthvað við sitt hæfi,“ segir Annika Hedin, yfirhönnuður hjá Lindex, en í haust hefur Lindex bætt stærri stærðum inn í allar tískulínur í dömudeild fyrirtækisins um leið og sérstök Generous-deild var lögð af. Haust- og vetrarlína fyrirtækisins er af þessu tilefni kynnt af fyrirsætunum Ashley Graham og Candice Huffin sem getið hafa sér gott orð í heimi fyrirsæta í yfirstærð.

„Þessi breyting mun gera öllum okkar viðskiptavinum mögulegt að sækja innblástur í tískulínurnar auk þess sem þær verða aðgengilegri fyrir fleiri viðskiptavini. Við höfum þegar fengið jákvæð viðbrögð við þessari breytingu sem sýnir okkur að þessari viðleitni okkar er vel tekið,“ segir Annika.

**FALL FASHION HEROES**  
Haustherferðin kallast; Fall Fashion



Ashley Graham.

ion Heroes. Hún snýst um fimm „hetjur“ fataskápsins. Þær eru gyðju-peysa, útvíð peysa með síðum ermum og víðu hálsmáli, þrjónakjöll, þröngar stuttar buxur og einkennandi gallabuxur. Litirnir eru fjölbreyttir, allt frá vínráudum og appelsínugulum yfir í mjúka bleika tóna.


### KRAFTMIKLAR TÖKUR

„Mér finnst frábært að Lindex sé að bæta stærri stærðum inn í vöruúrval sitt. Tökurnar voru ótrúlega kraftmiklar því konurnar sem komu að henni voru svo skemmtilega fjölbreyttar. Það var mikið „girl power“ í gangi í settinu,“ sagði Ashley Graham um tökurnar fyrir línuna. Til viðbótar við Graham og Huffine munu ofurfyrirsæturnar Alek Wek, Toni Garrn og Cora Emmanuel koma fram fyrir herferðina.

### SÆBJÚGNAHYLKI FYRIR HEILSUNA



Arctic Star



**Arctic star sæbjúgnahylki** innihalda yfir fimmtíu tegundir af næringarefnum, og eru þekkt fyrir:

- Hátt próteininnihald og lágt fituinnihald
- Að minnka verki í liðum og liðamótum
- Að byggja upp brjóska og draga úr tíðni liðskemmda
- Að bæta ónæmiskerfið
- Að auka blóðflæði
- Að koma í veg fyrir æðakölkun
- Að auka orku líkamans, stuðla að myndun húðpróteins og insúlíns

**ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA.** Framleiðandi er Arctic Star ehf. Allar nánari upplýsingar fást á [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Arctic Star sæbjúgnahylki Varan fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og hagkaupum.

info@arcticstar.is - [www.arcticstar.is](http://www.arcticstar.is)

Síðumúli 31 - 108 Reykjavík - S: 562-9018 / 898-5618

## BÍLAR & FARARTÆKI



**MEISTARATAKTAR**  
RENAULT MASTER DCI100 L2H2 nýskr. 03/2013, 4 stk. eknir 44-54 Pkm, dísel, 6 gíra. Verð frá 2.999.000 kr.+ vsk.



**MEGATILBOÐ**  
LR RANGE ROVER SPORT SE nýskr. 07/2007, ekinn 217 Pkm, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 2.990.000 stgr. (lán 1.870þkr) Raðnr.255211 á BILO.is

Höfðahöllin  
Funahöfða 1, 110 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.bilo.is



**MÖGNUM MICRA!!!**  
'15 NISSAN MICRA VISIA. EK 26P KM, BENSÍN, BEINSK....BESTA VERÐIÐ 1.380 PÚS!!! #460067. S: 580 8900



**MÖGNUM MICRA DELUXE!!!**  
'15 NISSAN MICRA VISIA. EK 47 P.KM, BENSÍN, SJÁLFSKIPTUR. Verð 4.590.000. Rnr.991260. Tilboð kr: 3.590.000,-



**KLIKKUÐ KIA!!!**  
'16 KIA RIO 1.4 EX. EK 35 P.KM, DÍSEL, BEINSK....ALFELGUR & BLUETOOTH!!! ÁSETT 2.380 PÚS!!! #452009. S: 580 8900

Borgarbílasalan  
Funahöfða 1, 110 Reykjavík  
Sími: 580 8900



BMW X5 4.8i. Árgerð 2007, ekinn 149 P.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.590.000. Rnr.991260. Tilboð kr: 3.590.000,-



TOYOTA Land cruiser 150. Árgerð 2012, ekinn 83 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 6.690.000. Rnr.992021.



MERCEDES-BENZ B 180 cdi blue efficiency. Árgerð 2013, ekinn 67 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.790.000. Rnr.161598. Tilboð kr: 3.340.000,-



Kia Picanto EX 1.0 beinsk. (2011). Árgerð 2015, ekinn 24 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.790.000. Rnr.141955. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**  
Kletthálsi 2, 110 Reykjavík  
Sími: 590 2160  
www.notadir.is



Suzuki S-Cross, 5 /2015, ek 79 þús km, dísel, bsk, tilboðsverð 3.590 þús, er á staðnum raðnr 152613.

**100 bílar ehf**  
Stekkjarkakki 4, 109 Reykjavík  
Sími: 517 9999  
Opið 10-18 virka daga & laugardaga 11-15  
www.100bilar.is



VOLVO F1614 4x2. Árgerð 2005, ekinn 286 P.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.050.000. Rnr.107120. Á staðnum.



TOYOTA Hilux gx 33" breyttur. Árgerð 2016, ekinn 3 P.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.390.000. Rnr.302305. Á staðnum.



SUZUKI Sx4 s-cross all grip. Árgerð 2015, ekinn 28 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.107650. Á staðnum.



SUZUKI Swift 4x4. Árgerð 2015, ekinn 5 P.KM, bensín, 5 gírar. Verð 2.690.000. Rnr.107381. Á staðnum.

**Bílasalan Planid**  
Korputorgi, Reykjavík  
Sími: 517 0000  
Opið 10-18. Lau 12-16  
www.planid.is

### Bílar til sölu



**TILBOÐ DAGSINS 225PÚS**  
Nissan Primera árg. '02 ek. 185þús beinsk. sk. '17 mjög góður á 225þús S. 891 9847



**BILAÐUR TILBOÐ 65PÚS**  
Nissan Almera árg.'03 sjálfssk. ek. 170þús Parfnast lagfæringar. Verð 65þús S. 891 9847

Honda CRV árg. '08 dísel óslitin beinsk. ek. 114þús 2,5mil S. 895 6160

# NÝIR OG NÝLEGIR HYBRID OG RAFBÍLAR

## Á FRÁBÆRU VERÐI

frá **3.890** þúsund

e-Golf - Árgerð 2015



Eknir frá 1 þús. km.  
Raðnr. 135654

**4.590** þúsund

Golf GTE Premium - Árgerð 2015



Eknir frá 6 þús. km.  
Með leðursætum og topplúgu  
Raðnr. 13568755

**3.890** þúsund

Golf GTE Comfort - Árgerð 2015



Eknir frá 6 þús. km.  
Raðnr. 135655

**4.590** þúsund


Lexus Hybrid EXE - Árgerð2015



Ekinn aðeins 7 þús. km.  
Raðnr. 170020

**2.790** þúsund

Yaris Hybrid Edition S - Nýr bíll



Vel búinn bíll  
Raðnr. 158758

**13.790** þúsund

Tesla Model S 85D 4x4 - Árgerð 2015



Ekinn aðeins 12 þús. km.  
Raðnr. 158264

Skoðum skipti á öllum tegundum bifreiða

**586 1414**

stora@stora.is · stora.is  
facebook.com/storabilasalan



**STÓRA BÍLASALAN**

Kletthálsi 2 · 110 Reykjavík

**250-499 þús.**



**TOPPLÚGA - SJÁLFSKIPTUR**  
 VW GOLF HIGHLINE árg 2002 ek. 153 þús sjálfskiptur, ný tímareim, nýtt í bremsum, ný heilsársdekk, mjög vel með farinn bíll, verð 490 þús möguleiki á 100% láni í 36 man s.841 8955

**500-999 þús.**



**TILBOÐ 690 ÞÚS - 100% LÁN Í BOÐI**  
 OPEL ASTRA ENJOY árg 2005 ek 136 þús, beinskiptur, sk.17, álfelgur, ásett verð 890 þ tilboð 690 þús möguleiki á 100% láni í 36 mán, s.841 8955



**SJÁLFSKIPTUR - TILBOÐ 690 ÞÚS!**  
 OPEL VECTRA-C 2,2 árg 2005 ek.135 þús, sjálfskiptur, dráttarkrókur, sk.17 mjög góður bíll ásett verð 890 þús TILBOÐ 690 þús MÖGULEIKI Á 100% LÁNI s.841 8955

**Bílar óskast**

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**  
 Má þarfnast lagfæringa.  
 Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.

**Hjólbarðar**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**  
 Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

**ÞJÓNUSTA**

**Spádómar**

**ÖRLAGALÍNAN 908-1800**  
 Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opið frá 20 -23 öll kvöld.

**Málarar**

**REGNBOGALITIR**  
 Alhliða málningarþjónusta. Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Vönduð vinna góð umgengni. malarar@simnet.is og s 891 9890

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafli., plánófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael's. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

**Garðyrkja**



Smávélaviðgerðir, viðgerðir á utanborðsmótorum: Garðsláttuvél, sláttuorfl, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagur, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

**Bókhald**

**FAGLEG OG GÓÐ ÞJÓNUSTA.**

Veitum einstaklingum með rekstur, litlum og meðalstórum lögaðilum alhliða bókhaldsaðstoð, jafnframt höfum við þjónustað einstaklinga með skattframtöl.

Uppl. í síma 824 3739 eða 820 9310

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Húsviðhald**

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

**Rafvirkjun**

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímaakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafmeisti@simnet.is

**Önnur þjónusta**



**Borgarafi ehf - Kranaleiga**  
 Gott verð  
 Sími 660 1701 eða 660 1704

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**



Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204



SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI  
 Heimsending. www.humarsalan.is  
 Pöntunarsími: 8676677

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

Jón og Óskar - jonogoskar.is

s. 552-4910.

**STADGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

Opið mán - fös 11-16, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)

Upplýsingar í síma 782 8800

**Vélar og verkfæri**

**HEILSA**

**Nudd**

Heilsu og slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 789 5452

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

**SKÓLAR & NÁMSKEIÐ**

**Ökukennsla**

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésón.



**HONDA**  
**Legend V6 AWD**  
 Nýskráður 6/2008, ekinn 80 þús.km., bensín, sjálfskiptur, einn með öllu.  
**Verð kr. 3.890.000**



**HYUNDAI**  
**i10 Comfort**  
 Nýskráður 11/2015, ekinn 8 þús.km., bensín, 5 girar.  
**Verð kr. 1.850.000**



**PEUGEOT**  
**5008 Style**  
 Nýskráður 6/2016, ekinn 7 þús.km., dísel, sjálfskiptur.  
**Verð kr. 4.150.000**



**PEUGEOT**  
**3008 Active**  
 Nýskráður 6/2016, ekinn 15 þús.km., dísel, sjálfskiptur.  
**Verð kr. 3.850.000**



**PEUGEOT**  
**2008 Active Motion**  
 Nýskráður 9/2014, ekinn 34 þús.km., dísel, sjálfskiptur.  
**Verð kr. 2.890.000**



**MITSUBISHI**  
**Colt 1.3 m/t**  
 Nýskráður 6/2006, ekinn 110 þús.km., bensín, 5 girar.  
**Verð kr. 850.000**



**HONDA**  
**CR-V Executive**  
 Nýskráður 11/2010, ekinn 83 þús.km., bensín, sjálfskiptur.  
**Verð kr. 3.750.000**



**HONDA**  
**Accord Lifestyle**  
 Nýskráður 7/2013, ekinn 30 þús.km., bensín, sjálfskiptur.  
**Verð kr. 3.350.000**



**CHEVROLET**  
**Cruze LTZ**  
 Nýskráður 5/2015, ekinn 13 þús.km., dísel, 6 girar.  
**Verð kr. 3.450.000**



**OPEL**  
**Vectra-C**  
 Nýskráður 1/2004, ekinn 136 þús.km., bensín, 5 girar.  
**Verð kr. 550.000**

**Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á skrá**

**Opnunartími**  
 Mánudaga - föstudaga milli kl. 10:00 og 18:00  
 Opið á laugardögum milli kl. 12:00 og 16:00



Bílaþjónanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is

**HÚSNÆÐI**

**Húsnæði í boði**

**TIL LEIGU Á NÝBÝLAVEGI**

150 fm verslunar og lager húsnæði

430 fm atvinnuhúsnæði

285 fm Kistumelur 14

Hafsteinn 690 3031

**TIL LEIGU NÝLEGT**

**285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**

285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000

**Geymsluhúsnæði**

**GEYMSLUR.IS SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR!**

á minna en 7 m<sup>2</sup>. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

**ATVINNA**

**Atvinna í boði**

Gröfumáður óskast, aðeins vanir menn. Einnig verkamenn vanir jarðvinnu. Uppl. eftir kl. 17 í s. 8521910



Subway óskar eftir að ráða starfsmann í 50% dagvinnu, frá 10-14 í Borgartúni. Óskað er eftir jákvæðum, duglegum, samvísusömum og áráðanlegum einstaklingi. Hægt er að sækja um á heimasíðu fyrirtækisins: www.subway.is/Hafasamband/Saekjumstarf/

**ATH - ATH - ATH !!**

Gamla smiðjan Lækjargötu 8 og Prastalundi. Við erum að leita að metnaðarfullu, jákvæðu, kraftmiklu fólki til að veita afburðagóða þjónustu. Fullt starf og hlutastarf.

Allar nánari upplýsingar í s. 661-7000

**LEBOWSKI BAR**

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is

**KÖKUHORNID**

Röskur starfskraftur óskast sem fyrst í afgreiðslustarf í bakarí okkar í Bæjarlind. Æskilegt er að viðkomandi sé 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.

Uppl. gefur Gréta í s. 867 1433 eða senda á kokuhornid@kokuhornid.is

**Atvinna óskast**

**PROVENTUS STARFSMAÑNAPJÓNUSTA**

Útvegum starfsmenn til fjölbreytilegra starfa um lengri eða skemmri tíma.

Nánari upplýsingar í síma 775-7373 eða sendið fyrirspurn á netfangið proventus@proventus.is

**GEFÐU HÆNU**

gjofsemgefur.is  
907 2003



**GEFÐU VATN**

gjofsemgefur.is  
907 2003



**Vörukaup ehf. - Opið sölufarli**

Lindarhvoll ehf., kt. 670416-0460, Arnarhvoli, 101 Reykjavík, auglýsir til sölu allt hlutafé í einkahlutafélaginu Vörukaup, kt. 421111-1460, Miðhrauni 15, Garðabæ.

Sölufarli Vörukaupa ehf. byggir á samþykktum reglum um sölu eigna ríkissjóðs sem eru í umsýslu Lindarhvals ehf., þar sem kemur fram að við sölu eigna skuli leggja áherslu á gagnsæi, hlutlægni, jafnræði og hagkvæmni. Með hagkvæmni er átt við að leitað sé hæsta verðs eða markaðsverðs fyrir eignirnar.

Sölufarlið er opið öllum aðilum sem sýnt geta fram á með fullnægjandi hætti að mati Lindarhvals ehf., fjárhagslegan styrk og fjárfestingagetu umfram 100 milljónir króna.

Þeim aðilum sem óska eftir frekari upplýsingum og fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru, er vinsamlegast bent á að senda tölvupóst á netfangið vorukaup@lindarhvolleignir.is og munu þeir í framhaldinu fá senda stutta kynningu ásamt frekari upplýsingum um sölufarlið.

Í kjölfarið og eftir skoðun Lindarhvals ehf. á fyrirliggjandi gögnum verða frekari sölugögn afhent til fjárfesta, sem boðið verður að taka þátt í sölufarlinu gegn undirritun þeirra á trúnaðaryfirlýsingu og skilmálabréf þar að lútandi.

Áhugasömum bjóðendum er boðið að skila inn skuldbindandi tilboðum með sérstaklega tilgreindum fyrirvörum fyrir kl. 16.00, föstudaginn 14. október 2016.

Frekari upplýsingar um sölufarlið má nálgast með því að senda fyrirspurn í tölvupósti á netfangið vorukaup@lindarhvolleignir.is.

**Tæki/vörumerki og uppskriftir úr veitingastað !**

Eldunartæki frá Quiznos Sub úr Super Sub og þar með nýr djúpteikingarpottur sem ekki þarf útloftun er til sölu á mjög góðu verði ásamt rennibraut og (hentar sem rennibraut við sundlaug/heitan pott)og boltalandi góð verð !!

892-0807

**ALLTAF VIÐ HÖNDINA**

Þú getur lesið Fréttablaðið í heild sinni á Vísi og í Fréttablaðs-appinu



Þú færð appið á vísir.is/fbl eða beint í gegnum App Store, Google Play, Get it on Google Play, Microsoft

FRÉTTABLAÐIÐ ... allt sem þú þarft

**Þjónustuauglýsingar**

Sími 512 5407

**Er vandamál með neysluvatnið?**

Við ástandsskoðum, hreinsum og fódurum neysluvatnslagnir.



Varanlega vörn gegn tæringu, ryðmyndun, stíflu og leka.

S: 519-6480 hreinarlagnir.is



Rennismiði - Nýsmiði - Viðhald

Smíðum úr:

Ryðfrústáli - Áli - Járn

**MANNBERG** ehf

Vélsmiðja

www.mannberg.is - manberg@mannberg.is

Akralind 1 - 201 Kópavogi - Sími: 564 2002



Sérhæfð viðgerða - og viðhaldsþjónusta fyrir húsbíláeigendur

**Verkstæði**  
VARAHLUTIR  
S. 564 2004

CHRYSLER Jeep Alfa Romeo

SÍMAR 564 2004 / 864 4571 / 864 4572 - Óseyrarbraut 7 Hafnarfirði

Sturlaugur Jónsson & Co

**TÚRBÍNUR**

Útvegum túrbínur frá IHI, Garrett, KKK, Schwitzer, Holset og Mitsubishi í flestar gerðir farartækja. Hagstætt verð.



www.sturlaugur.is - Sími 412 3000 - Selhelli 13 Hafnarfirði

- Hjólbarðaviðgerðir
- Smurþjónusta
- Bremsur
- Demparar
- Rafgeymar
- o. fl.



Gylfafiöt 3 Grafarvogi Sími 567 4468 dekk@gummisteypa.is

GENERAL HJÓLBARÐAR

**Rafstilling ehf**

startarar - alternatorar - perur viðgerðir - sala hröð og góð þjónusta Dugguvogi 23 - s: 5814991 rafstilling@rafstilling.is

**BIFREIÐAVERKSTÆÐI KÓPAVOGS**

TOYOTA ÞJÓNUSTA ALLAR ALMENNAR BÍLAVIÐGERÐIR



SMÍÐJUVEGUR 2 • KÓPAVOGUR WWW.BIFREIÐAVERKSTAEDI.IS

S. 587 1350

EYJALIND

- Díselyftarar
- Ramagnslyftarar
- Vöruhúsatæki
- Varahlutir

Vertu vinur okkar á Facebook

Sími: 517-8240 - Súðarvogur 20 - www.eyjalind.is



**Öryggismyndavél fyrir sumarþústað og heimili.**

Tekur venjulegt GSM SIM kort, Hægt að panta mynd eða hlusta svæði. SMS og MMS viðvörn í síma og netfang. Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist. Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara. Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl. Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn. Getur tengst blikkiljós og sírenu. Stýrist með appi.




Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir.is

**Alla fimmtudaga og laugardaga**

arnarut@365.is sigrunh@365.is

OPÍÐ HÚS



## ÞINGVAÐ 25


OPÍÐ HÚS Í DAG KL. 17:30-18:00

Glæsilegt og vandað einbýlishús á einni hæð við einstaka náttúruperlu við Þingvað í Norðlingaholti. Húsið er staðsett á jaðarlóð og er óhindrað útsýni frá húsinu í átt að Rauðhólum, Heiðmörk og Bláfjöllum.

Húsið er alls 236,4 fm. Þar af er innbyggður 41,6 fm. bílskúr.

Verð: 89,9 millj.

Nánari upplýsingar veitir  
Kristján Baldursson hdl. og lögg. fast. í s: 867-3040  
eða á netfanginu kristjan@trausti.is



Trausti fasteignasala • trausti@trausti.is • s.546-5050 • Vegmúla 4 • 108 Reykjavík

# GIMLI

## 570 4800

Fasteignasalan Gimli  
Grensásvegi 13, 108 RVK

Arni Stefánsson  
Viðskiptafræðingur  
Löggiltur fasteignasali



OPÍÐ HÚS

### BRÆÐRABORGARSTÍGUR 30

OPÍÐ HÚS Í DAG FIMMTUDAG FRÁ KL. 17:15-17:45

Mjög falleg 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í nýlegu lyftuhúsi (byggt 2006) á frábærum stað í gamla Vesturbænum. Eigninni fylgir stæði í bílageymslu. Stór stofa og borðstofa með útgengi á góðar svalir. Falleg innrétting í eldhúsi. Tvö góð svefnherbergi. Flísalagð baðherbergi með baðkari og innréttingu. Þvottahús innan íbúðar.  
Verð 53 millj.



GARDATORGI 7  
210 GARDABÆ  
Sími : 545-0800  
is www.gardatorg.is

Þóroddur S. Skaptason lögg. fasteignasali

Til sölu 214 fm verslunar-  
húsnæði  
( Grettisból ) sem býður  
uppá mikla möguleika  
á frábærum stað við  
Þjóðveg 1. rétt við gatna-  
mótin að Laugarbakka og  
Hvammstanga.

Húsið stendur á 22.989 fm  
leigulóð sem hefur verið  
útbúinn sem sýningar svæði  
um Gretti Ásmundarson  
með 10 metra háu sverði  
sem er frábært kennileiti  
fyrir húsið og laðar að  
ferðafólk.  
Unnið er að því að fá leyfi  
fyrir bensinstöð á lóðinni.  
húsnæðið hentar mjög vel  
undir ferðaþónustutengda starfsemi þ.e.a.s. veitingasölu, minja-  
gripaverslun og matvöruverslun. Þú ert að útbúa salernisaðstöðu  
fyrir gesti.  
Verið er að opna stórt hótél á Laugarbakka sem er í göngufæri við  
húsið. Seljandi skoðar skipti. **Tilboð óskast**

Allar nánari uppl. veitir Steinar s: 898 5254



### Auglýsing um framkvæmdaleyfi



Sveitfélagið Hornafjörður hefur samþykkt að veita framkvæmdaleyfi vegna Hringvegs nr. 1 milli Hólms og Dynjanda. Framkvæmdin er háð mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000 og liggur matsskýrsla og álit Skipulagsstofnunar fyrir. Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Hornafjarðar 2012-2030. Ákvörðunin liggur frammi hjá Sveitafélaginu Hornafjörður á heimasíðu sveitafélagsins. Ákvörðunina má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála til 22. október 2016.

Höfn í Hornafirði 20. september 2016  
F.h. bæjarstjórnar, Gunnlaugur Róbertsson, Skipulagsstjóri



## Reykjavíkurborg

Heilbrigðiseftirlit

### Auglýsing á sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir alifuglabú Brúneggja ehf. til eggjaframleiðslu að Brautarholti 5, Kjalarnesi

Með vísan til 24. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, mun tillaga að sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir neðangreinda aðila liggja frammi hjá Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 1. hæð, frá 22. september til 22. október 2016. Einnig eru starfsleyfisskilyrðin aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

Fyrirtæki/gjaldstími starfsleyfis í árum	Almenn skilyrði	Sértæk skilyrði	Reglugerð 785/1999	Staðsetning
Brúnegg ehf. / 12 ár	X	X	X	Brautarholt 5, Kjalarnesi

#### Rétt til að gera athugasemdir hafa eftirtaldir aðilar:


1. Sá sem sótt hefur um starfsleyfi svo og forsvarsmenn og starfsmenn tengdrar eða nálæggar starfsemi.
2. Íbúar þess svæðis sem ætla má að geti orðið fyrir óþægindum vegna mengunar.
3. Opinberir aðilar, félag og aðrir þeir sem málið varðar.

Athugasemdir skulu vera skriflegar og sendast Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, í síðasta lagi **22. október 2016.**

Vísir hf óskar eftir að fastráða háseta á Sighvat Gk 57.

Sighvatur er línuveiðiskip með beitningarvél.

Umsókn berist á heimasíðu Vísir  
www.visirhf.is.



### Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Hornafirði



Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar samþykkti þann 8. september 2016 að auglýsa lýsingu vegna aðalskipulagsbreytinga á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

#### Aðalskipulagsbreytingar 2012-2030

Lýsing varðandi Aðalskipulagsbreytingar felur í sér eftirfarandi; Helstu breytingar eru vegna mikilla breytinga í rekstri ferðaþjónustu vegna fjölgunar ferðamanna. Í gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins varð ferðaþjónusta skilgreind sem ein af mikilvægustu atvinnugreinunum. Skipulagsbreytingin tekur til eftirtalinnna staða. Hvammur og Þorgeirsstaðri í Lóni, Horn, Sauðanes og Birkifell Nesjum. Nýpugarðar á Mýrum. Leiti og Reynivellir í Suðursveit og Svínafell í Örfæm. Veitt verður verslunar- og þjónustuheimild á hverjum stað fyrir sig og er um að ræða hringtákn á uppdrætti á öllum stöðum nema á Svínafelli og Reynivöllum. Landnotkun á svæðunum breytist úr landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði.

#### Aðalskipulagsbreyting Skaftafell III og IV

Lýsing varðandi aðalskipulagsbreytingu fyrir Skaftafell III og IV felur í sér eftirfarandi; Helstu breytingar eru vegna fjölgunar ferðamanna og aukin eftirsókn eftir fjölbreyttri gistingu og aukningar á lóðaframboði fyrir starfsfólks svæðisins. Landnotkun á svæðinu breytist úr óbyggðu og landbúnaðarsvæði í verslunar- og þjónustusvæði tengt ferðaþjónustu.

#### Aðalskipulagsbreyting Skotsvæði og Moto-cross braut

Lýsing varðandi deiliskipulagsbreytingu fyrir Skotsvæði og Moto-Cross svæði felur í sér eftirfarandi; Um er að ræða breytingu á þremur svæðum skotæfingarsvæði, mótorkross svæði og efnistökusvæði. Markmið með breytingunni er gerð nýrra íþróttasvæða til að tryggja möguleika til skipulagðra æfinga, við breytinguna fellur núverandi akskursíþróttasvæði út. Efnistökusvæði í Fjárhúsavík var felld út í síðustu aðalskipulagsgerð lagt er til að hún verði opnuð aftur.

Gögn vegna ofangreindra lýsinga verða til sýnis í ráðhúsi sveitarfélagsins Hafnarbraut 27 á opnunartíma frá og með 22. september til og með 1.nóvember og á heimasíðu sveitarfélagsins www.hornafjordur.is/stjornsysla undir skipulag í kynningu. Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefin kostur á að gera athugasemdir við lýsinguna. Frestur til að skila athugasemd er til 1. nóvember 2016 og skal skilað skriflega á bæjarskrifstofur Sveitarfélagsins Hornafjarðar, Hafnarbraut 27, 780 Höfn eða á netfangið skipulag@hornafjordur.is

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri



Ábendingahnappinn má finna á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)



SAFT



ÞÚ BORGAR EKKERT EF VIÐ SELJUM EKKI.  
HRINGDU NÚNA OG KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ.

Sími 533 1616 • Þjónustusími 891 9916

ÞAÐ ER LÍKLEGRA AÐ ÞÍN EIGN VERÐI SELD EF HÚN ER Á SÖLUSKRÁ HJÁ OKKUR

[www.lundur.is](http://www.lundur.is) • [lundur@lundur.is](mailto:lundur@lundur.is)



Karl Gunnarsson  
lögg. fasteignasali  
s. 898 2102



Kristján P. Arnarsson  
lögg. fasteignasali  
s. 896 1188



Unnur Karen  
Karlsdóttir  
s. 698 9056

# LÆRI TÆKIFAERI

SS Læri - Frosið

Verð

**1.199**

Kr. Kg.



SS *frenstir fyrir bragðið*



OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
ICELAND, ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA



**Iceland**

# Jafnréttismál á krossgötum – hvað þarf eiginlega að breytast?

**Alda Hrönn Jóhannsdóttir** formaður Stéttarfélags lögfræðinga  
**Bragi Skúlason** formaður Fræðagarðs  
**Hugrún R. Hjaltadóttir** formaður Félags íslenskra félagsvísindamanna  
**Ragnheiður Bóasdóttir** formaður Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins  
**Sigrún Guðnadóttir** formaður Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga

Bandalög launafólks hafa barist fyrir kynjajafnrétti um langt árabíl og okkur sem störfum fyrir þau bandalög sviður árangursleysið.

En jöfn kjör eru einungis eitt pennastrik í flóknu mynstri jafnréttismála og þegar litið er til annarra jafnréttisþátta blasir við okkur enn dapprari sýn. Afrakstur jafnréttisáðgerða er víðast lítil. Eini áþreifanlegi árangurinn undanfarna hálfu öld virðist vera takmörkuð viðurkenning á tilveru þeirra sem stíga út fyrir ramma rétttrúnaðar fyrri tíma í kynhneigð og enn skilyrtari jánkun við því að konan ráði yfir líkama sínum. Hið síðara er meira að segja í hugum margra háð illa skilgreindum velsæmismála í klæðaburði eða öðrum skilyrðum.

Við höfum sett lög og skrifað reglugerðir. Barið okkur á brjóst og sagt misrétti heilagt stríð á hendur. Sett jafnréttismál á stefnuskrár stjórnmalaflokka, kjarafélaga, göðgerðasamtaka og saumaklúbba.

Árangur baráttunnar hefur verið takmarkaður og oftast skilyrtur.

Eina haldbæra skýringin á framfaraskortinum er raunar sú að aðferðafræði okkar sé röng. Sumir berjast fyrir launajafnrétti. Aðrir fyrir jafnrétti til náms, aðgengis, hjúskapar eða þátttöku í einum eða öðrum þætti tilverunnar. Konan getur nálgast launajafnrétti ef hún hegðar sér eins og karl á vinnuarkaði. Jafnrétti til náms er lagabókstafur sem hefur ekki náð að brjóta niður múra efnahagsstöðu, uppruna eða líkamsástands. Öryrkjar horfðu í von til reglugerða um aðgengi, en meira að segja opinberar stofnanir sjá færstar ástæðu til að starfa eftir þeim og jafnrétti samkynhneigðra til fjölskyldulífs er enn háð illskiljanlegum skilyrðum. Aldraðir njóta ekki enn jafnréttis til neins.

Þarna er gagnberra breytinga þörf. Vonandi getum við öll verið sammála um það. En hvað ef það sem þarf að breytinga varðar okkar eigin framgöngu?

Getur verið að allir þeir sem til þessa hafa beitt kröftum sínum í glímu við einhvern anga jafnréttismála þurfi að snúa bókum saman um að gera grundvallarbreytingar á nálguninni að málefnum? Jafnrétti er mannréttindamál. Í sinni einföldustu (og flóknu) mynd er það réttur hvers einstaklings til þátttöku í samfélagi sínu að mörkum eigin getu og vilja og á sínum eigin forsendum.

## Í órafjarlægð

Eins og mál standa erum við í órafjarlægð frá ofangreindri skilgrein-



**Ef við ætlum að nálgast jafnrétti þurfum við að snúa þessu dæmi við. Við þurfum að snúa forsendunum á hvolf. Samfélagið og stofnanir þess verða að takast þá skyldu á herðar að skýra misrétti, fremur en að einstaklingar eða hópar þurfi að réttlæta jafnrétti.**

ingu. Öryrkjar og aldraðir hafa takmarkaðan þátttökurétt í samfélaginu og hafa það sameiginlegt með atvinnulausum að eiga fremur að nefnast bótáþolar en bótáþegar. Aðrir hópar standa einnig frammi fyrir illa yfirstíganlegum forsendum og takmörkunum. Konum hættir til að segja þessar forsendur karllægar, en þær eru í raun hvorki karllægar né kvenlægar. Þær eru ekki heldur gagnkynhneigðarlægar, ungdómslægar eða settar til höfuðs öryrkjum. Þær eru einhvers konar seigfljóttandi hugmyndafræðilegur massi sem virðist hafa safnast saman í aldanna rás svona af sjálfu sér. Hljóma líkast tilviljanakenndu bergmáli af röddum úr djúpi aldanna. Í dag eru þessar forsendur líklega engum þóknarlegar, þótt þær geti eftir atvikum reynst ágætis stjórntæki í höndum



þeirra sem hafa geð til að nýta þær. Tilgangur þeirra í dag virðist fyrst og fremst vera að hefta hugmyndafræðilega hreyfingu og í nútímanum hefur ekkert samfélag efni á að hægja á þeirri þróun. Síð af öllu litið samfélag sem í mörgu virðist alltaf hokra á mörkum hins byggilega.

Ef við ætlum að nálgast jafnrétti þurfum við að snúa þessu dæmi við. Við þurfum að snúa forsendunum á hvolf. Samfélagið og stofnanir þess verða að takast þá skyldu á herðar að skýra misrétti, fremur en að einstaklingar eða hópar þurfi að réttlæta jafnrétti.

Stofnanir sem skammta hópum það hlutskipti að geta ekki tekið nema takmarkaðan þátt í samfélaginu eiga ekki tilveru. Við höfum ekki efni á að setja ljós neins undir mæliker. Hvorki í nafni

veraldlegs né trúarlegs valds. Alls ekki í nafni stjórnunar eða embættisþæginda og síð af öllu í nafni háþyrskunar arðs fámennra hópa. Launagreiðandi sem byggir launagreiðslur á einhverju öðru en framlagi launamannsins á ekki erindi í rekstur. Stjórnvald sem yfir stökum hópum út á jaðar samfélagsins og heftir þannig framlag þeirra er ekki stjórntækt.

Vissulega eru sú barátta sem þegar hefur átt sér stað mikilvæg en betur má ef duga skal. Grundvöllur jafnréttis liggur á sömu stöðum og það samfélag sem við byggjum og felst því ekki síður í viðurkenningu á lífsgildum allra hópa en rétti þeirra til einhverra skilgreindra athafna, hegðunar eða umbunar. Sú umræða er fram undan.

Greinin er þriðja greinin af þremur um jafnréttismál.

## Arkitektúr og túrismi – annar hluti



**Dagur Eggertsson** prófessor í arkitektúr og rekur arkitektastofuna Rintala Eggertsson arkitektar í Ósló og Bodó í Noregi



**Forvitnilegt verður að sjá hvort næsta ríkisstjórn Íslands sýni festu með því að taka til við að móta heildræna stefnu í ferðamannaíðnaðinum og veiti fjármagn í verðug verkefni þar sem áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og vel hannað umhverfi.**

heldur allri upplifuninni sem fylgir því að ferðast milli staða. Var hafist handa um að skipuleggja áningarstaði, salernisadstöðu og útsýnisstaði sem skiptu leiðunum niður í hæfilega langa áfanga sem gerðu það að verkum að reynslan af ferðinni varð ánægjulegri. Fengnir voru arkitektar og landslagsarkitektar í verkin sem túlkuðu staðarhætti og aðlöguðu mannvirkin aðstæðum á hverjum stað.

Prógramminu var þegar í stað vel tekið og brátt voru sveitarfélögin komin í biðröð með vænlegar hugmyndir. Ekki hefur það verið mælt hvaða áhrif verkefnið hefur haft á ferðamenn. En skemmst er frá því að segja að vegir þeir sem valdir voru eru orðnir afar vinsælir meðal ferðamanna og mörg af verkefnum sem byggð hafa verið fengid tilnefningar til – sum hver hlotið mikilvæg hönnunarverðlaun á alþjóðavettvangi. Teiknistofa mín og félagi minna hefur tekið þátt í þróun veggja slíkra verkefna. Nú á dögunum var verið að vígja nýjasta áningarstaðinn á Gaularfjallvegnum í Vestur-Noregi. Í tengslum við opnunina upplýstu norskir fjölmiðlar að fjöldi ferðamanna á svæðinu hefði þegar margfaldast [ii] og ef þróunin verður svipuð og á öðrum þjóðlegum ferðamannavegum mun þetta leiða til fjölda nýrra atvinnutækifæra.

David Basulto, stofnandi hins heimsþekktu veftímarits um arkitektúr ArchDaily, sagði við opnun Feneyjatvíæringsins í vor að áætlun þessi sé gott dæmi um að arkitektúr er afgerandi þáttur í verðmætastöpun, jafnframt því sem hann stuðlar að velliðan meðal þeirra sem hann nota og stolti gagnvart nánasta umhverfi meðal heimamanna [iii]. Prófessor í markaðsfærslu við Verslunarháskóla Noregs, Ragnhild Silkoset, tekur í sama streng í viðtali við Aftenposten nýlega og segir að með því að sýna umheiminum að maður þori að byggja við erfiðar aðstæður og gefi ungum arkitektum færi á að spreya sig hafi þjóðlegir ferðamannavegir markaðsfært Noreg á mjög jákvæðan hátt bæði sem ferðamanna- og iðnaðarþjóð [iv]. Þetta fordæmi ættu Íslendingar að færa sér í nyt við þróun ferðamannastaða.

Til þess að náttúru Íslands verði hlíft fyrir ágangi ferðamanna er engum vafa undirorpið að leggja verður í fjárfestingar á næstu árum. Forvitnilegt verður að sjá hvort næsta ríkisstjórn Íslands sýni festu með því að taka til við að móta heildræna stefnu í ferðamannaíðnaðinum og veiti fjármagn í verðug verkefni þar sem áhersla er lögð á fagleg vinnubrögð og vel hannað umhverfi.

[i] Menningarstefna í mannvirkjagerð - Stefna íslenskra stjórnvalda í byggingarlist; Menntamálaráðuneytið 2007, síða 9. [http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/j-mennningarstefna\\_i\\_mannvirkjagerd.pdf](http://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/j-mennningarstefna_i_mannvirkjagerd.pdf)

[ii] <https://tv.nrk.no/serie/dagsrevyen-21#t=10m52s>

[iii] <http://www.aftenposten.no/kultur/Spektakular-utsikt-skaper-ny-naring-198302b.html>

[iv] [http://www.aftenposten.no/reise/Her-er-Norges-nyeste-land-emerke-722637\\_1.snd](http://www.aftenposten.no/reise/Her-er-Norges-nyeste-land-emerke-722637_1.snd)

## Kári Stefánsson, gættu þín



**Birgir Guðjónsson** fv. assistant professor við Yale University School of Medicine



**Þessari einstæðu konu lýsir þú, Kári, eins og „tveir vörubilstjórar soðnir saman“. Verður kvenfyrirlitning öllu meiri?**

Sæll, Kári.

Syndaaflausnarsamtal þitt í Stundinni, þ. 25. ágúst, var fróðlegt. Þú lýsir þar og viðurkennir ýmsa skapgerðarþætti sem mörgum eru löngu ljósir en hefðu ekki þorað að nefna af ótta við málsókn.

Þú hefur fengist við margt og eitt-hvað tekist, skrifað og skammast og komist upp með ýmislegt. Nú held ég að þú hafir farið langt yfir öll mörk síðleysis.

Jafnvel þótt þú lýsir þér sem skíthæl og óhræsi leyfist þér ekki að að niða konu vegna líkamsvaxtar og andlitslags eða karlmann vegna meintrar samkynhneigðar, eins og þú gerir í Fréttablaðinu 9. september.

Hannah Grey má hafa verið meiri um sig en við tveir til samans og ofríðari en við tveir til samans en á sama tíma miklu gáfaðri en við tveir til samans og verk hennar og orðstír mun varðveitast lengur en okkar beggja til samans.

Hannah Grey fæddist í Þýskalandi 1930. Faðir hennar flúði með fjölskylduna undan ofsóknunum nasista og var prófessor í sögu við Yale háskóla í 35 ár. Hannah Grey var í Bryn Mawr College, síðan Fulbright Scholar við Oxford háskóla. Hún útskrifaðist með Ph.D í sagnfræði frá Harvard og var þar assistant professor í nokkur ár. Hún flutti með manni sínum til Chicago, varð þar assistant professor og síðar associate professor við University of Chicago til 1972. Komu þá fram afburða stjórnunarhæfileikar hennar. Hún var skipuð stjórnandi (Dean) College of Arts and Sciences at Northwestern University 1972. Hún varð prófessor í sagnfræði við Yale 1974 og provost sem er næstæðsta staða í háskóla og leysti af sem rektor

(president) 1977-78. Henni var veitt prófessors- og rektorsstaða (president) við University of Chicago 1978 og var það til 1993 og þótti afburða stjórnandi. University of Chicago telst meðal bestu háskóla í heiminum.

Hannah Grey var gerð að heildursdoktor við um 60 háskóla, ekki aðeins í Bandaríkjunum heldur einnig Oxford og sat í stjórn helstu vísinda- og menntastofnana. Hún er löngu viðurkennd sem einhver áhrifamesti háskólaeildtogi þessa tímabils. Hún hefur hlotið Presidential Medal of Freedom, æðstu orðu Bandaríkjanna, og Medal of Liberty sem hefur aðeins verið veitt 12 ríkisborgurum fæddum utan Bandaríkjanna. Þessari einstæðu konu lýsir þú, Kári, eins og „tveir vörubilstjórar soðnir saman“. Verður kvenfyrirlitning öllu meiri?

Hannah Grey mun örugglega hafa stjórnad af festu og ekki þolað neinn dólghátt. Varst þú nokkuð ódæll í Chicago?

Edward Heath var ekki einn af farsælustu forsætisráðherrum Bretlands og vissulega alltaf pipar-sveinn og margoft orðaður við samkynhneigð en það hefur aldrei sannast á hann neitt ósiðlegt. Afstaða þín og aðgerðir við slíku er vel þekkt en það gæti verið óráðlegt að niða hann af mikið til að verða ekki gerður brottrækur úr breskum farartækjum. Mér sýnist vera þörf á itarlegri syndaaflausn.



Frá kr.  
**139.795**  
m/hálftu fæði

**BEINT  
FLUG**

**31. jan. í 10 nætur**

**Nýr áfangastaður**

# LA PALMA á Kanaríeyjum

**H**eimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn beint flug til Kanaríeyjunnar La Palma en þessi dásamlega eyja skartar fallegs útsýnis, ósnortinnar náttúru og fráberrar umgjörðar fyrir sólarunnandann. La Palma er einstaklega falleg eldfjallaeyja með hreint ótrúlega miklum gróðri, enda þýðir Isla La Palma „Pálmaeyjan“ og eyjan er stundum kölluð Isla Bonita sem þýðir „Fallega eyjan“.

Meðalhitinn er eins og öðrum Kanaríeyjum yfir vetrartímann, um 20-25 gráður og hér er að finna eitt besta loftslag í heimi, milt og gott veður með jöfnu hitastigi árið um kring. Vinsældir Kanaríeyjanna hafa farið vaxandi með hverju árinu en hingað sækja ferðalangar til að njóta notalegs loftslags, sólarinnar, afslöppunar og útivistar að ógleymdum góða matnum sem í boði er.

Fyrir þá sem langar að hreyfa sig í fríinu þá hefur La Palma uppá margt að bjóða en aðstæður á eyjunni henta mjög vel til gönguferða. Hægt er að komast í skipulagðar gönguferðir um skóginn sem eru algjörlega einstakar, fara í fjallgöngur, stjörnuskoðunarferðir og fleira.

Heimsferðir eru stolt af því að bjóða gistingu á Hotel La Palma Princess í Princess-hótelkeðjunni sem býður ótrúlega fjölbreytta þjónustu en flaggskip hótelsins er án efa sundlaugargarðurinn sem státar af 11 sundlaugum. Á hótelinu er í boði allt innifalið þjónusta en hótelið er hannað með þeim hætti að gestirnir hafi allt til alls og þurfi ekki að sækja þjónustu annað.



**Frábær  
kjör**



10.000 kr. bókkunarsláttur

**Hotel La Palma Princess** ●●●●

**Frá kr. 149.795 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 149.795 m.v. 2 í herbergi.



**Las Olas Apartments** ●●●●

**Frá kr. 139.795 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 139.795 m.v. 2 í íbúð.



**Hotel Sol La Palma** ●●●●+

**Frá kr. 155.595 m/allt innifalið**

Netverð á mann frá kr. 155.595 m.v. 2 í herbergi.



**H10 Taburiente Playa** ●●●●+

**Frá kr. 141.195 m/hálft fæði innif.**

Netverð á mann frá kr. 141.195 m.v. 2 í herbergi.

# Ósanngjörn samkeppni fjölmiðla



Hallgrímur Kristinnsson  
stjórnarfor-  
maður FRISK

Nýlega sendu flestir fjölmiðlar á landinu opið bréf til Alþingis þar sem skorað var á þingið að gera málefnalegar og tímabærar breytingar á íslenskri löggjöf til þess að jafna samkeppnisstöðu íslenskra fjölmiðla gagnvart erlendum efnisveitum.

Félag réttihafa í sjónvarps- og kvikmyndaiðnaði (FRISK) hefur undanfarið ár rætt sömu mál við hina ýmsu ráðamenn og þingflokka og bent á hve gifurlega mikilvægt það er að íslenskir fjölmiðlar (og aðrir sem starfa á sambærilegum markaði,

þ.m.t. kvikmyndahúsin) séu samkeppnishæfir við erlendar efnisveitur. Sem dæmi um stöðuna sem nú er uppi má nefna að samkvæmt könnun sem gerð var rétt áður en efnisveitan Netflix var opnuð formlega hér á landi tók fyrirtækið 500 milljónir króna árlega af íslensku fjölmiðlakönnunni (þ.e. þeir sem annars hefðu keypt efni af íslenskum efnisveitum). Því má búast við að þessi tala hafi hækkað umtalsvert. Við þetta má svo bæta þjónustum sem formlega eru ekki boði hér á landi, svo sem Hulu og Sky, og er þá ónefnt það milljarða tap sem markaðurinn verður fyrir árlega af völdum hugverkastaldar.

Öll samkeppni er holl en hún þarf að vera sanngjörn. Erlendu þjónusturnar borga hér enga skatta, hafa enga starfsstöð og skila því ekki krónu til samfélagsins. Samkvæmt nýlegri könnun Gallup skilar hins vegar hver króna sem ríkið leggur



**Öll samkeppni er holl en hún þarf að vera sanngjörn. Erlendu þjónusturnar borga hér enga skatta, hafa enga starfsstöð og skila því ekki krónu til samfélagsins.**

fram til sjónvarps- og kvikmynda-geirans hér á landi sér tvöfalt til baka. Það er því ótrúlegt að hér skuli vera tekinn 24% virðisaukaskattur af innlendum myndefnisveitum og bíómíðum þegar bækur og tónlist bera einungis 11% skatt og erlendir keppinautar engan.

## Kvaðir á innlenda miðla

Þá eru ýmsar kvaðir sem leggjast á innlenda miðla sem þeir erlendu

þurfa ekki að hafa áhyggjur af. Þannig ber íslenskum fyrirtækjum lagaleg skylda til að texta og talsetja allt efni á eigin kostnað og engar undanþágur leyfðar fyrir „jaðarefni“ með lítið áhorf. Ef réttlætis væri gætt ætti ríkið að sjálfsgöðu að veita styrki til þess að texta og talsetja erlent efni. Ofan á allt þetta leggst svo sú skylda íslenskra fjölmiðla og kvikmyndahúsa að standa straum af kvikmyndaskoðun til að tryggja að börn sjái ekki óæskilegt efni og dæmi er um að í fjölmiðlalögum sé óleyfilegt að sýna bannað efni fyrir klukkan níu á kvöldin virka daga og tíu um helgar. Þetta gerir þeim fjölmiðlum sem eru með línulega dagskrá mjög erfitt fyrir og á hreinlega ekki við lengur þar sem slík dagskrá er á undanhaldi og flestir geta horft á efni hvenær sem er og hvar sem er með tímaflakki, frelsi og myndefnisþjónustum fjölmiðlanna. Hér hafa einungis verið talin upp nokkur

atriði sem nauðsynlegt er að laga og útfæra svo innlendir aðilar geti keppt á jafnari samkeppnisgrundvelli við þá erlendu en nú er.

Vert er að taka fram að íslenskar sjónvarpsstöðvar láta framleiða fyrir sig stærstan hluta af því íslenska sjónvarpsfni sem sýnt er hér á landi. Ekki væri gott ef samfélagið hefði einungis í boði erlendar efnisveitur á borð við Netflix því þá myndu menningarleg gildi okkar fljótt hverfa. Að lokum má geta þess að samkvæmt nýlegri Gallupkönnun vilja tæp 88% landsmanna að hér sé sýnt innlent sjónvarps- og kvikmyndaefni.

Mennta- og menningarmálaráðherra kom með þá hugmynd á þingi á dögum að skipaður yrði þverpólítískur hópur til að fara ofan í kjölinn á þessum málum. Ég biðla til þeirra sem á Alþingi starfa að sjá til þess að þeirri vinnu verði hrint af stað fyrir kosningar í haust.



## Lífsógn í boði stjórnvalda?



Ragnheiður Davíðsdóttir  
framkvæmda-  
stjóri Kräfts



**Þótt ákveðinn kvóti hafi verið áætlaður í kaup á lyfjum, er alveg ljóst að aldrei er hægt að segja fyrir um hversu margir veikjast á hverju ári. Hvers eiga þeir að gjalda sem veikjast eftir að kvótinn er búinn?**

Þegar fólk stendur frammi fyrir lífsógnandi sjúkdómum leitar það allra leiða til að fá bót sinna meina. Krabbamein er sá sjúkdómur sem margir berjast við og til allrar hamingju hefur læknavísindunum fleygt það mikið fram að margir lækna af krabbameini eða geta lifað með sjúkdómi sínum. Við Íslendingar búum við þá gæfu að hér starfa einir færustu krabbameinslæknar í heiminum sem gera allt sem í þeirra valdi stendur til að lækna sjúklinga sína. En til þess að ná hámarksárangri þurfum við að hafa aðgang að bestu krabbameinslyfjum sem völ er á hverju sinni. Því miður er ekki svo í reynd.

Nú berast fréttir af því að pening- ar, sem áætlaðir voru í sjúkráhlíf á þessu ári, séu uppnir. Þetta hefur Guðrún Gylfadóttir, formaður Lyfjagreiðslunefndar ríkisins, staðfest í viðtali við Fréttablaðið þar sem fram kemur að í flestum tilfellum sé um að ræða lyf sem komin eru í notkun annars staðar á Norðurlöndunum. Það þýðir einfaldlega að íslenska heilbrigðisferðir byður krabbameinsveiku fólki ekki sömu úrræði í meðferð og slíkir sjúklingar fá í nágrannalöndunum.

### Líf og heilsa í fyrsta sæti

Í þriðju grein laga um réttindi sjúklinga stendur skýrum stöfum: „Sjúklingur á rétt á fullkomnustu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er völ á að veita.“ Í Stjórnarskrá íslenska lýðveldisins stendur jafnframt í 76. grein: „Öllum, sem þess þurfa, skal tryggður í lögum réttur til aðstoðar vegna sjúkleika, örorku,

elli, atvinnuleysis, örbirgðar og sambærilegra atvika.“ Þessi ákvæði eru alveg skýr og fæ ekki séð hvernig meintur skortur á fjármunum ríkisins ættu að ganga lengra en gildandi lög. Þegar ákveðið er hvernig fjármunum ríkisins er ráðstafað á hverju ári er það alveg skýlaus krafa okkar allra að líf og heilsa sé í fyrsta sæti.

Þótt ákveðinn kvóti hafi verið áætlaður í kaup á lyfjum, er alveg ljóst að aldrei er hægt að segja fyrir um hversu margir veikjast á hverju ári. Hvers eiga þeir að gjalda sem veikjast eftir að kvótinn er búinn? Við, sem störfum hjá Kráfti, stuðningsfélagi fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur, upplifum ötta og öryggisleysi skjólstaðinga okkar sem flestir eru afar vel upplýstir og hafa kynnt sér hvernig staðið er að meðferðum krabbameinsveikra í nágrannalöndunum. Það er sárara en tárur taki að þurfa að segja þeim að heilbrigðisfyrirvöld beri fyrir sig fjáskort sem rök fyrir því að þessi lyf séu ekki til staðar hér á landi. Líf liggur við og ekkert er mikilvægara en líf og heilsa fólks. Þess vegna þarf að forgangsraða upp á nýtt og taka peningana þar sem þeirra er síður þörf og verja þeim í þá heilbrigðisþjónustu sem við sannarlega eigum rétt á samkvæmt lögum.

## Spurt um Finnafjörð



Ögmundur Jónasson  
alþingismaður

Hún var ekki fyrirferðarmikil Fréttablaðsfréttin fimmtudaginn fimmtánda september sl. um áform Þjóðverja um höfn í Finnafirði. Alla vega var hún minni um sig en umfang áformanna gefur tilefni til.

### Svona var fréttin

„Við upplifum þetta þannig að það sé að færast aukin alvara í þessi áform,“ segir Elías Pétursson, sveitarstjóri Langanesbyggðar, um heimsókn fulltrúa Bremenports sem hafa verið að skoða uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði.

Haldnir hafa verið fundir með íbúum, landeigendum og sveitarstjórnarfulltrúum Langanesbyggðar og Vopnafjarðar undanfarna daga.

„Fundirnir hafa verið mjög upplýsandi,“ segir Elías sem kveður góðan róm hafa verið gerðan að málinu. „En ég legg á það ríka áherslu að það er enginn viðskiptavinur kominn en trú þeirra á verkefninu virðist vera að aukast.“

Svo mörg voru þau orð. Ég þakka Fréttablaðinu fyrir að hafa þó einhver orð um málið og hafði blaðið reyndar áður gert það í örfétt niunda september sl. Í öðrum fjölmiðlum hefur ríkt grafarþögn alla vega síðustu vikurnar eftir því sem ég kemst næst. Í tilvitnaðri frétt er talað um upplýsandi fundi. Ég hvet fjölmiðla til að upplýsa betur um þá fundi og grafa auk þess undir yfirborðið. Áform um stórskipahöfn á



norðausturhorninu er ekki málefni fámennra byggða einna. Heldur þjóðarinnar allrar.

### Nú þarf að spyrja

Gott væri til dæmis að fá svör við eftirfarandi: Í eigu herra er fyrirtækið sem rekur stórhöfnina í Bremerhaven? Telja menn skipta máli hverjir fjárfestarnir eru og hvað vakir fyrir eigendum?

Hver er talinn vera ávinningurinn af því fyrir íslenskt samfélag að reisa þarna stórskipahöfn?

Hve marga erlenda verkamenn þyrfti að flytja til landsins til að sinna verkefninu?

Kæmi samfélagið á svæðinu til með að ráða við að sinna innri uppbyggingu?

Er talið til hagsbóta að erlend fyrirtæki hafi á sinni hendi íslenskar hafnir, rekstur þeirra og jafnvel eignarhald?

Hver er talinn vera fjárhagslegur ávinningur fyrir þjóðarþúið, skiptir eignarhaldið máli í því samhengi?

Hver er talin vera mengunarf

áætta sem fylgir stórskipahöfn á heimsvísu? Reikna fjárfestarnir hana út eða íslensk umhverfisyfirvöld?

Hvernig samræmast áform um að þjónusta skipaumferð um pólvæðin alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga og markmiðum um verndun hafsins?

Hvert er eðli þeirra samninga sem sveitarfélagið hefur gert við Bremenports og hvort/hvernig kemur ríkissjóður að þessu verkefni?

Hefur ríkissjóður skuldbundið sig fjárhagslega til þess að liðka fyrir framkvæmdum í Finnafirði?

Hvernig samræmast þessi áform landsskipulagi?

### Hvernig væri að ræða um Finnafjörð?

Í mínum huga eru fréttirnar frá Finnafirði hrollvekjandi í sjálfa sér. Alvarlegri er þó þögnin sem umlykur málið og síðan náttúrulega sinnuleysið. Hvernig væri að breyta því og taka svolitla umræðusyrpu um Finnafjörð?

## Ríki og sveitarfélög

**Guðmundur Baldvin Guðmundsson Logi Már Einarsson Matthías Rögnvaldsson** oddvitar meirihlutans í bæjarstjórn Akureyrar

Má bjóða þér að taka við rekstri á bil nágrannans ótímabundið? Samið er um heildarakstur og viðhald gegn fastrí greiðslu, en svo samið um umframakstur, hækkað eldsneytisverð eða breytta forsendur eftir dök og disk, eða aldrei.

Allt of oft eru samningar sveitarfélaga við ríkið á þessum nótum. Samningarnir sem í upphafi rétt duga fyrir viðskiptunum,

úreltast á skömmum tíma vegna launahækkana, íþyngjandi laga-setninga eða annarra þátta. Sveitarfélögin stramma þá af reksturinn og uppskera óánægju íbúanna, vegna þjónustu, sem ríkið á með réttu að kosta. Þetta á við um öldrunarþjónustu, málefni fatlaðs fólks, rekstur tónlistarskóla og sjúkraflytninga svo dæmi séu nefnd. Þá er ónefnt þegar ríkið ræðst í einhliða aðgerðir eins og heimildir til úttekta á séreignarsparnaði, sem rýra tekjur sveitarfélaga.

Þá skeytir ríkið ekki um að rukka sanngjarnt gjald af ferðamönnum sem nýst gæti sveitarfélögunum til uppbyggingar innviða en fleytir

sjálft rjómann af sívaxandi ferðamannastraumi.

Rétt er að nefna það að sveitarfélög hafa mjög takmörkuð tækifæri til tekjuöflunar. Þannig fá þau hámarki 14,52% útsvarsgreiðslur af skatttekjum einstaklinga en ekkert af þeim sem kjósa, og eru í aðstöðu til, að borga sér meginhluta tekna sinna í fjármagnstekjur.

Mikil umræða hefur verið meðal sveitarstjórnarfólks um þessi mál og á meðan ríkið fitnar eins og þúkinn á fjósbitanum þá er rekstur sveitarfélaganna í jarnum. Það er því orðið afar brýnt að fram fari heildarendur-sköðun á skiptingu skatttekna milli ríkis og sveitarfélaga án frekari tafa.

# LAMBAKJÖTS ÚTSALA

OPIÐ  
10-23

NOTIÐ TÆKIFÆRIÐ

GÆÐI NR. 1

LAMBALÆRI

1.098.=  
1 KG.

LAMBAHRYGGUR

1.598.=  
1 KG.

SÚPUKJÖT

698.=  
1 KG.

NÝ SVIÐ

398.=  
1 KG.

NÝ

LAMBALIFUR  
HJÖRTU - NÝRU

BETRI ÁVEXTIR - BETRA GRÆNMETI

VÍÐIR

GARÐATORGI, HRINGBRAUT  
SKEIFUNNI



## Með táknmáli er ég jafningi



**Valgerður Stefánsdóttir**  
forstöðumaður  
Samskipta-  
miðstöðvar  
heyrnarláusra og  
heyrnarskertra

Nú stendur yfir alþjóðleg baráttuvika heyrnarláusra með yfirskriftina *Með táknmáli er ég jafningi* (With sign language I'm equal). Samskiptamiðstöð þjónar fólki sem talar íslenskt táknmál og hefur reglulega bent á brýna þörf fyrir aukna þjónustu, sem byggir fyrst og fremst á eflingu íslensks táknmáls (ÍTM). Í álit frá umboðsmanni Alþingis nr. 4182/2004 kemur fram að lög Samskiptamiðstöðvar tryggja ekki nægjanlega rétt heyrnarláusra til máls, menntunar og tulkþjónustu. Breytingar á lögum og alþjóðlegum sáttmálum undanfarin ár, sem ættu að skylda til aukinnar þjónustu, hafa ekki náð

að breyta miklu. Íslenskt táknmál er til dæmis viðurkennt í lögum án þess að nægjanleg uppbygging hafi átt sér stað til þess að lögin séu virt.

Í huga fólks og við skipulag á þjónustu er lítið á döff fólki sem fatlað en hagsmunir þess geta verið algerlega andstæðir hagsmunum fatlaðra. Þetta á til dæmis við um sambýli, elliheimili og skóla án aðgreiningar. Tökum skóla án aðgreiningar sem dæmi þar sem heyrnarláus börn ganga í skóla í heimahverfi og töluð er íslenska. Án táknmáls eru þau ekki jöfn öðrum börnum og öðlast ekki þá menntun og þroska sem skólinn á að veita. Hvergi í skólakerfinu er gerð krafa um að kennarar þeirra hafi skilgreinda kunnáttu í táknmáli. Við bætist að eðlilegum þörfum barnanna fyrir námsefni á íslensku táknmáli er ekki mætt.

Margar skýrslur hafa verið unnar hér á landi um málefni heyrnarláusra af um einum tug nefnda og framkvæmdanefnda allt frá árinu 1992. Allar hafa þær bent á mikil-



**Döff fólk var ekki með í „gödærinu“ fyrir hrun. Árið 2009 og árin þar á eftir þurftu stofnanir og starfsfólk sem veitir döff fólki þjónustu samt að skera niður og taka á sig hrunskuldir. Núna árið 2016 erum við ekki enn komin á dagskrá.**

vægi þess að efla íslenskt táknmál og þjónustu á íslensku táknmáli. Skýrsla vistheimilisnefndar, sem skoðaði Heyrnleysingjaskólann á árunum 1947-1992, birti alvarlegar niðurstöður um einangrun, ofbeldi og misnotkun. Þar var lagt til við stjórnvöld að tekin yrði eins fljótt og kostur er skýr, efnisleg afstaða til

áður framkominna tillagna nefnda um úrbætur í málefnum heyrnarláusra. Brugðist var við með skipun Framkvæmdanefndar um þjónustu við heyrnarláusra, heyrnarskerta og daufblinda í upphafi árs 2010. Fjórum árum síðar skilaði arftaki hennar, Framkvæmdanefnd nr. 2, skýrslu með tillögum að uppbyggingu á þjónustu og eflingu íslensks táknmáls. Tillögurnar snúa að menntun, kennsluráðgjöf, ráðgjöf við foreldra, stuðningi við máltöku barna með skerta heyrn, rannsóknnum á máli og menningu, þjónustu við aldrada, þjónustu á sviði geðheilbrigðis- og félagsmála o.s.frv.

### Enn ekki á dagskrá

Ekki hefur verið tekin afstaða til þessara tillagna af stjórnvöldum og ekki hefur á neinn hátt verið brugðist við tillögum nefndarinnar.

Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra baðst afsökunar á mistökum Heyrnleysingjaskólans í kjölfar skýrslu vistheimilaneftandrar og ítrekaði að þetta væri svartur

blettur á samfélaginu. Sagan sem í skýrslunni er rakin er að einhverju leyti að endurtaka sig í dag því ekki hefur verið brugðist við. Alveg er ljóst að önnur svört skýrsla mun birtast innan fárra ára.

Það er ekki nóg að biðjast afsökunar.

Döff fólk var ekki með í „gödærinu“ fyrir hrun. Árið 2009 og árin þar á eftir þurftu stofnanir og starfsfólk sem veitir döff fólki þjónustu samt að skera niður og taka á sig hrunskuldir. Núna árið 2016 erum við ekki enn komin á dagskrá. Nýjar tillögur um önnur viðfangsefni (sem e.t.v. verða aldrei að veruleika) eru á dagskrá nefndanna sem starfa í dag án þess að brugðist hafi verið við eldri tillögum.

Starfsfólk Samskiptamiðstöðvar er stolt af stofnuninni og því sem þar er unnið en á sama tíma skömmumst við okkar fyrir allt það sem við gerum ekki og vitum að þarf að gera. Við ítrekum og tökum undir skilaboð baráttuvikunnar með döff fólki: Með táknmáli er ég jafningi.

## Hlutverk drukkna mannsins



**Einar Örn Gunnarsson**  
stjórnarmaður  
í Löxum fiskeldi ehf

Í greinasafninu Ég vildi að ég kynni að dansa eftir Guðmund Andra Thorsson er að finna pistil um hlutverk rithöfunda í samfélaginu. Þar leggur hann út frá sögu af drukknum manni sem hagar sér óslega, klifrar upp í staur og óskrar. Maðurinn er að gera upp sakir við fyrrverandi eiginkonu sína. Þegar hann er kominn upp á þak og hótar að stökkva hringir konan í fyrrverandi tengdamóður sína sem mætir á staðinn og nær tökum á vitfirrtum syninum.

Guðmundur Andri segir að rithöfundur ættu að vera í hlutverki gömlu konunnar „sem brýnir hinn ærða mann til að hugsa“. Hins vegar telur hann að rithöfundur sé oftast í hlutverki drukkna mannsins sem m.a. ryðst með skarkala og látum fyrirvaralaust inn í líf fólks við litinn fögnuð.

Við lestur greinar Guðmundar Andra sem birtist í Fréttablaðinu þann 5. september á blaðsíðu 11

er ljóst að honum tekst sérlega vel upp í hlutverki drukkna mannsins sem úthýst hefur dómgreindinni.

Í greininni er að finna ómaklegar og örökstuddar fullyrðingar um atvinnugrein sem nú er í uppbyggingu. Tilhæfulausar staðhæfingar á borð við þá að Norðmenn horfi til laxeldis á Íslandi því hér þurfi þeir ekki að lúta ströngum reglum og stífu eftirliti. Það er ljóst að Guðmundur Andri hefur ekki kynnt sér regluverk greinarinnar, hvorki hér á landi né í Noregi. Mikilvægt er að halda því til haga að yfirvöld á Íslandi gera ríkar kröfur jafnt til undirbúnings framkvæmda sem og til starfseminnar. Engar forsendur væru því fyrir norska aðila að færa starfsemi til Íslands með það fyrir augum að lúta ekki jafn ströngu regluverki.

### Langt frá raunveruleikanum

Það vekur undrun að maður sem vill láta taka sig alvarlega í þjóðfélags- umræðu skuli ekki hafa metnað til að kynna sér grundvallaratriði þeirra mála sem hann fjallar um. Hann kýs heldur að ryðjast fram á ritvöllinn með afar takmarkaða þekkingu, ekkert innstæði og brjóstvitidi að vopni. Framsetning greinarinnar og málflutningur er að stórum hluta í dylgjústil þar sem fullýrt er t.d. að menn treysti á „Guð og lukk-

una en þó einkum á norskt hugvit“.

Hugmyndir Guðmundar um að aðferðir Norðmanna í laxeldi séu úreltar eru á engan hátt rökstuddar og ekki er með nokkrum hætti leitast við að segja í hverju sú úrelting ætti að vera fölgín. Norskt laxeldi er hátaekniðnaður í dag sem er í sífelldri framþróun. Lýsingar Guðmundar Andra á ástandi norskra fjarða eru langt frá raunveruleikanum og erfitt er að átta sig á hvað vakir fyrir höfundi að setja svo augljósar rangfærslur á prent. Er lengra liður á lestur greinarinnar koma fram fullyrðingar sem sveipa textann ögn ofsóknarkenndum blæ. Guðmundur lætur ekki staðar numið heldur lýsir því yfir að Norðmenn muni gjöreyða íslenskum fjörðum og eyðileggingarmátturinn muni líklega teygja sig til Grænlands. Eyðileggingin sem Guðmundur trúir að sé raunveruleg á að eiga sér stað fyrir tilstillti sveitarstjórna og hins opinbera.

Á einum stað nefnir Guðmundur þá menn sem „trúa ekki náttúruvísindamönnum“ en um leið gerist hann sekur um það sjálfur. Hann telur að leyfi til framkvæmda séu gefin út án fyrirhyggju og að menn ætli að rannsaka náttúruna síðar. Að baki útgáfu starfs- og rekstrarleyfa vegna sjókvíaldis er langt og strangt ferli þar sem fjöldi hámennt-



**Yfirvöld á Íslandi gera ríkar kröfur jafnt til undirbúnings laxeldis sem og til starfseminnar.**

aðra náttúrufræðinga og vísindamanna sem starfa hjá fagstofnunum ríkisins fjalla um eðliseiginleika framkvæmda. Skila þarf ítarlegum gögnum um náttúru fjarðanna og möguleg áhrif framkvæmda á lífríki. Þetta ferli er gagnsætt og opið fyrir

athugasemdem almennings sem og fagaðila.

Í greininni gerir höfundur heiðarlegu fólki upp varasamt hugarfar.

Í pistli Guðmundar Andra úr áður nefndu greinasafni segir hann að rithöfunda dreymi um að vera hvort tveggja í hlutverki hins drukkna manns og móðurinnar.

Í fréttablaðsgreininni var hinn drukkni og vitfirrti maður fyrirferðarmikill en skynsöm móðirin var víðs fjarri. Sú kona sem kom hins vegar upp í huga lesandans var ekki af ætt Sókratesar en lifði á árum áður göðu lífi í Velvaka Morgunblaðsins undir nafninu Kona úr Vesturbænum.

## Flokkur fólksins gegn fátækt og spillingu



**Inga Sæland**  
formaður  
Floks Fólksins

gæti lesandi.

Mér þykir rétt að byrja á að kynna stöðu mína litillega ásamt þeim hugsjónum sem ég el í brjósti fyrir þá, sem eiga undir högg að sækja í samfélaginu og berjast í bóknum hvern einasta dag við að ná endum saman. Hugsjónir sem urðu til þess að nú höfum við stofnað Flokk fólksins fyrir alla þá sem vilja berjast gegn mismunun, óréttlæti, lögleysu og fátækt.

### Lögblindur kandídat í lögfræði

Ég er verulega sjónskert og 75% öryrki af þeim sökum. Ég tilheyri þeim hópi sem haldið er undir fátækramörkum og er því vön að neita mér um flest þau veraldlegu gæði sem margir aðrir taka ekki eftir

að þeir njóta þar sem þau eru svo sjálfsgöð. Ég gleðst eðli málsins samkvæmt fyrir allra hönd sem þurfa ekki að kvíða morgundeginum og vil þess vegna að við njótum öll slíkra lífsgæða en ekki einungis sum.

Ég horfi upp á eldri borgara og öryrkja sem sitja við sama borð og ég, þ.e. draga fram lífið á framfærslu undir viðurkenndum fátækramörkum. Ég hef látið mig hafa það, haldandi að ég gæti ekkert adhafst í stöðunni, en þá vissi ég ekki um fátæku börnin okkar. Það var vitneskjan um þau sem varð til þess að ákvörðun um að stofna Flokk fólksins var tekin.

Nú er svo komið að við höfum skorið upp herör gegn valdniðslu, fátækt og spillingu. Við erum komin fram og eignum listabókstafinn F og trúum því að samtakamáttur okkar sé það mikill að okkur eigi að geta borið gæfa til að leiðrétta þá mismunun, þá fátækt og það gifurlega óréttlæti sem við höfum mátt búa við svo allt of lengi.

**Staðreyndin um fátæku börnin**  
Samkvæmt samantektarskýrslu

UNICEF á Íslandi frá því í janúar 2016, þá liður 9,1% íslenskra barna mismikinn skort. Þetta eru samtals 6.107 börn og þar af eru 1.586 þeirra sem líða verulegan skort. Þetta eru börnin sem geta verið svöng þar sem þau hafa ekki nesti með sér í skólann, fá ekki að borða með hinum börnunum í hádeginu af því að foreldri/foreldrar hafa ekki ráð á að greiða fyrir skólamáltíðir. Þetta eru börnin okkar sem fá ekki tækifæri til að stunda íþróttir, læra á hljóðfæri, eignast ný föt, né heldur fylgja eftir því sem talið er falla undir eðlilega framfærslu barna almenn. Þetta eru og börnin okkar sem oftast lifa við hvað erfiðastar aðstæður heima fyrir. Að ríkjandi valdhafar skuli ekki sjá ástæðu til að skera upp herör gegn þessum sorglegu aðstæðum þessara barna er mér með öllu óskiljanlegt.

**Er eitthvað dýrmætara en börnin okkar?**

Svarið við spurningunni er einfalt. NEI, það er ekkert dýrmætara en þau. Litla fólkið okkar sem liður hér skort



**Ég horfi upp á eldri borgara og öryrkja sem sitja við sama borð og ég, þ.e. draga fram lífið á framfærslu undir viðurkenndum fátækramörkum. Ég hef látið mig hafa það, haldandi að ég gæti ekkert adhafst í stöðunni, en þá vissi ég ekki um fátæku börnin okkar. Það var vitneskjan um þau sem varð til þess að ákvörðun um að stofna Flokk fólksins var tekin.**

fær aldrei að njóta æskunnar, lifir oft við sult og seyru og virðist gleymast í umræðunni. Þetta eru einstaklingarnir sem eiga hvað mest á hættu að verða utangátta í samfélaginu og

lenda upp á kant við lög og reglur.

Við megum aldrei gleyma því að þetta er ekki þeim að kenna, þau völdu ekki þetta erfiða hlutskipti sitt og eiga ekki að þurfa að ganga í gegnum æskuna sem eitt stórt refsingartímabil vanlíðunar og óhamingu.

Flokkur fólksins vill taka utan um börnin okkar og tryggja það, að ekkert barn á Íslandi sé nokkurn tímann svangt vegna fátæktar.

### Flokkur fólksins kallar á þig

Hjálpumst að við að útrýma fátækt og spillingu. Rekum burt allt okrið, græðgina og valdniðsluna og gerum það saman.

Flokkur fólksins vill stokka spilin upp á nýtt og koma á verðlagi hér á landi til samræmis við það sem best þekktist í löndunum í kringum okkur.

Flokkur fólksins vill gera öllum kleift að lifa hér með reisu en ekki bara fáum útvöldum auðvaldsgæðingum.

Þess vegna er Flokkur fólksins til. Þess vegna er Flokkur fólksins flokkurinn þinn. X við F.

ENGIN KÓSÍHEIT

HERRAKVÖLD Í SMÁRALIND

FIMMTUDAGINN 22. SEPTEMBER

OPIÐ TIL KL. 22:00

20% AFSLÁTTUR

AF ÖLLUM HERRAFATNAÐI OG  
HERRASKÓM ALLAN DAGINN\*

\*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

ÚTILÍF

síðan 1974

utilif.is



Aron Jóhannsson skokkar til baka gráti næst eftir markíð sem hann skoraði gegn Augsburg sem var hans fyrsta í ellefu mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Ekki langt frá því að **tárast**

Aron Jóhannsson sneri aftur á fótboltavöllinn í byrjun leiktíðar eftir að hafa verið frá í ellefu mánuði vegna meiðsla. Hann skoraði í öðrum leik tímabilsins fyrir Werder Bremen og fagnað á tilfinningaríkan hátt.

Tómas Þór Þórðarson  
tomas@365.is



**FÓTBOLTI** „Það er erfitt að koma því í orð hvað það er fjaránlega gaman að vera kominn aftur. Meiðslin voru erfið, leiðinleg og löng og mér leið eins og þetta ætlaði engan endi að taka,“ segir Aron Jóhannsson, Íslendingurinn í liði Werder Bremen í þýsku 1. deildinni, í viðtali við Fréttablaðið.

Aron sneri aftur á völlinn eftir tæpt ár frá vegna meiðsla á mjöðm. Hann spilaði fyrsta leik deildarinnar gegn Bayern München og skoraði svo fyrsta markíð sitt í ellefu mánuði fyrir Brimara í Íslendingaslag gegn Alfreð Finnbogasoni og félagnum í Augsburg í annarri umferðinni.

### Aðgerðin „heppnaðist“

Aron byrjaði vel með Bremen í fyrra og skoraði tvö mörk í fyrstu sex leikjum tímabilið. Þá meiddist hann og var ekkert meira með fyrr en ný leiktíð gekk í garð. Þessi tími hefur verið erfiður fyrir bandaríska landsliðsmanninn.

„Ég fór í aðgerð í október í fyrra sem átti að hafa heppnast fullkomlega. Eftir þrjár vikur var ég mættur á æfingu með sjúkrahjálfa að skokka og gefa stuttar sendingar en þá fann ég fyrir sársauka sem var meiri en sá sem var fyrir. Ég hvíldi þá í mánuð og reyndi svo aftur en verkurinn var enn þá sá sami. Þetta gerðist tvisvar sinnum í viðbót á næstu þremur mánuðum og alltaf fann ég fyrir sársaukanum. Ég er ekki svartsýnn maður en mér var hætt að lítast á blikuna. Alltaf þegar ég byrjaði aftur var þetta verra en áður,“ segir Aron.

Framherjinn segist ekki hafa verið kominn það langt niður að hann óttaðist um ferilinn en óvissan gerði hann vissulega svolítið hræddan.

„Ég hélt aldrei að þetta væri búíð og var alls ekki á því að gefast upp. Þvert á móti var ég frekar byrjaður að hugsa um að ég þyrfti bara að læra að spila með sársaukanum. Verst var að enginn vissi hvað amaði að, sama hversu marga sérfræðinga ég hitti. Allir vita að hnémeiðsla taka 6-9 mánuði en þarna var óvissan erfiðust.“

### Tár á hvarmi

Aron skoraði sitt fyrsta mark á tímabilinu og það fyrsta í tæpt ár þegar hann setti boltann örugglega í netið úr vítaspyrnu gegn Augsburg fyrir tveimur vikum. Það mátti augljóslega sjá að markíð skipti Aron miklu máli en hann hljóp að stúkunnni og óskraði af gleði. Þarna var hann að losa út ellefu mánuði af sársauka, óvissu og svartnætti.

„Ég er ekki maður sem sýnir mikið tilfinningar sínar en ég verð að viðurkenna að ég var ekki langt frá því að fella tár þegar ég skokkaði til baka eftir að hafa skorað og óskrað. Ég sagði það meira að segja við konuna mína þegar ég kom heim. Ég veit ekki hvernig ég á að lýsa þessu, þetta var svo mikill léttir og algjör tilfinningarússibani. Fyrsta markíð í ellefu mánuði og það á heimavelli. Tilfinningin var alveg mergjuð,“ segir Aron.

Skemmtilegt atvik kom upp í aðdraganda vítaspyrnunnar þegar Alfreð Finnbogason, framherji Augsburg og íslenska landsliðsins, þóttist gefa markverði sínum ráð um hvert Aron myndi setja vítið. Aron sendi markvörðinn í rangt horn og skoraði örugglega.

**Fyrsta markíð í ellefu mánuði og það á heimavelli. Tilfinningin var alveg mergjuð.**

Aron Jóhannsson

„Hann var bara að reyna að taka mig á taugum og það gekk greinilega svona vel,“ segir Aron og hlær við. „Þegar ég hljóp til baka spurði ég Alfreð hvort hann ætlaði ekki að segja markverðinum hvar ég ætlaði að skjóta. Hann vann samt leikinn og ég hefði nú frekar viljað þrjá punkta en að skora þetta mark.“

### Galdrakarlinn kom til bjargar

Aron dvaldi mikið á Íslandi á árinu eftir að hann gafst endanlega upp á sjúkrahjálfuninni og sérfræðing-

unum í Þýskalandi. „Ég er mjög ánægður með félagið því það sýndi mér mikinn skilning eins og með þetta þegar mér fannst ég alltaf að vera að gera það sama og ekkert virkaði,“ segir Aron sem var í meðhöndlun hjá Friðrik Ellert Ragnarsyni, sjúkrahjálfa íslenska landsliðsins, áður en hann hitti mann sem átti eftir að gera meira fyrir hann á nokkrum vikum en allir sérfræðingar og sjúkrahjálfarar gerðu á mörgum mánuðum.

„Ég hitti mann sem heitir Jóhannes [Tryggvi Sveinbjörnsson] hjá Postura,“ segir Aron en umræddur Jóhannes sérhæfir sig í að leiðrétta líkamstöðu íþróttamanna og hefur unnið með bæði Gunnari Nelson og „Fjallinu“, Hafþóri Björnssyni.

„Eftir tvær vikur hjá honum var hann búinn að hjálpa mér meira en allir aðrir í fimm mánuði. Ég kalla hann alltaf galdrakarlinn, en ég á honum mikið að þakka,“ segir Aron Jóhannsson.

### Vonandi verð ég með Íslandi í riðli á HM

Aron Jóhannsson hefur fengið sinn skerf af gagnrýni fyrir að velja bandaríska landsliðið fram yfir það íslenska fyrir fjórum árum. Þó að hann spili fyrir Bandaríkin er hann auðvitað Íslendingur og naut þess, að eigin sögn, að fylgjast með strákunum okkar á EM.

„Ég var niðri í bæ að horfa á leikina og var fagnandi og hoppandi og skoppandi af gleði. Það var alveg geðveikt að sjá þetta,“ segir Aron, sem vegna meiðslanna, fékk tækifæri til að

upplifa stemninguna á Íslandi í kringum Evrópumótið.

„Ég var bara eins og allir Íslendingar að horfa á þetta með vinum mínum og meira að segja að horfa á nokkra vini mína spila. Þetta var alveg magnað hjá þeim,“ segir Aron sem vonast til að Ísland komist á HM í Rússlandi.

„Vonandi verðum við bara saman í riðli í Rússlandi. Það væri geðveikt!“



## Nýjast

### Enski deildabikarinn

**Fulham - Bristol City 1-2**  
1-0 Lucas Piazon (14.), 1-1 Aaron Wilbraham (45.), 1-2 Tammy Abraham (90.+3).

**Northampt. - Man. Utd 1-3**  
0-1 Michael Carrick (18.), 1-1 Alexander Re- vell (42.), 1-2 Ander Herrera (68.), 1-3 Marcus Rashford (75.).

**QPR - Sunderland 1-2**  
1-0 Sandro (60.), 1-1 Paddy McNair (70.), 1-2 Paddy McNair (80.)

**Southampton - Palace 2-0**  
1-0 Charlie Austin (33.), 2-0 Jake Hesketh (63)

**Swansea - Man. City 1-2**  
0-1 Gael Clichy (49.), 0-2 Aleix Garcia (68.), 1-2 Gylfi Þór Sigurðsson (90.+4).

**West Ham - Accrington 1-0**  
1-0 Dimitri Payet (90.+6).

**Stoke - Hull 1-2**  
1-0 Marko Arnautovic (24.), 1-1 Ryan Mason (45.), 1-2 Markus Henriksen (90.+3).

**Tottenham - Gillingham 5-0**  
1-0 Christian Eriksen (31.), 2-0 Christian Eriksen (48.), 3-0 Vincent Janssen (50.), 4-0 Joshua Onomah (65.), 5-0 Erik Lamela (68.)

### Spænska úrvalsdeildin

**Real Madrid - Villarreal 1-1**  
0-1 Bruno Soriano (45.), 1-1 Sergio Ramos (48.).

**Barcelona - A. Madrid 1-1**  
1-0 Ivan Rakitic (41.), 1-1 Angel Correa (61.).

**Celta - Sporting Gijon 2-1**  
**Granada - A. Bilbao 1-2**  
**R. Sociedad - Las Palmas 4-1**

### Þýska úrvalsdeildin

**Leverkusen - Augsburg 0-0**  
Alfreð Finnbogason lék allan leikinn fyrir Augsburg.

**Werder Bremen - Mainz 1-2**

**Bayern - Hertha 3-0**  
Franck Ribery, Thiago Alcantara, Arjen Robben.

**Leipzig - Mönchenglad. 1-1**  
**Schalke - Köln 1-3**

### EINN NÝLIÐI Í LANDSLIÐINU

Axel Stefánsson, þjálfari A-landsliðs kvenna í handbolta, valdi í gær 17 leikmenn sem taka þátt í æfingum og móti í Póllandi dagana 4.-9. október næstkomandi. Þetta verða fyrstu leikir Íslands undir stjórn Axels en hann tók við liðinu af Ágústi Jóhannssyni í sumar.

Aðeins einn leikmaður í hópn- um hefur ekki leikið A-landsleik; Lovísa Thompson, leikmaður Gróttu. Auk þeirra 17 leikmanna sem eru í hópnun valdi Axel sex leikmenn til vara. Sjá má hópinn í heild á Vísí.



### Í dag

**17.00 Tour Championship** Golfst.

**Olis-deild karla**  
**19.00 Akureyri - Afturelding**  
**19.30 Fram - Selfoss**  
**19.30 Valur - Haukar**

**KS TOOLS**

# Verkfærasett 19.560

Frábært verð

**179 stk.**



[www.stilling.is/KS9170779/](http://www.stilling.is/KS9170779/)

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | [www.stilling.is](http://www.stilling.is) | [stilling@stilling.is](mailto:stilling@stilling.is)

# Freyr hefur breytt leikstíl liðsins

Freyr Alexandersson hefur stýrt íslenska kvennalandsliðinu í þrjú ár. Á þeim tíma hefur hann gert talsverðar breytingar á leikstíl liðsins og þær hafa gefið góða raun eins og sást í undankeppni EM 2017. Stelpurnar stóðu sig stórkostlega og flugu inn á lokamótið í Hollandi.

**FÓTBOLTI** Á mánudaginn verða þrjú ár liðin frá því að Freyr Alexandersson stýrði íslenska kvennalandsliðinu í fyrsta sinn. Leikurinn var gegn Sviss á Laugardalsvelli og var sá fyrsti í undankeppni HM 2015. Hann var ekki góður, tapaðist 0-2 og verður helst minnst fyrir að vera sá síðasti á löngum og glæsilegum landsliðsferli Katrínar Jónsdóttur.

Á þessum þremur árum síðan Freyr tók við hefur íslenska landsliðið tekið talsverðum breytingum. Reynslumiklir leikmenn og stórir persónuleikar hafa horfið af landsliðssviðinu og aðrir komið í staðinn eins og gerist, en fyrst og síðast hefur leikstillinn breyst. Og lykilorðið í því samhengi er pressa.

Freyr virðist hafa áttað sig snemma á því að það hentar þeim leikmönnum sem eru í burðarhlutverki í landsliðinu í dag betur að spila varnarleikinn frammar og ráðast á andstæðinginn í stað þess að bíða eftir honum. Miðjumenn íslenska liðsins, Sara Björk Gunnarsdóttir og Dagný Brynjarsdóttir, búa yfir gríðarlega mikilli hlaupagetu og með Glódisi Perlu Viggósdóttur, arftaka Katrínar í vörninni, á íslenska liðið auðvelt með að verjast frammarlega. Glódis er einnig mikilvæg í uppspiili íslenska liðsins en hún hefur flestar sóknir þess.

Undankeppni HM 2015 var eins konar undirbúningsmót fyrir undankeppni EM 2017, sérstaklega

eftir að draumurinn um að spila á HM í Kanada fauk út um gluggann eftir 0-1 tap fyrir Dönnum. Leikirnir tveir sem eftir voru í undankeppninni voru nýttir til að gefa yngri leikmönnum tækifæri á meðan stór nöfn eins og Ólína G. Viðarsdóttir, Katrín Ómarsdóttir og Hólmfríður Magnúsdóttir voru ekki valdar í landsliðshópinn. Þetta var stór ákvörðun en sýndi að þjálfarinn var óhræddur við að gera breytingar.

Þessir tveir leikir, gegn Ísrael og Serbíu, unnust örugglega en Algarve-mótið 2015 gaf ekki mikla ástæðu til bjartsýni. Ísland lék fjóra leiki og mistókst að skora í þeim öllum.

Þrátt fyrir þetta bakslag var greinilegt að íslenska liðið var á réttri leið. Staðfestingin á því fékkst í fyrsta leik undankeppni EM 2017, gegn Hvít-Rússum á Laugardalsvelli. Leikurinn vannst bara 2-0 en spilamennskan var góð og mörkin áttu að verða miklu fleiri.

Það var þó engin vöntun á mörkum í undankeppni EM 2017. Þau urðu alls 34 en aðeins Spánn (39) og Þýskaland (35) skoruðu fleiri. Andstæðingarnir voru vissulega ekki alltaf þeir sterkustu en íslenska liðið sýndi í þessari undankeppni framfarir þegar kemur að því að stjórna leikjum.

Það small svo allt saman í útleiknum gegn Skotum þar sem Ísland samtvinnnaði ákafa pressu-

vörn og góðan fótbolta. Skotaleikurinn í fyrradag var öllu daprari og sá slakasti í undankeppninni. Það verður þó að taka með í reikninginn að vægi hans var ekki mikið þar sem Ísland hefði þurft að tapa með fimm mörkum til að missa toppsætið í riðlinum.

Frammistaðan í undankeppninni var jákvæð en hún telur lítið ef Ísland fellur á prófinu í lokakeppninni í Hollandi. Hún er stóra prófíð. Íslenska liðið virðist vel undirbúið en það þarf að nýta næstu mánuði vel eins og Freyr benti á eftir leikinn gegn Skotum í fyrradag.

ingvithor@365.is



Árangur liðsins með Frey sem þjálfara

**33 LEIKIR**

- 20 sigrar
- 4 jafntefli
- 9 töp

**82** mörk skoruð

**29** mörk fengin á sig

**13x** haldið hreinu

**9x** mistekist að skora í leik

## VERKSMÍÐJU ÚTSALA

ÁRMÚLA 31 - VIÐ HLIÐINA Á INNRÉTTINGAR OG TÆKI

# 40-70% AFSLÁTTUR

VERKSMÍÐJUÚTSALA VERÐUR HJÁ  
VARMA DAGANA 22-24 SEPTEMBER

**OPIÐ:**

FIMMTUD. OG FÖSTUD. KL. 17-19  
LAUGARD. KL. 12-15

LÍTIÐ ÚTLITSGALLAÐAR VÖRUR ÁSAMT VÖRUM SEM  
HÆTTAR ERU Í FRAMLEIÐSU..

**VARMA**  
*The Warmth of Iceland*

WWW.VARMA.IS





# Tvöföld sæla á veitingastaðnum í september

**995,-**

Lambakótilettur  
í raspi og meðlæti



**995,-**

Grísafille í raspi  
og meðlæti

© Inter IKEA Systems B.V. 2016



Verslun opin **11-21** alla daga - Veitingastaður opin 9:30-20:30 - [www.IKEA.is](http://www.IKEA.is)



# nettó



HEILSU OG LÍFSSTÍLSBLAÐ NETTÓ

120 SÍÐUR AF FRÓÐLEIK OG FRÁBÆRUM TILBOÐUM

15% AFSLÁTTUR

## ÄNGLAMARK MATVARA



Öll matvara frá Anglamark er lífrænt vottuð og sérvalin til að tryggja gott bragð og gæði framleiðslunnar



Rainforest Foods



25% AFSLÁTTUR



COLDPRESS Smoothie's

25% AFSLÁTTUR



25% AFSLÁTTUR

ÚRVAL AF HÁGÆÐA TEI



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 2.998 KR  
2.249 KR

25% AFSLÁTTUR

LIMA HEILSUMJÓLK



25% AFSLÁTTUR

AFSLÁTTUR AF VÍTAMÍNUM OG BÆTIEFNUM



25% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 399 KR  
299 KR



Tilboðin gilda 15. - 25. september 2016

Tilboðin gilda meðan birgðir endast · Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl · Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# HEILSU & LÍFSSTÍLSDAGAR

15. - 25. SEPTEMBER

ALLT AÐ  
**25%**  
AFSLÁTTUR  
AF HEILSU- &  
LÍFSSTÍLSVÖRUM

## AÐI TRYGGÐ

Þú veitjum bestu fánlegu  
áefni og uppruna þeirra,  
þort sem um er að ræða  
ostþurrkuð og möluð acai ber  
þa hveitigras frá Nýja Sjálandi.

## FAIR TRADE

Við vinnum með siðferðislega  
ábyrgum birgjum á borð við  
Sambazon sem styður ræktendur  
sína, fjárfestir í samfélögum  
þeirra og virðir náttúruna.



# SUNWARRIOR®



Frábært náttúrulegt  
jurtaprótein, unnið úr helstu  
ofurfæðum sem náttúran  
hefur fram að bjóða.

**25%**  
AFSLÁTTUR

## FIMMTUDAGUR 22. SEPT

Tilboð dagsins

**33%**  
AFSLÁTTUR

HIMNESK HOLLUSTA RÍSKÖKUR  
3 TEGUNDIR  
VERÐ ÁÐUR: 299 KR/PK  
**33% | 200 KR/PK**

nutri  
blitzer



ÖFLUGUR  
BLANDARI Á  
GÓÐU VERÐI

**30%**  
AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 19.998 kr.  
**13.999 kr.**

## TILBOÐ 6 FYRIR 4

Kauptu kippu af 6 x 2 L Kristal með  
Mexikó-límónubragði og borgaðu aðeins fyrir 4.

Tilboð



ÁÐUR: 1.434 KR/PK  
**956** KR/PK

## KYNNINGAR Í VERSLUNUM NETTÓ

- 22. SEPT kl:14-16 Nettó Borgarnesi - Ragga Nagli  
kl:15-18 Nettó Krossmóa - HH Hrískökur  
m/súkkulaði & Bai  
kl:16-19 Nettó Mjódd - Geosilica
- 24. SEPT kl:16-19 Nettó Krossmóa - Geosilica  
kl:14-16 Nettó Granda - Ragga Nagli  
kl:14-17 Nettó Granda - Voelkel og Derit snakk
- 25. SEPT kl:13-17 Nettó Glerártorgi - Hafra Chiagrautur  
m.Isola möndlumjól, kanil & turmerik  
kl:14-17 Nettó Mjódd - Nakd nibbles Tooty Fruity,  
Derit snakk & Bai

KROSSMÓI BORGARNES GLERÁRTORG  
GRANDI HRÍSALUNDUR MJÓDD

[www.netto.is](http://www.netto.is)

Mjódd · Salavegur · Búðakór · Grandi · Hrísalundur · Glerártorg · Húsavík · Höfn · Iðavellir · Grindavík · Krossmói · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss

# TÍMAMÓT

## Merkisatburðir

- 1529** Austurhveli jarðar er skipt milli Spánar og Portúgals með Saragossa-sáttmálanum.  
**1906** Sérstakir auka Ólympíuleikar eru settir í Áþenu í tilefni af tíu ára afmæli nútíma Ólympíuleikanna.  
**1917** Jón Helgason er vígður biskup. Hann skrifaði meðal annars Árbækur Reykjavíkur.  
**1918** Konur eru kosnar í fyrsta skipti til þjóðþings Danmerkur.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Margrét Simonardóttir Kjærnested

Þorfinnsgötu 8,

er látin. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju mánudaginn 26. september kl. 15.00.

Simon Ingi Kjærnested  
Örn Kjærnested  
Margrét H. Kjærnested  
Helgi Kjærnested

Elinborg S. Kjærnested  
Hildur Einarssdóttir  
Pétur E. Oddsson

og aðrir aðstandendur.



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Erla J. Hallgrímsdóttir

heilsugæslufulltrúi,  
Dvergagili 8, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri mánudaginn 12. september. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju mánudaginn 26. september kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Hollvínasamtök Sjúkrahúss Akureyrar.

Jóhann Karl Sigurðsson  
Guðrún Jóhannsdóttir  
Ásgerður Halla Jóhannsdóttir  
Sigurður Jóhannsson  
ömmu- og langömmubörn.

Orri Óttarsson  
Kristján Þór Henrysson  
Hrafnhildur Gunnþórsd.



Alúðar þakkir til allra þeirra sem komu að því að gera útför hjartkærs eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

### Eðvarðs Bjarnasonar rafmagnseftirlitsmanns,

fallega og hugljúfa. Ættingjar og hinir fjölmörgu vinir, takk fyrir. Sérstakar þakkir til hjúkrunarfólks fyrir umönnun og hlýju í veikindum hans.

Borghildur Jónsdóttir  
Jóna Björg Eðvarðsdóttir  
Gunnar Friðrik Eðvarðsson  
Valdimar Ármann  
Máni Elvar Traustason  
Inga Rán Ármann  
María Ármann



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður og ömmu,

### Guðlaugar Huldu Halldórsdóttur

Norðurvöllum 36, Reykjanesbæ.

Sérstakar þakkir til ættingja og vina, MND-teymis LSH Fossvogi, igræðsluteymis LSH Hringbraut, starfsfólks B2 taugadeild LSH Fossvogi, starfsfólks Heimahjúkrunar HSS, starfsfólks D-deildar HSS, starfsfólks heimþjónustu Reykjanesbæjar, starfsfólks aðhlynningar Reykjanesbæjar, starfsfólks Hrafnistu, Nesvöllum, Reykjanesbæ, Reykjanesbæjar, stjórnar og félag MND félags Íslands, Sjúkratrygginga Íslands og Tryggingastofnunar ríkisins.

Örn S. Eiríksson  
Ólafur Örn Arnarson  
Arnar Már Arnarson  
Eiríka Ösp Arnardóttir  
Guðlaug Anna Arnardóttir  
Brynja D. Eiríksdóttir  
Aðalheiður Ásdís Þ.  
Eli Úlfarsson  
Guðbjartur Rúnar Magnússon  
og barnabörn.

## Íslenskt hráefni betra

Flatbökusteypan er samstarfsverkefni listamanna, ræktenda og kokka, sem hafa það að markmiði að kynna möguleikana til þess að búa til alíslenska pítsu. Listnemarnir Sigurrós Guðbjörg Björnsdóttir og Eveline Bünter segja ferlið hafa gengið vel.

Markmið okkar er að velja fólk til umhugsunar og hvetja það til þess að fræða sig um matarvenjur sínar. Flatbökusteypan notast við eitt auðþekktasta ták alþjóðlegrar matarmenningar, pítsuna, sem stökkpall fyrir umræður um mikilvægi þess að auka staðbundna matarræktun og hvernig það getur hjálpað samfélaginu," segja Sigurrós Guðbjörg Björnsdóttir og Eveline Bünter, spurðar út í verkefnið Flatbökusteypan sem er samstarfsverkefni listamanna, ræktenda og kokka sem hafa það að markmiði að kynna sér hvaða möguleikar eru fyrir hendi á Íslandi til þess að búa til 100% íslenska pítsu.

„Við byrjum á staðbundnu hráefni og síðan víkkum við hringinn út í flóknari hluti, hvaðan kemur ofninn, eldiviðurinn, eldhúsahöldin. Við fáum ráðleggjar frá helstu sérfræðingum á hverju sviði til þess að læra sem mest og best um viðfangsefnið, hvort sem það er að rækta tómatu eða safna leir til þess að móta ofn," segja þær og bæta við að ferlið hafi gengið vel.

„Það sem kom mest á óvart er hversu auðvelt það er að nálgast staðbundið hráefni. Það eru nokkur hráefni sem við getum ekki fengið hér á landi, eins og pipar og ger. Hins vegar eru flest hráefnin sem við höfum verið að nota og smakka verið mun bragðmeiri og betri en það sem hefur verið flutt langar leiðir hingað til lands.“

Meðal hráefna sem hópurinn notar er sveitaskyr frá Erpsstöðum í staðinn fyrir mozzarella-ost sem kemur mjög vel út.

„Það er hægt að leita nýrra leiða á einfaldan hátt. Allir bændurnir og framleiðendurnir hafa verið mjög áhugasamir og hjálpsamir og hafa verið mikilvægur partur af ferlinu," segja þær.

En hvernig ætli flatbakan smakkist? „Flatbakan er mjög góð! Botninn er úr súrdeigi, vegna þess að við getum ekki fengið íslenskt ger. Við notum einnig heilhveiti og byggmjöl þannig að flatbakan



Heimildarmynd um ferlið verður sýnd á Kexi hosteli í kvöld, ásamt því að gestum verður boðið upp á flatbökusmakk.

Við byrjum á staðbundnu hráefni og síðan víkkum við hringinn út í flóknari hluti, hvaðan kemur ofninn, eldiviðurinn, eldhúsahöldin.

bragðast aðeins öðruvísi en fólk er vant. Við höfum fengið mjög góð viðbrögð frá þeim sem hafa smakkað hjá okkur," segja þær, en hópurinn gerði heimildarmynd um ferlið og mun sýna hana í kvöld á Kexi hosteli, ásamt því að bjóða gestum upp á flatbökusmakk í Gym & Tonic salnum. [gudrunjona@frettabladid.is](mailto:gudrunjona@frettabladid.is)



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

### Steindóra Sigríður Steinsdóttir

lést á Dvalarheimilinu Höfða Akranesi miðvikudaginn 14. september sl.

Útför hennar verður gerð frá Akranesarkirkju föstudaginn 23. september kl. 13.00.

Friðþjófur A. Helgason  
Steinn Mar Helgason  
Helgi Valur Helgason  
og fjölskyldur.

Guðfína S. Svavarsdóttir  
Elin Klara Svavarsdóttir  
Erla Skarphéðinsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afa,

### Kári Einarsson

lést á Landspítalanum við Hringbraut, laugardaginn 17. september. Hann verður jarðsunginn frá Áskirkju fimmtudaginn 22. september klukkan 13.00.

Sólveig Klara Káradóttir  
Ragnhildur Þóra Káradóttir  
Kári Liljendal Hólmgeirsson  
Karl Liljendal Hólmgeirsson  
Melkorka Elea Polli

Massimiliano Polli



### Katrín Briem

fyrirverandi skólustjóri Myndlistaskólans í Reykjavík og myndmenntakennari,

til heimilis að Stóra-Núpi, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Mávahlíð 2 Reykjavík, lést 14. september.

Minningarathöfn fer fram í Dómkirkjunni föstudaginn 23. september kl. 15.00. Jarðarför fer fram frá Stóra-Núpskirkju, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, laugardaginn 24. september kl. 13.30.

Hugi Ármannsson  
Hugi Baldvin Hugason-Briem  
Julía Hugason-Briem  
Katrín Jóhanna Hugason-Briem



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför

### Guðrúnar Sigfúsdóttur

frá Flögu í Vatnsdal. Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Hvamms-tanga fyrir einstaka umönnun og alúð.

Sigríður Ívarsdóttir  
Sigfús Ívarsson  
Halldóra Ívarsdóttir  
María Ívarsdóttir  
Niels Ívarsson  
Ólafur Ívarsson  
Hermann Ívarsson  
Sigurður Ívarsson

Ármann Olgeirsson  
Elisabet Halldórsdóttir  
Páll Sigurðsson  
Simon H. Ívarsson  
Jónína Skúladóttir  
Sigríður Fossdal  
Dagbjört Jónsdóttir  
Ásdís Jónsdóttir  
Guðrún Sigurðardóttir  
og fjölskyldur.

# SAMSUNG

## Mjög góð kaup á bognu 4K sjónvarpi

KU6175



49"

55"



Sería: 6100 • Tegund: UHD - 4K • Stærð: 49" eða 123cm • Bogið • Upplausn skjás: 3840x2160 (4K) - 8M pixlar • Tegund skjás: LED • PQI: 1400 PQI (Picture Quality Index)

49" KU6175

Verð: 139.900,-

55" KU6175

Verð: 179.900,-



49"

LED • 1920X1080 • 400 PQI  
• Nýtt Smart viðmót

49" K5505 Verð áður: 139.900,-

Verð nú: 118.900,-



55"

UHD • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt Smart viðmót  
• Quad-Core örgjörfi

55" KU6475 Verð áður: 239.900,-

Verð nú: 199.900,-



55"

UHD • Curved • 4K • 8 milljón pixlar • 1500 PQI • Nýtt  
Smart viðmót • Quad-Core örgjörfi

55" KU6655 Verð áður: 249.900,-

Verð nú: 209.900,-

FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

## ORMSSON

LÁGMÚLA 8 • SÍMI 530 2800 • ormsson.is


## SAMSUNG SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 • SÍMI 530 2900

ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535	ORMSSON PRISTUR-ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751	KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500	SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559	ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000	PENNINN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515	ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038	ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900	ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160	GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333	TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211	OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300	BLÓMSTURVELLIR HELLISSANDI SÍMI 436 6655
--------------------------------------	--	------------------------------------	--	--------------------------------------	-------------------------------------	---	--	--	---	--	------------------------------------	--

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Fimmtudagur



Sunnan hvas sviðri eða stormur um tíma austanlands um morguninn, en annars yfirleitt mun hægari sunnanátt með skúrum, en þurr og fremur bjart veður um landið norðaustanvert þegar kemur fram á daginn. Hiti yfirleitt 5 til 10 stig.

## Föstudagur

<b>Reykjavík</b> 9° ↑ 8	<b>Ísafjörður</b> 5° ↖ 6	<b>Akureyri</b> 6° ↑ 8
-------------------------------	--------------------------------	------------------------------

## Laugardagur

<b>Reykjavík</b> 10° ← 8	<b>Ísafjörður</b> 6° ↙ 14	<b>Akureyri</b> 6° ↙ 10
--------------------------------	---------------------------------	-------------------------------

<b>Egilsstaðir</b> 8° ↑ 6	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 7° ← 6	<b>Hveravellir</b> 2° ↑ 11
---------------------------------	------------------------------------	----------------------------------

<b>Egilsstaðir</b> 10° ↖ 3	<b>Kirkjubæjarkl.</b> 9° ← 11	<b>Hveravellir</b> 4° ↙ 10
----------------------------------	-------------------------------------	----------------------------------

## Þrautir

### Krossgáta

- LÁRÉTT**  
2. eyja  
6. hæð  
8. tala  
9. tækifæri  
11. númer  
12. hökutoppur  
14. einkennis  
16. píla  
17. verkur  
18. festing  
20. dreifa  
21. hefðarkona

- LÓDRÉTT**  
1. loga  
3. strit  
4. glas á fæti  
5. eyrir  
7. kvk. nafn  
10. skap  
13. hola  
15. skakki  
16. tímabil  
19. tveir eins

### LAUSN

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT: 2. Javá, 6. ás, 8. tíu, 9. lag, 11. nr, 12. skegg, 10. geð, 13. garð, 15. skáti, 16. öld, 19. mm.  
LÓDRÉTT: 1. bóti, 3. at, 4. vöngla, 5. aur, 7. sakara, 14. aðals, 16. ór, 17. tak, 18. ílm, 20. sá, 21. damma

## Skák Gunnar Björnsson

Heemsoth átti leik gegn Weber árið 1993.

### Hvítur á leik



1. Ha8+! Kxa8 (1... Bxa8 2. Dc7+ Bb7 3. Dxb7#) 2. Dxa6+ Kb8 3. Dxb7# 1-0. Önnur umferð Haustmóts TR fór fram í gærkvöldi. Úrslitin má finna á [www.skak.is](http://www.skak.is).  
**www.skak.is:** Kringleumót Víkingaklúbbsins í dag.

## Sudoku

### LÉTT

	5		9		7	8	4	
		2	8			6	9	
	9			5	7		3	
	1						2	
			4	8				9
	6	2		5	8		7	
4	7		9		1			
6						4	8	
1		5						

### MIDLUNGS

4	6		2		5			
					1		8	
				8	5			
				1	7	9	5	
8	6				9	4		
1	7			3		8		
7	4	2	5				8	
	8					3	5	
					7		6	

### ÞUNG

5		1	8		2		3	
	7	9	1					5
2								1
		6		2				9
				5				
1	4							2
	8		2					1
		2			5			
6	5	3	7		9			

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Lausn síðustu sudoku

1	4	7	2	6	8	3	5	9
8	2	5	9	3	7	1	6	4
9	3	6	4	5	1	8	7	2
2	8	4	1	9	5	7	3	6
3	5	9	6	7	4	2	8	1
6	7	1	3	8	2	9	4	5
4	9	8	5	1	3	6	2	7
7	6	2	8	4	9	5	1	3
5	1	3	7	2	6	4	9	8
6	2	7	4	3	9	5	8	1
9	1	6	8	4	7	5	2	3
3	7	4	5	1	2	6	8	9
4	2	9	6	3	8	7	1	5
5	6	7	1	9	4	2	3	8
8	3	1	2	7	5	9	4	6
1	4	3	9	2	6	8	5	7
2	5	8	3	6	9	4	7	1
7	9	5	4	8	3	1	6	2

## Myndasögur

### PONDUS



Eftir Frode Øverli

### GELGJAN



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### BARNALÁN



Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman

## Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík



### Tónlistarnámskeið fyrir ung börn og foreldra þeirra

Nú í haust býður Suzukitónlistarskólinn í Reykjavík upp á námskeið fyrir börn á aldrinum 3ja mánaða til þriggja ára.

Á námskeiðinu verða kennd barnalög og kvæði, leikið, dansað og notið samverunnar. Kennari notar m.a. kennsluferni og hugmyndafræði Suzukiaðferðarinnar til grundvallar námskeiðinu og foreldrar læra leiðir til að nota söng og tónlist í daglegu uppeldi og umönnun barna sinna.

Kennari er Diljá Sigursveinsdóttir, suzukifíðlukennari við skólann, sem einnig er menntuð söngkona og söngkennari og hefur margra ára reynslu sem kennari ungra barna.

Námskeiðið hefst fimmtudaginn 6. október nk. og er kennt vikulega í 8. vikur.

Námskeið ætlað börnum á aldrinum eins árs til þriggja ára er kennt frá kl. 09:00 til 10:00.

Námskeið ætlað börnum á aldrinum þriggja mánaða til eins árs er kennt frá kl. 10:00 til 11:00

Verð kr. 25.000



Skráning er á netfanginu [postur@suzukitonlist.is](mailto:postur@suzukitonlist.is)

# TAX FREE DAGAR

22.-26. SEPTEMBER

# ALLAR VÖRUR Á TAX FREE VERÐI\*

\*TAX FREE er 19,36% raunafsláttur sem reiknast á kassa og auðvitað fær ríkissjóður sinn skerf.  
Gildir ekki með öðrum tilboðum.

[www.a4.is](http://www.a4.is) / **A4** Kringlunni / **A4** Skeifunni / **A4** Smáralind / **A4** Hafnarfirði / **A4** Akureyri / **A4** Egilsstöðum / **A4** Selfossi  
Þú getur einnig fylgt okkur á  Facebook  [pinterest.com/a4fondur](https://pinterest.com/a4fondur) og  [instagram.com/a4verslanir](https://instagram.com/a4verslanir)



FRÉTTABLAÐIÐ **MENNING****Ein tæknilegasta sýning sem ég hef unnið við****Mikil litadýrð og hreyfing einkennir söngleikinn Bláa hnöttinn sem verður frumsýndur á stóra sviði Borgarleikhússins á laugardaginn. Höfundur tónlistarinnar er Kristjana Stefánsdóttir.**

Hér er á ferðinni nýr söngleikur. Handritið er eftir Andra Snæ en leikgerðin eftir Berg Þór Ingólfsson og hann samdi nýja söngtexta sem ég gerði ný lög við, alls fimmtán talsins.“ Þetta segir Kristjana Stefánsdóttir tónlistarkona um Bláa hnöttinn sem frumsýndur verður í Borgarleikhúsinu nú á laugardaginn.

Eins og samnefnd bók er sýningin ævintýri þar sem brýnt er fyrir fólki að hlaupa ekki eftir innan-tómu stúdi. Tuttugu og tvö börn eru í sýningunni og þau fljúga út um allt svið að sögn Kristjönu. „Þetta er ein tæknilegasta sýning sem ég hef unnið við í leikhúsi,“ segir hún.

Kristjana kveðst hafa samið lögina að mestu á fyrstu sex mánuðum ársins, ásamt því að klára trúdasýningu með álíka mörgum

lögum og líka sína fyrstu sólóplötu með eigin tónsmíðum. „Það er eins og það hafi opnast ný slagæð með hugmyndum hjá mér. Þær bara flæða,“ segir hún gládlega.

Miklar þælingar liggja bak við lögina í Bláa hnettinum eins og hún lýsir. „Gleðiglaumur kemur inn á þennan bláa hnött og gerir þar usla og því hef ég öll lögina hans dálítið virkjana- og iðnvæðingarleg. En tónlist sem hljómar í dökka heiminum er sífónísk, þar er samt bland í poka.“

Börnin eru með mikkrofóna og söngurinn er allur lifandi en undirleikurinn ekki, að sögn Kristjönu. „Nú fékk ég í fyrsta skipti alvöru upptökustjóra með mér. Daði Birgisson spilar á öllum hljóðfærin og við eigum útsetningarnar saman. Það er dýrmætt að fá slíkan fagmann með sér.“ [gun@frettabladid.is](mailto:gun@frettabladid.is)



**GLEÐIGLAUMUR KEMUR INN Á ÞENNAN BLÁA HNÖTT OG GERIR ÞAR USLA OG ÞVÍ HEF ÉG ÖLL LÖGIN HANS DÁLÍTIÐ VIRKJANA- OG IÐNVÆÐINGARLEG.**

**STEVE-O****THE END OF THE WORLD TOUR**

A NOT-SO-APOCALYPTIC COMEDY / VARIETY SHOW

Stjarnan úr Jackass Jackass

**HÁSKÓLABÍÓ**  
22. DESEMBER  
KL 20:00

Miðasala á [midi.is](http://midi.is)[steveo.com](http://steveo.com) - [www.facebook.com/SteveO](http://www.facebook.com/SteveO)

Elmar var lengi að komast í gang í Kaldalóni á sunnudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Ekki alltaf í fókusi****TÓNLIST****Ljóðatónleikar**

★★★★★

Lög eftir Beethoven og Schumann. Elmar Gilbertsson söng, Gerrit Schuil lék á pianó.

Kaldalón í Hörpu sunnudaginn 18. september

Elmar Gilbertsson tenór býr yfir einni fegurstu rödd íslenskra söngvara. Hún er silkimjúk, kraftmikil en líka full af fingerðum, fögrum blæbrigðum ef svo ber undir. Elmar vakti verðskuldaða athygli í óperunni Ragneiði eftir Gunnar Þórðarson. Þar sló hann í gegn svo um munaði. En tónleikar hans og Gerrit Schuil pianóleikara í Kaldalóni í Hörpu á sunnudaginn ollu vonbrigðum.

Fyrst á dagskránni var Adelaide eftir Beethoven, og svo ljóðaflokkurinn An die ferne Geliebte. Rödd Elmars var ekki alltaf í fókusi, sumir tónarnir voru bjagaðir, jafnvel óhreinir. Pianóleikurinn var sömuleiðis fremur óstöðugur, talsvert var um feilnótur sem voru hvímléiðar. Gerrit má þó eiga það að það var rétti karakterinn í túlkuninni, hún var svipsterk og fyllilega í anda Beethovens. En það var ekki nóg.

Þetta var synd, því tónlistin er í sjálfu sér hrifandi fögur. An die ferne Geliebte er merkilegt verk; Beethoven samdi það seint á ævinni. Andrúmsloftið er margbrotið, fullt af sársauka. Formið er óvanalega heilsteypt og laglínurnar eru himneskar. En á tónleikunum komust þær aldrei á flug, því miður.

Söngurinn var miklu betri í Dichterliebe eftir Schumann. Elmar var þar

kominn í gang og söng af fagmennsku. Hann var þó sífellt að horfa í nótnabókina, það virkaði eins og hann kynni ekki lögina. Þetta dró töluvert úr áhrifamætti túlkunarinnar. Auðvitað kunnir Elmar það sem hann var að syngja, en maður heyrði samt að honum hafði ekki tekist að gera lögina almennilega að sínum. Hann var bara að miðla einhverju fyrirfram ákveðnu til áheyranda. Vitaskuld á göður túlkandi að holdgera hugsun tónskáldsins og færa hana til hlustenda, en túlkunin verður jafnframt að koma frá hjartanu. Það gerði hún sjaldnast hér. Inntak skáldskaparins skilaði sér ekki þótt söngurinn væri tæknilega göður og röddin mögnuð. Tónlistarflutningurinn fór aldrei með mann í andlegt ferðalag eins og svona dagskrá á að gera.

Dichterliebe er dásamleg tónlist, full af ástarþrá. Pianóleikurinn er sérlega áberandi, mun meira en í samþærligum ljóðum eftir Schubert, til að mynda. Þarna er ekki hægt að kalla pianóleikinn undirspil, hann stendur söngnum fyllilega jafnfætis. Í lokin er t.d. viðamikilið eftirspil pianóleikarans. Þar litur hann til baka og rifjar upp það sem gengið hefur á í öllu verkinu. Það er einstaklega fögur stund.

Gerrit gerði þetta sumpart ágætlega; margt í lögnum var þrunging fallegum litbrigðum. En það var of mikið af feilnótum, þær voru truflandi og gerðu að verkum að maður gat aldrei lokað augunum og gefið sig tónlistinni á vald. **Jónas Sen**

**NIÐURSTADA:** Pianóleikurinn var ekki nægilega öruggur, söngvarinn var lengi að komast í gang og nokkuð vantaði upp á dýptina í túlkuninni.



# BÓKA MARKAÐUR



Gjaf fylgir ef keypt er  
fyrir 6.000 kr. eða meira

á Fiskislóð 39  
OPIÐ ALLA DAGA kl. 10–19



75%  
aukaafsláttur

Takmarkað  
magn – aðeins  
100 stk.

Verð áður 2.990 kr.  
Nú 750 kr.



Fjöldi titla  
sem fást  
eingöngu  
á bóka-  
markaðnum



Takmarkað  
magn – aðeins  
100 stk.

60%  
aukaafsláttur

Verð áður 1.490 kr.  
Nú 590 kr.



50%  
aukaafsláttur

Takmarkað  
magn – aðeins  
100 stk.

Verð áður 1.990 kr.  
Nú 990 kr.



40%  
aukaafsláttur

Takmarkað  
magn – aðeins  
100 stk.

Verð áður 2.990 kr.  
Nú 1.790 kr.

\*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgdir endast.

# Trúðateymi togar í hjartastrengi

## LEIKHÚS

### Helgi magri



Byggt á samnefndu verki eftir Matthías Jochumsson

#### MAk og Leikfélag Akureyrar Samkomuhúsið

**Leikarar og höfundar:** Benedikt Karl Gröndal, Halldóra Malín Pétursdóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson

**Listrænir stjórnendur og höfundar:** Jón Páll Eyjólfsson og Þóroddur Ingvarsson

Leikfélag Akureyrar hefur verið að fóta sig undanfarin misseri eftir að hafa sameinast Menningarfélagi Akureyrar. Í leit sinni að eigin rödd hefur það oft en ekki fundið innblástur í nærumhverfi sínu með nokkuð góðum árangri. Í þetta skipti er söguarfurinn lagður í hendur trúða sem nefnast Pétur, Tómas, Brynhildur og Sigfús. Hópurinn ræðst ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og ákveða að klöngrast saman í gegnum landnámssögu Helga magra með hjálp Matthíasar Jochumssonar.

Handritið sjálf er ekki meira en nokkrar blaðsíður og dregur upp helstu efnisatriðin úr upphaflegu handriti Matthíasar, en brotin eru oft einstaklega vel skrifuð. Sagan af landsnámsmanninum Helga magra og fjölskyldu hans er jafnframt saga Eyjafjarðar, samfélagsins sem dafnaði þar og einstaklinganna sem þar dvelja enn. Trúðarnir brjóta upp söguna með persónulegum inn-



Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Benedikt Karl Gröndal á sviði Samkomuhússins á Akureyri.

skotum og hnyttum ábendingum. Af þessum sökum eru engar tvær sýningar eins og því eru þær allar einstakar, líkt og mannföldið.

Trúðleikur byggist á mikilli nákvæmnisvinnu þó á yfirborðinu virðist uppátækjasemin og hreinskilnin vera í fyrirrúmi. Þau Benedikt Karl Gröndal, Halldóra Malín

Pétursdóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir og Kjartan Darri Kristjánsson mynda þetta trúðateymi og vinna haglega saman. Trúðarnir sinna fjölmörgum verkefnum í einu, eiginlega öllum, þar sem leikhópurinn útfærir alla listræna þætti sýningarinnar í sameiningu, svo sem leikmynd, búninga

og lýsingu. Samtenging þeirra við sýninguna er einnig sýnileg áhorfendum en trúðarnir deila upplifun sinni af leiknum á meðan þeir eru í miðju kafi í sögunni.

Mörg þessara innskota eru einlæg og hitta beint í hjartastað en koma einnig upp um stærstu galla sýningarinnar. Báðar sögurnar,

handritið og spuninn, verða að styðja hvor við aðra, söguþráðurinn verður að fleyta spunanum áfram og setja honum skorður. Afleiðing þessarar frásagnargleði trúðanna er sú að sýningin teygist og togast í alls konar áttir þar sem útúrdúrarnir verða mikilvægari en grunnsagan. Spuninn verður að skapa spennu og vera snarpur, of langar frásagnir og útskýringar geta orðið þreytandi.

Leikmyndin er hugvitsamleg og áferðarfögur þar sem einfaldleikinn ræður ríkjum. Lýsingin er sömuleiðis heillandi og áhrifarík með litríkum blæbrigðum. Ekki skemmir fyrir að sýningin fer fram í Samkomuhúsinu sem bæði skapar ljúft andrúmsloft og tengir líka laglega við menningarsögu Akureyrar.

Í formála verkisins skrifar Matthías Jochumsson að leikurinn hafi verið saminn í því sérstaka augnamiði að vera sýndur á Akureyri og ef hann væri bæði boðlegur og sagnfræðilega þolanlegur þá væri takmarkinu náð. Helgi magri í meðförum trúðanna fjögurra virðist ná þrennuni og er hin ágætasta byrjun á leikári Leikfélags Akureyrar. Þá er einstaklega ánægjulegt að ungum leikurum sé gefið tækifæri til að skapa og vinna að sýningu innan veggja hússins. Þó að niðurstaðan hafi ekki heppnast nægilega vel í þetta skiptið þá er vert að hvetja áhorfendur um land allt til að styðja við Leikfélag Akureyrar á komandi leikári. **Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Djörf tilraun sem skortir festu.

**TILBOÐ!**  
Sportpakinn  
**11.990,-**  
GEGN 12 MÁNAÐA BINDINGU  
SPARAÐU 36.000,-

**SJÓNVARPS APP 365**  
FYLGIÐ FRÉTTIÐ MEÐ SPORTPAKKA

**UM 1.300 BEINAR ÚTSENDINGAR Á ÁRI**  
Sportpakinn inniheldur: Stöð 2 Sport, hlöðrásir, Eurosport, Extreme Sport, Motors TV, Sky News, NBA TV, MUTV, LFC TV og Chelsea TV.

**SPORT**  
Sportpakinn er svo sannarlega einn með öllu fyrir fólk sem hefur áhuga á íþróttum. Fótþótti, körfubolti, ruðningur, bardagaþráttir, frjólur og margt annað sem fær hjartað til að slá árar.  
Trygguðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.

365.is | Sími 1817



Gerður Kristný er ein þeirra sem ætla að lesa upp í MH í kvöld. MYND/AUÐUNN NIELSSON

## Rithöfundar hefja upp raust í MH

Menntaskólinn við Hamrahlíð fagnar fimmtíu ára afmæli sínu í þessari viku með ýmsum hætti.

Skólinn hefur löngum verið þekktur fyrir að fóstora listamenn og í kvöld hefja rithöfundar þar upp raust sína. Hamraskáldin svokölluðu munu lesa úr verkum sínum í Norðurkjallara, meðal þeirra eru Bragi Ólafsson, Bryndís Björgvinsdóttir Gerður Kristný, Hallgrímur Helgason, Hermann Stefánsson, Margrét Lóa Jónsdóttir, Oddný Eir Ævarsdóttir, Yrsa Þóll Gylfadóttir og Þórunn Erlu Valdimarsdóttir.

Sumir þessara rithöfunda birtu sin fyrstu ljóð í skólablaði MH,

Beneventum, en hafa síðan haslað sér völl í bókmenntalífina svo um munar.

Dagskráin hefst klukkan 20.30 og aðgangur er ókeypis og öllum heimill meðan húsrúm leyfir.

Af öðrum viðburðum afmælisviku má minnst á fyrirlestraröðina Aftur til framtíðar, þar sem fyrrverandi nemendur snúa aftur og ausa af viskubrunni sínum fyrir núverandi nemendur, gesti og gangandi, og afmælishátíð á laugardag sem hefst klukkan tvö og lýkur með stórtónleikum á hátíðasal skólans.

Nánari upplýsingar um afmælishátíð MH má finna á mh.is. –gun

# LJÓÐIN Í VINDINUM

VILDARVERÐ:

3.199.-

Verð:  
3.999.-



Hæg breytileg átt er fyrsta ljóðabók Guðmundar Andra



ÚTGÁFUBOÐ  
Í DAG  
KL. 17:00 Í  
AUSTURSTRÆTI



2.  
PRENTUN

Vefur Lúsífers  
VILDARVERÐ: 3599.-  
Verð áður: 3899.-



NÝ  
BÓK

Leikvöllurinn  
VILDARVERÐ: 3599.-  
Verð áður: 3899.-



2.  
PRENTUN

Næturgalinn  
VILDARVERÐ: 3599.-  
Verð áður: 3899.-



NÝ  
BÓK

Pinn eigin bjór  
VILDARVERÐ: 4999.-  
Verð áður: 5999.-

Austurstræti 18  
Skólavörðustíg 11  
Laugavegi 77  
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd  
Kringlunni norður  
Kringlunni suður  
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31  
Keflavík - Sólvallagötu 2  
Akureyri - Hafnarstræti 91-93  
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2  
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2  
Húsavík - Garðarsbraut

PENNINN

Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Tilboð gilda 22. september til og með 25. september. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrensl.



Tommy Wiseau er hress með velgengni myndar sinnar þó að hún sé kannski annars eðlis en hann bjóst við upphaflega. MYND/GETTY

# Allt það sem á sér stað inni í herbergjum

**The Room er oft kölluð besta lélegasta mynd í heimi. Greg Sestero, sem leikur í myndinni, er á leiðinni til landsins og af því tilefni reynir Fréttablaðið að ná höndum yfir hvað það er sem fær fólk til að mæta í bíó til að horfa á þessa arfaslöku kvikmynd.**


Kvikmyndin *The Room* er rómantískt drama sem kom út árið 2003 og er skrifuð, leikstýrt og framleidd af Tommy Wiseau sem leikur einnig aðalhlutverkið. Myndin var gerð fyrir mjög litla fjármuni eða um sex milljónir dollara. Myndin fjallar í afar stuttu máli um ástarþríhyrning þeirra Marks, Lisu og Johnnys – og dramað sem á sér stað í herbergjum heimsins. Þetta virðist nú kannski ekkert sérstaklega spennandi né óvenjulegt en *The Room* er samt sem áður ótrúlega vinsæl og er reglulega sýnd í sérstökum mánaðarlegum sýningum í bióhúsum víða um heiminn. Ástæðan fyrir þessum vinsældum er mjög einföld en er samt svolítið mótsagnakennd – myndin er hræðilega léleg. Bókstaflega allt við myndina er algjört klúður – söguþráðurinn er mjög ruglingslegur, öll samtöl eru vægast sagt ósannfærandi og alls konar tæknilegum atriðum eins og

talsetningu, greenscreen og öðru er klúðrað stórkostlega. Myndin verður hrærigrauttur æðislegra mistaka og undarlegra smáatriða sem gera hana að sprenglæglegri upplifun. Í fyrstu fékk *The Room* frekar dræmar viðtökur, áhorfendur gengu ítrekað út af henni og heimtuðu endurgreiðslu – svo oft raunar að þau fáu kvikmyndahús sem sýndu myndina voru farin að hengja upp skilti sem tóku fram að þau myndu ekki endurgreiða aðgöngumiðana. Michael Rousselet, einn af heilunum bak við grínhópinn 5secondfilms, mætti á eina sýninguna og var þá einn í salnum. Honum fannst *The Room* stórkostleg og hann og vinir hans mættu á fjöldamargar sýningar í kjölfarið. Í framhaldinu voru haldnar enn fleiri sýningar og hópur frægra leikara og grínista tók að mæta og mæla með myndinni. Fólk mætir í dag reglulega á sýningar þar sem

það klæðir sig upp sem persónur úr myndinni og kastar plasticskeiðum og fótboltum sín á milli – en það eru tilvísanir í nokkur undarlegustu atriði myndarinnar. Það sem gerir þessa lélegu mynd svo frábregða öðrum lélegum myndum er maðurinn á bak við hana, hinn dularfulli Tommy Wiseau, og hans óbrennandi barnlegi áhugi á því að koma sögunni sinni í eitt-hvert form. *The Room* átti upphaflega að vera leikrit – síðan breyttist handritið í 500 blaðsíðna skáldsögu sem Tommy greyði átti mjög erfitt með að fá gefna út og brá þá á það ráð að búa til kvikmynd upp úr handritinu. Tommy Wiseau þessi er afar sérvitur karakter – hann hefur yfir sér þessa áru sem gerir það að verkum að erfitt er að henda reiður á því hvort hann sé snillingur eða algjör fáviti. Í kjölfar vinsælda myndarinnar hefur hann sagt að *The Room* sé svört


kómédia en samkvæmt Greg Sestero, sem leikur Mark, er það ekki rétt. Hann hefur skrifað bók um reynslu sína við gerð myndarinnar – *The Disaster Artist* – þar sem hann lýsir vináttu sinni við þennan dularfulla mann. Ekki er á hreinu hvaðan Tommy kemur, en hann talar með mjög undarlegum hreim sem er erfitt að staðsetja, ekki er heldur á hreinu hversu gamall hann er. Það sem er kannski það dularfyllasta við manninn er svo hvaðan hann fékk alla þessa peninga – en hann borgaði úr eigin vasa þær sex milljónir sem gerð *The Room* kostaði. Greg Sestero er á leiðinni til landsins í október þar sem hann mun tala um þessa stórkostlegu mynd sem verður síðan sýnd í Bíói Paradís í kjölfarið og því um að gera að fara að verða sér úti um plasticskeiðar og amerískan fótbolta. stefanthor@frettabladid.is

## Frumskýningar



### BRIDGET JONES'S BABY

Aðalleikarar: Renée Zellweger, Colin Firth, Patrick Dempsey, James Callis og Gemma Jones  
Frumskýnd: 23. september  
IMDb 7,5  
Rotten Tomatoes 77%



### THE MAGNIFICENT SEVEN

Aðalleikarar: Denzel Washington, Vincent D'Onofrio, Ethan Hawke og Chris Pratt  
Frumskýnd: 30. september  
IMDb 6,9  
Rotten Tomatoes 63%



### HEIMILI FRÖKEN PEREGRINE FYRIR SÆRKENNILEG BÖRN

Aðalleikarar: Eva Green, Samuel L. Jackson, Judi Dench, Rupert Everett og Chris O'Dowd  
Frumskýnd: 30. september

**NY SENDING LENT!**

**3 LITIR**

**FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI**

**GPS SNJALLÚR**

FRÁBÆRT GPS KRAKKA SNJALLÚR MED 1,22" LED SNERTISKJÁ, SOS TAKKA FYRIR NEYDARSÍMTAL OG SMS MED STAÐSETNINGU. HÆGT ER AÐ HRINGJA Í ÚRÍÐ OG FYLGJAST MED FERÐUM BARNSINS.

**9.990**

**SOS HNAPPUR**  
SENDIR BÖÐ Í SÍMA FÖRELDRA!

**AFMÆLIS VEISLA**

FJÖRÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

**0% VEXTIR**  
ALLAR VÖRUR VAXTALUST Í 12 MÁNUG!

**16BLS BÆKLINGUR**  
STÚTFULLUR AF ÖLLUM HEITUSTU TÖLVU-GRÆJUNUM

**TÖLVUTEK**

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

# VERÐHRUN!

KOMDU  
OG GERÐU  
FRÁBÆR  
KAUP!

BÆKUR  
FRÁ  
99 KR.

ALDREI  
MEIRA  
ÚRVAL!

# 90%

Allt að

# AFSLÁTTUR

Rýmingarsala  
bókaútgefenda

Mörkinni 1  
Opið frá 10-18



Gleðilegt hár  
og Frábært hár  
Áður kr. 9.800  
Nú kr. 1.500



Stelpur  
3 bækur í pakka  
Áður kr. 14.900  
Nú kr. 1.500



Sara Blædel  
3 bækur í pakka  
Áður kr. 8.900  
Nú kr. 1.500



Ég elska þig  
Áður kr. 1.890  
Nú kr. 99


Sex kíló  
á sex vikum  
Áður kr. 3.990  
Nú kr. 990



Jólaandinn  
Áður kr. 3.490  
Nú kr. 499



Tröllastrákurinn  
sem gat ekki  
sofnað  
Áður kr. 3.990  
Nú kr. 990



Dan Brown  
3 bækur í pakka  
Áður kr. 8.900  
Nú kr. 1.500

**SAMBÍÓIN SAMBIO.IS**

**TOM HANKS**  
★★★★★ VARIETY ★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER  
★★★★★ SEATTLE TIMES ★★★★★ CHICAGO SUN-TIMES  
Nýjasta stórmynd Clint Eastwood  
**SULLY**

**BLAIR WITCH**  
★★★★★ INDIEWIRE  
THERE'S SOMETHING EVIL HIDING IN THE WOODS  
Jason Statham er grjótharður í þessari mögnuðu spennumynd  
**MECHANIC: RESURRECTION**

**WAR DOGS**  
★★★★★ VARIETY  
Frábær mynd fyrir alla fjölskylduna  
**CRUSOE**  
★★★★★ HOLLYWOOD REPORTER  
Sýnd með íslensku tali

**ALFABAKKA**

SULLY	kl. 5:50 - 8 - 10:10
SULLY VIP	kl. 5:50 - 8 - 10:10
BLAIR WITCH	kl. 8 - 10:10
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 8 - 10:10
KUBO OG STRENGIRNIR TVEIR IS.TAL	kl. 5:40
WAR DOGS	kl. 8 - 10:30
ROBINSON CRUSOE IS.TAL	kl. 6
LIGHTS OUT	kl. 10:40
PETE'S DRAGON	kl. 5:40
SUICIDE SQUAD 2D	kl. 8
LEYNILIF GÆLUDÝRA IS.TAL 2D	kl. 6

**EGILSHÖLL**

SULLY	kl. 5:50 - 8 - 10:10
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 5:50 - 8 - 10:10
WAR DOGS	kl. 5:30 - 8 - 10:30
BEN-HUR	kl. 8
LIGHTS OUT	kl. 10:30
PETE'S DRAGON	kl. 5:30

**KEFLAVÍK**

SULLY	kl. 8
BLAIR WITCH	kl. 10:10
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 10:30
WAR DOGS	kl. 8

**AKUREYRI**

SULLY	kl. 5:50 - 8 - 10:10
BLAIR WITCH	kl. 10:30
WAR DOGS	kl. 8
ROBINSON CRUSOE IS.TAL	kl. 6

**KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI**

SULLY	kl. 6:50 - 8 - 9 - 10:10
MECHANIC: RESURRECTION	kl. 10:30 - 11:10
WAR DOGS	kl. 8
PELÉ: BIRTH OF A LEGEND	kl. 5:40
SUICIDE SQUAD 2D	kl. 5:20

**SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ**

**EIÐURINN**  
12  
87% - ROTTENTOMATOES ★★★★★ - GUARDIAN  
tiff.  
- HS. MORGUNBLAÐIÐ - KX. DV  
BALTASAR KORMÁK  
16

**DON'T BREATHE**  
16  
87% - ROTTENTOMATOES ★★★★★ - GUARDIAN  
17. október í Háskólabíói

**FORELDRABÍÓ**  
KL. 12 Á FÖSTUDAGINN Í SMÁRABÍÓ

**COSÌ FANTUTTI**  
17. október í Háskólabíói

**KUBO**  
12  
Mynd fyrir alla fjölskylduna

**BADMOMS**  
12

**KUBO**  
12

**SHALLOWS**  
16  
Þétt og örugg upplýgging, flottur hákaratryllir  
- S.S. X-10977

Sýningartímar á eMiði.is, miði.is og smarabio.is

**LAUGARÁS BÍÓ**

**miði.is**  
Miðasala og nánnari upplýsingar  
Coca-Cola  
LAUGARÁS

**EIÐURINN**  
12  
BALTASAR KORMÁK

**BLAIR WITCH**  
16

**KUBO**  
12

**HELL OR HIGH WATER**  
6

LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

EIÐURINN	5:30, 8, 9, 10:30
BLAIR WITCH	10:20
KUBO 2D ISL.TAL	5:30
HELL OR HIGH WATER	6

**Hvað? Hvenær? Hvar? Fimmtudagur**

hvar@frettabladid.is

**22. SEPTEMBER**

**Tónlist**

**Hvað?** ICETRALIA – The Dagsson & Duffy Comedy Extravaganza  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Húrra, Tryggvagötu

**Hvað?** Upphaldsáriur  
**Hvenær?** 19.30  
**Hvar?** Harpa

Sinfóníuhljómsveit Íslands býður til óperuveislu þar sem heimskunnar ariur, dúettar og tríó hljóma ásamt vinsælum óperuforleikjum. Meðal þess sem hér hljómar er dúettinn úr Perluköfurum Bizets, ariur úr Tannhäuser og Madömu Butterfly, bátssöngurinn úr Ævintýrum Hoffmanns og kvartettinn frági úr Rigoletto. Einsöngvarar eru allir í fremstu röð íslenskra söngvara.

**Hvað?** Dúndurfréttir  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Hljómahöllin, Keflavík  
Hljómsveitin Dúndurfréttir fagnaði fyrir skömmu 20 ára afmæli sínu. Dúndurfréttir hafa flutt lög sveita á borð við Pink Floyd, Led Zeppelin, Deep Purple og Uriah Heep. Hljómsveitin hefur síðustu ár haldið stóra tónleika í Eldborgarsal Hörpu þar sem fluttar hafa verið í heild sinni plötur Pink Floyd, Dark Side of the Moon, Wish You Were Here og The Wall. The Wall var flutt fjórum sinnum



Dúndurfréttir spila í Hljómahöllinni í Keflavík í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

fyrir fullu húsi með sinfóníuhljómsveit. Á tónleikum haustsins mun hljómsveitin leika klassískt rokk eins og það gerist best. Hljómsveitina skipa: Matthías Matthíasson, Pétur Örn Guðmundsson, Einar Þór Jóhannsson, Ólafur Hólm og Ingimundur Óskarsson.

**Hvað?** Belleville  
**Hvenær?** 21.00  
**Hvar?** Café Rosenberg  
Belleville tófrar fram franska kaffihúsastemningu í kvöld. Hljómsveitin sérhæfir sig í musette tónlist, sem leikin var á harmonikkuböllum í Frakklandi á fyrri hluta 20. aldar og af mestum krafti í hinu rómaða Belleville-hverfi í París. Hljómsveitina skipa: Ásta Ingibjartsdóttir, Eyjólfur Már Sigurðsson, Olivier Moschetta og Rut Berg Guðmundsdóttir. Aðgangseyrir er 1.500 krónur.



Elmar Gilbertsson óperusöngvari er einn af þeim sem fram koma í óperuveislu Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ofbeldi og áhrif kynjakerfisins á heilsufar. Rannveig Sigurvinsdóttir lauk doktorsprófi í samfélagslegri sálfræði frá University of Illinois í Chicago árið 2016 og MA-prófi frá sama háskóla árið 2013. Hún lauk BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands árið 2011. Rannsóknarsvið hennar er heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi, félagslegir þættir sem hafa áhrif á ofbeldi og inngríp gegn því.

**Hvað?** Áhrif loftslagsbreytinga á smádyr í landgræðslu/skógrækt  
**Hvenær?** 12.20  
**Hvar?** Keldur, bókasafn.  
Á undanförunum 20-30 árum hafa borist til landsins allnokkrar nýjar tegundir smádyra sem valda skaða á trjáum og runnum. Á sama tíma hefur orðið veruleg breyting á skaðsemi og faröldrum tegunda sem fyrir voru. Í erindinu verður fjallað um það hvort þessar breytingar tengist að einhverju leyti loftslagsbreytingum.

**Hvað?** Samfélagsmiðlar og vefsíður fyrirtækja  
**Hvenær?** 08.30  
**Hvar?** Hilton Reykjavík Nordica  
Samfélagsmiðlar verða sífellt mikilvægari vettvangur fyrirtækja, samtaka og einyrkja og eru notaðir í ýmsum tilgangi. Má þar nefna að byggja upp vörumerki, halda góðum tengslum við samfélagið og viðskiptavinum, selja vöru og þjónustu eða berjast fyrir málstað af einhverju tagi. Á fundinum fæst áhugaverð innsýn á þessi málefni frá sjónarhorni fagfólks. Fundurinn verður í sal H og I á Hilton í dag og

**Fundur**

**Hvað?** Svona kemur ekki fyrir konur eins og mig  
**Hvenær?** 12.00  
**Hvar?** Háskóli Íslands  
Rannveig Sigurvinsdóttir, nýdoktor við sálfræðisvið Háskólans í Reykjavík, heldur annan fyrirlestur haustmíssis í fyrirlestraröð RIKK í dag, í fyrirlestrasal Þjóðminjasafns Íslands. Fyrirlestur Rannveigar nefnist „Svona kemur ekki fyrir konur eins og mig“. Þolendur heimilisofbeldis, öryggi og úrræði. Fyrirlestraröðin fæst að þessu sinni við kynbundið

**BIO PARADIS** HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

The Neon Demon	17:30, 20:00, 22:30
Me Before You	17:45
Hrútar ENG SUB	18:00
Yarn ENG SUB	20:00
Prestir / Sparrows ENG SUB	20:00
Viva ENG SUB	22:00
Fúsi / Virgin Mountain ENG SUB	22:00

**YARN**

# Ari Eldjárn og Björn Bragi spenntir fyrir tveggja manna sýningu

„Þetta er eitthvað sem okkur hefur langað að gera í svolitinn tíma,“ segir Björn Bragi Arnarsson uppistandari en þeir Ari Eldjárn munu ferðast um landið næstu tvo mánuði með nýja uppistandssýningu. Strákarnir eru báðir hluti af stærri hópi sem kallar sig Mið-Ísland en þeir hafa slegið í gegn síðastliðin ár. Hver ætli sé ástæðan fyrir því að þeir eru aðeins tveir að leggja land undir fót?

„Við höfum báðir uppistand að atvinnu og erum yfirleitt að mæta og taka 15-20 mínútur hverju sinni þegar við erum að skemmta á hvers kyns viðburðum. Þess á milli erum við að sýna með bræðrum okkar úr Mið-Íslandi, sem ég held að sé óhætt að segja að sé það skemmtilegasta sem við gerum. Okkur langaði hins vegar að prófa að gera tveggja manna sýningu, þar sem mæðir meira á hvorum okkar og við tökum í raun hvor sinn hálfleikinn af uppi-

standi,“ segir Björn Bragi.

Þeir félagar vinna vel saman að hans sögn. „Við Ari erum auðvitað nánir vinir og vinnum auk þess frábærlega saman. Við gerum mikið af því að



Ari Eldjárn og Björn Bragi fara í hringferð um landið.

**VIÐ ARI ERUM AUÐVITAÐ NÁNIR VINIR OG VINNUM AUK ÞESS FRÁBÆRLEGA SAMAN. VIÐ GERUM MIKIÐ AF ÞVÍ AÐ SEMJA GRÍN SAMAN.**

saman og erum spenntir fyrir því að prófa að taka svona tveggja manna sýningu,“ segir Björn Bragi.

Grínhópurinn Mið-Ísland er þó hvergi nærri hættur. Þvert á móti verður hópurinn með sýningu í Hofi á Akureyri 30. september og tilraunasýningu í Þjóðleikhúskjallaranum í byrjun október, þar sem strákarnir prófa nýtt efni fyrir komandi vetur.



Sýning þeirra Björns Braga og Ara hefur fengið heitið Á tæpasta vaði og er um að ræða tæplega tveggja tíma sýningu með hléi. „Við verðum með fullt af nýju efni í bland við eitthvað eldra sem við höfum ekki flutt áður á þeim stöðum sem við ætlum að sýna á,“ segir Björn Bragi.

Áætlað er að fara af stað í byrjun október og mun fyrsti áfangastaðurinn vera Þorlákshöfn. „Það er alltaf sérstök stemning þegar við förum út fyrir borgarmörkin og höldum sýningar. Við hlökkum mikið til,“ segir Björn Bragi.

gudrunjona@frettabladid.is



boðið verður upp á léttu morgunhressingu.

## Uppákomur

**Hvað?** Ósbrekkuréttir

**Hvenær?** 14.00

**Hvar?** Ósbrekkurétt í Ólafsfirði

**Hvað?** FótboltaQuiz með 100.000 kr. í pottinum

**Hvenær?** 21.00

**Hvar?** Hvítu riddarinn FótboltaQuiz Hvítu riddarans fer fram í kvöld. Spyrill kvöldsins er Maggi.net. Fyrirkomulagið er þannig að tveir aðilar spila saman og svara spurningum sem tengdar eru fótbolta. Þáttökugjald er 1.000 kr. á lið og fer sá peningur í pott sem hægt er að vinna í lok kvölds. Sigurvegarar kvöldsins draga úr umslögum með ýmsum vinningum. Einn af þeim vinningum er peningaupphæð sem safnast hefur með þáttökugjaldi keppenda. Slíkt fyrirkomulag byrjaði síðasta vetur og er því kominn peningur í pottinn.

**Hvað?** Veistu betur? - Spurningakeppni í anda PubQuiz

**Hvenær?** 21.00

**Hvar?** Ölhúsið – Ölstofa Hafnarfjarðar Reykjavíkurveg 60, Hafnarfirði Þá hefur aftur göngu sína hin magnaða spurningakeppni Veistu betur? Reynt verður á vitneskju gesta í poppfræðum í þræl-skemmtilegri spurningakeppni þar sem spurt er um allt milli himins og jarðar tengt tónlist, bíomyndum og fleira. Í keppninni er notast við grafískt umhverfi og hljóðtækni ásamt hefðbundnum upplesnum spurningum. Spyrill og dómari er Heiðar Örn Kristjánsson.

# DÖKKUR EXPRESSÓ

Við ferðumst heimshorna á milli í leit að baunum í nýjustu kaffiblönduna okkar. Mikið brennt og kröftugt kaffi sem vekur bragðlaukana.

leggur heiminn að vörum þér

## DAGSKRÁ

## Fimmtudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Simpson-fjölskyldan  
**07.25** Kalli kanina og félagar  
**07.50** Litlu Tommi og Jenni  
**08.10** The Middle  
**08.35** Ellen  
**09.15** Bold and the Beautiful  
**09.35** The Doctors  
**10.20** Jamie's 30 Minute Meals  
**10.45** Marry Me  
**11.10** World's Strictest Parents  
**12.15** Léttir sprettir  
**12.35** Nágrannar  
**13.00** My Best Friend's Wedding  
**14.45** St. Vincent  
**16.30** The Detour  
**16.55** Bold and the Beautiful  
**17.20** Nágrannar  
**17.45** Ellen  
**18.30** Fréttir Stöðvar 2  
**18.55** Íþróttir Íþróttafréttamenn fara yfir það helsta úr heimi íþróttanna.  
**19.05** Fréttir Stöðvar 2  
**Fréttastofa Stöðvar 2 flytur fréttir í opinni dagskrá.**  
**19.20** Undateable  
**19.40** The New Girl Fimmta þáttaröðin um Jess og sambýlinga hennar. Jess er söm við sig, en sambýlingar hennar og vinir eru smám saman að átta sig á þessari undarlegu stúlku, sem hefur nú öðlast vináttu þeirra allra. Með aðalhlutverk fara Zooey Deschanel, Jake Johnson og Damon Wayans Jr.  
**20.05** Masterchef USA  
**20.50** NCIS Störgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og féлага hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við bæði flóknari og hættulegri mál.  
**21.35** StartUp  
**22.30** Ballers Þættir með Dwayne The Rock Johnson í aðalhlutverki sem fjalla um leikmanna í amerískum fótbolta og fjölskyldur þeirra.  
**23.05** Rizzoli & Isles  
**23.50** The Tunnel  
**00.40** The Third Eye Vandaðir norskir þættir. Tvö ár eru liðin frá því að dóttir lögræglumans hvarf sporlaust í hans umsjá og lífi hans var snúið á hvolf. Hann hefur nú slitið öll tengsl við fortíðina og hafið störf á nýjum vettvangi hjá lögreglunni. En þegar hann verður sjálfur vitni að glæp þá þarf hann að vinna með gömlu félögunum sínum á ný til að upplýsa það mál.  
**01.25** Aquarius  
**02.10** Mission: Impossible - Ghost Protocol Eftir áráðs hryðjuverkahóps sem veldur gríðarlegu tjóni og banar fjölda manns vakna grunsemdir um að Ethan Hunt og njósnasérdeildin séu viðriðin málið. Stjórnvöld ákveða að loka á alla starfsemi deildarinnar á meðan málið er til lykta leitt. Ethan veit hins vegar að þessar ásakanir eiga ekki við nein rök að styðjast og grunar að valdamiklir aðilar vilji ryðja honum og hans fólki úr vegi svo þeir geti unnið sín voðaverk í friði.  
**04.20** NCIS: New Orleans  
**05.00** My Best Friend's Wedding

## STÖÐ 2 SPORT

**07.40** Pepsi deildin  
**09.30** Pepsi deildin  
**11.15** Pepsimörkin  
**12.50** Football League Show  
**13.20** Spænski boltinn  
**15.00** Spænski boltinn  
**16.40** League Cup  
**18.20** League Cup  
**20.00** Premier League World  
**20.30** NFL Gameday  
**21.00** NBA  
**21.50** Premier League Review

## ÚTVARP

FM 88,5 XA-Rádió  
 FM 89,5 Retro  
 FM 90,1 Rás 2

FM 90,9 Gullbylgjan  
 FM 93,5 Rás 1  
 FM 95,7 FM957

FM 96,3 FM Suðurland  
 FM 96,7 Létt Bylgjan  
 FM 97,7 X-ið

FM 98,9 Bylgjan  
 FM 99,4 Útvarp Saga  
 FM 100,5 K100

FM 102,9 Lindin

FRÁBÆRT  
FIMMTUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

**365**



## STARTUP

Nýir og magnaðir þættir með Martin Freeman og Adam Brody í aðalhlutverkum um bankastarfsmann, foringja skipulagðrar glæpastarfsemi og tölvuþrjót sem snúa böfum saman og freista þess að reka fyrirtæki með órekjanlegum og illa fengnum peningum.

## MASTERCHEF USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsay í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band.

## NCIS

Störgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og féлага hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins og þau þurfa að glíma við æ flóknari og hættulegri mál.

## THE MONUMENTS MEN

Mögnuð mynd, byggð á sannri sögu, um stærstu fjársjóðsleit sögunnar með Matt Damon, George Clooney og Cate Blanchett í aðalhlutverkum.



## STÖÐ 3

**17.50** Raising Hope  
**18.15** The Big Bang Theory  
**18.35** Modern Family  
**19.00** Fóstbræður Íslenskt gæðagrín eins og það gerist best, hér fara hinir goðsagnakenndu Fóstbræður á kostum með sprenglæglegu og frumlegu gríni.  
**19.25** Entourage  
**19.55** Hið blómlega bú 3 Árni Ólafur kokkur og örbóndi í Árdal í Borgarfirðinum er mættur á ný í vandaðri og fróðlegri þáttaröð um lífið í sveitinni.  
**20.30** Léttir sprettir  
**20.50** One Born Every Minute UK  
**21.40** Drop Dead Diva  
**22.25** NCIS: New Orleans  
**23.10** Fóstbræður  
**23.35** Entourage  
**00.05** Hið blómlega bú 3  
**00.40** Léttir sprettir  
**01.00** One Born Every Minute UK  
**01.45** Tónlist

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Áfram Diego, áfram!  
**07.24** Svampur Sveinsson  
**07.49** Lalli  
**07.55** Rasmus Klumpur og félagar  
**08.00** Strumpanir  
**08.25** Gulla og grænjaxlarnir  
**08.37** Stóri og Litli  
**08.49** Hvellur keppnisbill  
**09.00** Latibær  
**09.25** Brunabilarnir  
**09.47** Mæja býfluga  
**10.00** Könnuðurinn Dóra  
**10.24** Mörgæsirnar frá Mada-gaskar  
**10.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**11.00** Áfram Diego, áfram!  
**11.24** Svampur Sveinsson  
**11.49** Lalli  
**11.55** Rasmus Klumpur og félagar  
**12.00** Strumpanir  
**12.25** Gulla og grænjaxlarnir  
**12.37** Stóri og Litli  
**12.49** Hvellur keppnisbill  
**13.00** Latibær  
**13.25** Brunabilarnir  
**13.47** Mæja býfluga  
**14.00** Könnuðurinn Dóra  
**14.24** Mörgæsirnar frá Mada-gaskar  
**14.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**15.00** Áfram Diego, áfram!  
**15.24** Svampur Sveinsson  
**15.49** Lalli  
**15.55** Rasmus Klumpur og félagar  
**16.00** Strumpanir  
**16.25** Gulla og grænjaxlarnir  
**16.37** Stóri og Litli  
**16.49** Hvellur keppnisbill  
**17.00** Latibær  
**17.25** Brunabilarnir  
**17.47** Mæja býfluga  
**18.00** Könnuðurinn Dóra  
**18.24** Mörgæsirnar frá Mada-gaskar  
**18.47** Doddi litli og Eyrnastór  
**19.00** Ljótí andarunginn og ég

## GOLFSTÖÐIN

**09.00** Golfing World  
**09.50** BMW Championship  
**15.50** PGA Tour – Highlights  
**16.45** Evian Championship  
**19.45** Golfing World  
**20.35** Championship Tour Highlights  
**21.30** Players official film  
**22.25** Golfing World  
**23.15** Championship Tour Highlights

## BÍÓSTÖÐIN

**11.50** Ivory Tower Áhugaverð heimildarmynd frá 2014 sem fjallar virði þess að stunda nám á efri stigum í Bandaríkjunum.  
**13.20** Make Your Move.  
**15.10** Robin Hood Men in Tights Gamannmynd um Hróa hött, verndara Skírisskógar. Ásamt sínum kátu kórnum barðist hann gegn yfirgangi prinsins vonda, sem með fulltingi fótgetans í Nottingham, tróð almúgann niður í svaðið.  
**16.55** Ivory Tower  
**18.25** Make Your Move  
**20.15** Robin Hood Men in Tights  
**22.00** The Monuments Men  
**00.00** Being Flynn Dramatísk mynd frá 2012 með Robert De Niro, Paul Dano og Julianne More í aðalhlutverkum.  
**01.40** Puncture  
**03.20** The Monuments Men Mögnuð mynd frá 2014 með Matt Damon, George Clooney og Cate Blanchett í aðalhlutverkum. Myndin er byggð á sannri sögu um stærstu fjársjóðsleit sögunnar. Myndin fjallar um óvenjulega herdeild í seinni heimsstyrjöldinni, sem forseti Bandaríkjanna sendi inn í Þýskaland til að bjarga listaverkum og menningarverðmætum.

## RÚV

**17.10** Sjöundi áratugurinn – Frelsis-gangan langa  
**17.50** Táknálmáfréttir  
**18.00** KrakkaRÚV  
**18.01** Eðlukrúttin  
**18.12** Vinabær Danna tigers  
**18.25** Sanjay og Craig  
**18.50** Krakkafréttir  
**19.00** Fréttir  
**19.25** Íþróttir  
**19.30** Veður  
**19.40** Alþingiskosningar 2016: Leiðtogaumræður  
**21.35** Ljósan  
**22.00** Tíufréttir  
**22.15** Veðurfréttir  
**22.20** Lögregluvaktin  
**23.00** Dicte II  
**23.45** Dagskrárlok

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00** Pepsi MAX tónlist  
**08.00** Black-ish  
**08.20** Dr. Phil  
**09.00** The Biggest Loser  
**09.45** The Biggest Loser  
**10.30** Pepsi MAX tónlist  
**12.50** Dr. Phil  
**13.30** Odd Mom Out  
**13.55** Survivor  
**14.40** America's Funniest Home Videos  
**15.05** The Bachelor  
**16.35** The Tonight Show  
**17.15** The Late Late Show  
**17.55** Dr. Phil  
**18.35** Everybody Loves Raymond  
**19.00** King of Queens  
**19.25** How I Met Your Mother  
**19.50** Cooper Barrett's Guide to Surviving Life  
**20.15** Girlfriends' Guide to Divorce  
**21.00** BrainDead  
**21.45** Zoo  
**22.30** The Tonight Show  
**23.10** The Late Late Show  
**23.50** 24  
**00.35** Sex & the City  
**01.00** Law & Order: Special Victims Unit  
**01.45** American Gothic  
**02.30** BrainDead  
**03.15** Zoo  
**04.00** The Tonight Show  
**04.40** The Late Late Show  
**05.20** Pepsi MAX tónlist

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.

365.is



RELATIONSHIP STATUS: BEYOND COMPLICATED

RENÉE ZELLWEGER

COLIN FIRTH

PATRICK DEMPSEY

# BRIDGET JONES'S BABY

UNIVERSAL PICTURES AND STUDIOCANAL AND MIRAMAX PRESENT IN ASSOCIATION WITH PERFECT WORLD PICTURES A WORKING TITLE PRODUCTION RENÉE ZELLWEGER COLIN FIRTH PATRICK DEMPSEY "BRIDGET JONES'S BABY" JIM BROADBENT  
GEMMA JONES AND EMMA THOMPSON CASTING BY NINA GOLD COSTUME DESIGNER STEVEN NOBLE HAIR & MAKE-UP DESIGNER JAN SEWELL EDITOR MELANIE ANN OLIVER ACE PRODUCTION DESIGNER JOHN PAUL KELLY DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY ANDREW DUNN CSC EXECUTIVE PRODUCER JANE ROBERTSON  
EXECUTIVE PRODUCERS AMELIA GRANGER LIZA CHASIN HELEN FIELDING PRODUCED BY TIM DEVAN ERIC FELLNER DEBRA HAYWARD BASED ON THE CHARACTERS AND STORY CREATED BY HELEN FIELDING SCREENPLAY BY HELEN FIELDING AND EMMA THOMPSON AND DAN MAZER DIRECTED BY SHARON MAGUIRE  
MIRAMAX STUDIOCANAL WORKING TITLE PERFECT WORLD PICTURES A UNIVERSAL RELEASE UNIVERSAL  
© 2016 UNIVERSAL STUDIOS



FRUMSÝND Á MORGUN!



Herkastalinn var byggður árið 1916 af meðlimum Hjálpræðishersins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Einn af sjálfboðaliðum Hjálpræðishersins undirbýr súpu fyrir gesti.

## Munir Herkastalans seldir á laugardag

Hjálpræðisherinn flytur úr Herkastalanum um mánaðamótin. Húsmunir verða seldir á laugardag og gefst þá einnig færi á að skoða þetta sögufræga hús.



Ingi Kristinn Skjaldarson heldur á móti fyrir skildi samtakanna. Þessi munur verður ekki seldur.



Söfnunarbaukar Hjálpræðishersins.

Fólki gefst færi á að ganga um hús Hjálpræðishersins við Kirkjustræti 2 á laugardag og kaupa þar ýmsa muni, til dæmis rúm, kojur, rúmföt, stóla, borð og búshöld. Tilefnið er flutningur Hjálpræðishersins úr Herkastalanum, en húsinu verður breytt í lúxushótelíbúðir.

Herkastalinn var reistur af meðlimum Hjálpræðishersins árið 1916 sem sjómannaheimili. Húsið, sem er 1.600 fermetrar að stærð, þótti einstakt á sínum tíma og þykir enn í dag meðal áhugaverðustu bygginga miðbæjarinnar.

„Á einum tímamarki var hér rekið gistiheimili og gistiskýli fyrir heimilislausu, en það gekk ekki vel að blanda þessu tvennu saman. Það eru mörg ár síðan við höttum að geta tekið á móti heimilislausu-

um í gistingu og byrjuðum að reka þetta sem gistiheimili,“ útskýrir flokksleiðtoginn Ingví Kristinn Skjaldarson er hann leiðir blaðamann og ljósmyndara um ranghala hússins.

Samtökin munu reisa nýtt hús við Mörkina þar sem áhersla verður lögð á starfsemi fyrir börn og eldri borgara. Í húsinu verður meðal annars verkstæði og kaffihús sem mun ekki aðeins nýtast félagsmönnum heldur einnig fólkinu í hverfunum í kring.

Aðspurður hvort flutningunum muni fylgja sóknudur, segir Ingví: „Það fer eftir því hvern þú spyrð. Húsið er orðið gamalt og hætt að þjóna sínum tilgangi, aðgengi fyrir fatlaða er ekkert, þannig að ég mun ekki sakna þess.“

Markaðurinn hefst klukkan 10 og stendur til klukkan 18. sara@frettabladid.is



Gamall söfnunarbaukur fannst uppi á háalofti hússins.



Herkastalinn var endurbyggður eftir bruna og stækkaður um tvær hæðir um leið.



Það kennir ýmissa grasa í Herkastalanum.

22. SEPTEMBER – 2. OKTÓBER

# HAUST- SPRENGJA ELLINGSEN

# 25%

# AFSLÁTTUR

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

OPID Á SUNNUDÖGUM 13-17 Í REYKJAVÍK

## ELLINGSEN

SÍÐAN 1916

TRYGGVABRAUT 1-3  
AKUREYRI  
580-8550

FISKIÐ 1  
REYKJAVÍK  
580-8500

ELLINGSEN.IS

## Í ljósi sögunnar

Vera Illugadóttir ræðir mál liðandi stundar út frá sagnfræðilegum vinkli af einstakri kunn-áttu og innsæi.

Gyða Lóa Ólafsdóttir, kynningarstjóri RIFF, hlustar reglulega á Í ljósi sögunnar. „Í ljósi sögunnar er bæði fræðandi og skemmtilegt. Efnistökin eru forvitni-legt og gaman hvernig þau tengjast oft málum liðandi stundar og veita manni dýpri skilning á hinum ýmsu at-urðum. Vera er frábær og með ótrú-lega þægilega og góða rödd. Eini ókosturinn við Í ljósi sögunnar er sá að þátturinn er ekki nógu oft á dagskrá sem veldur mér oft miklum ama í upp-vaskinu og almennri tiltekt heima. Þannig að ef það er drasi heima hjá mér þá er það Veru að kenna.“



## Englaryk

Dröfn Ösp Snorradóttir og Hanna Eiriks-dóttir fara yfir allt það helsta í slúður-og dægurmenningu hverju sinni og ræða það í þau. Hvern er Rihanna að deita, af hverju er Kim Kardashian á einhjól og er Adele byrjuð með Jan-Michael Vincent? eða hvað það nú er sem krakkarnir eru alltaf að tala um – þær vita það alveg pottþétt.

Berglind Pétursdóttir internet-sérfræðingur hlustar mikið á Englaryk „Vinir mínir eru alltaf að þykjast vera svo gáfaðir að þeir nenna ekki að ræða við mig um hvað rassinn á Kim Kardashian er að gera hverju sinni. Þá er mjög gott að eiga Dröfn og Hönnu að.“

## Erlend hlaðvörp



**Serial**  
Sarah Koenig segir sannar sögur með rannsóknarblaðamennsku að vopni.



**Hardcore History**  
Útvarpsmaðurinn Dan Carlin talar um söguna.

**How I Built This**  
Þátturinn fjallar um hvernig stærstu fyrirtæki og merki heimsins urðu til, sögð af manneskjnum á bak við þau.

**Stuff You Should Know**  
Josh Clark og Charles W. „Chuck“ Bryant fjalla um nánast allt í heiminum með það að markmiði að fræða hlustendur.



**The Joe Rogan Experience**  
Grínstinn, leikarinn og UFC-lýsandinn Joe Rogan hefur sterkar skoðanir og fær til sín alls kyns gesti sem ræða allt frá bardaga-ípróttum og elgskjöti til skynörvandi efna.



## Fílalag

Tónlistarhlaðvarp þar sem þeir félagar Snorri Helgason og Bergur Ebbi fíla lög – í hverjum þætti er eitt lag tekið fyrir og það krufið til mergjar og jafnvel enn dýpra. Poppmenning er í stóru hlutverki í þáttunum og hún rædd út frá sjónarhorninu sem lagið sem er til umræðu hverju sinni býður upp á.

„Bergur Ebbi og Snorri Helga taka eitt lag fyrir í hverjum þætti. Þeir greina menningarleg, samfélagsleg og söguleg áhrif í bland við þetta einlæga, innra með okkur sem fær okkur til að tengja og fíla. Geggjuð tónlist og frábær húmor, eðalblanda,“ segir Halldór Marteinson, aðdáandi hlaðvarpsins.

# Með heiminn í eyrunum

**Hlaðvarpið** hefur verið til síðan allir voru með iPod í vasanum en síðustu árin hefur úrvalið þátta verið að aukast gífurlega og má tala um hálfgerð æði. Það er hægt að finna þátt um nánast hvaða málefni sem er, sama hversu skrytið áhugamálið kann að vera.

**H**laðvarpið (e. podcast) er einn vinsælasti miðillinn í dag. Hlaðvarpið er eins og útvarp sem má hlusta á hvenær sem er og er ekki endilega háð neinni sérstakri dagskrá eða staðsetningu í útsendingu. Hér á landi eru ansi mörg hlaðvörp í boði en stundum skarast útvarp og hlaðvarp í skilgreiningu og eðli. Fréttablaðið tekur hér saman nokkur helstu

hlaðvörpin og ræðir við nokkra af stærstu aðdáendum þeirra.

Fyrir þá sem hafa ekki hugmynd um hvernig má nálgast hlaðvörp er líklega auðveldast að nálgast þau á vefsíðu þeirra – en flest hlaðvörp eru með sérstaka vefsíðu sem er hægt að finna með að leita að titli hlaðvarpsins í Google og hlaða því svo niður þaðan eða streyma því beint af síðunni. Íslensk hlaðvörp má finna á Vísí, Alvarpinu, Kjarnanum og Sarpinum til að mynda.



## Pendúllinn

Fjölmíðlafólkið og spekulantarnir Snæros Sindradóttir, Stefán Óli Jónsson og Stefán Rafn Sigurbjörnsson ræða pólitík liðandi stundar og reyna að ná tökum á þeirri ótemju sem stjórnmálin hér á landi eru um þessar mundi eða bara um allar mundi.

Sigurður Orri Kristjánsson, gítarleikari í hljómsveitinni Alþýðulagabandalaginu, er mikill aðdáandi Pendúlsins. „Ég hlusta á Pendúllinn því það er hressandi að heyra unga blaðamenn tala um alvöru stjórnmál sem eru ekki bara „málefni ungs fólks“.“

# FRAMKOMU- OG SJÁLFSTYR KINGARNÁMSKEIÐ

ÁTTA VIKNA NÁMSKEIÐ HEFST 27. OG 29. SEPTEMBER

SJÁLFSTYR KING - FRAMKOMA OG LÍKAMSBURÐUR - FÖRÐUN - UMHIRÐA HÚÐAR OG HÁRS - MYNDATAKA-TÍSKUSÝNING - FÍKNIEFNAFRÆÐSLA - LEIKRÆN TJÁNING.

Umsjónarkennari námskeiðsins er **Unnur Birna Vilhjálmsson** lögmaður og fyrrverandi Ungfrú Heimur, auk fjölmargra gestakennara.


Allir þátttakendur fá viðurkenningar-skjal, glaðning frá MAYBELLINE og taupoka frá Eskimo.

Námskeiðinu lýkur með tískusýningu í Kringlunni. GLOWIE kemur og tekur lagið.

Verð: 28.000 kr.

Nánari upplýsingar má finna á **eskimo.is**. eða með tölvu-pósti til **eskimo@eskimo.is**

MAYBELLINE NEW YORK



Ryan Gosling mun hafa gift Evu Mendes. MYND/GETTY

## Ryan og Eva í hjónaband

Leikarinn Ryan Gosling og leikkonan Eva Mendes eiga að hafa gengið í það heilaga fyrr á þessu ári, samkvæmt heimildum US Weekly.

Heimildarmenn blaðsins segja að parinu hafi alltaf liðið eins og það væri gift og sé einstaklega hrifið hvort af öðru.

Ryan og Eva kynntust við gerð myndarinnar The Place Beyond the Pines og eiga saman tvær dætur: Esmeröldu sem er tveggja ára og Amöndu sem er fjögurra mánaða.

# DEBENHAMS

## DOUBLE ACTION INSTANT RESULTS



BIOEFFECT kynnir nýja húðmeðferð sem er sérstaklega þróuð fyrir augnsvæðið. Meðferðin inniheldur öflugt augnserum og háþróaða gelpúða, sem sérstaklega eru hannaðir til að hámarka virkni EGF frumuvakans. Með reglulegri notkun vinnur BIOEFFECT EGF EYE MASK TREATMENT markvisst á hrukkum á augnsvæðinu og dregur úr þrota og bætir rakajafnvægi húðarinnar.

22.-28.september | **BIOEFFECT KYNNINGARVIKA**



**Kaupuki fylgir** ef keyptar eru BIOEFFECT húðvörur fyrir 6.900 kr. eða meira\*

\*Takmarkað magn og aðeins einn kaupuki með hverjum kaupum

[www.bioeffect.is](http://www.bioeffect.is)

 BIOEFFECT á Íslandi

DEBENHAMS – SMÁRALIND  
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

## METSÖLULISTI EYMUÐSSON

VIKAN 14.09.16 – 20.09.16



1 Lifðu til fulls  
Júlía Magnúsdóttir



2 Fórnarlamb án andlits  
Stefan Ahnhem




3 Hættuspil  
Viveca Sten



4 Leikvöllurinn  
Lars Kepler



5 Á meðan ég lokaði augunum  
Linda Green



6 Almenn líffræði  
Ólafur Halldórsson



7 Harry Potter and the Cursed Child  
J.K. Rowling



8 Næturgalinn  
Kristín Hannah



9 Hollt nesti  
Rósa Guðbjartsdóttir



10 Níceland  
Kristján Ingi Einarsson

SAMKVÆMT BÓKSÖLU Í PENNANUM EYMUÐSSON UM LAND ALLT

PENNAN

Eymundsson



Stuttmynd leikstjórans Eypórs Jónssonar keppir í flokknum Besta íslenska stuttmyndin á RIFF. FRÉTTABLAÐIÐ/EYPÓR

# Seðlabankastjóri negldi tökur í fyrstu tilraun


Stuttmynd **Eypórs Jónssonar**, Litla stund hjá Hansa, verður frumsýnd á RIFF þann 29. september. Seðlabankastjóri Íslands, Már Guðmundsson, leikur sjálfan sig í myndinni.

Stuttmyndin Litla stund hjá Hansa eftir leikstjóran Eypór Jónsson verður sýnd á kvikmyndahátíðinni RIFF þann 29. september. Í myndinni leika Sveinn Ólafur Gunnarsson, Helgi Björnsson, Elisabet Thea Kristjánsdóttir og bankastjóri Seðlabanka Íslands, Már Guðmundsson.

Eypór hóf nám við Kvikmynda-skóla Íslands eftir að frumraun hans, stuttmyndin Sker, var tilnefnd sem besta stuttmyndin á Tribeca-kvikmyndahátíðinni í New York árið 2014. Eypór, sem útskrifaðist sem arkitekt árið 2010, viðurkennir að leið hans í kvikmyndanámi sé svolítið krókótt og segir tilviljun hafa ráðið því að hann leiddist inn á þessa braut.

„Ég bjó fyrir vestan á tímabili og var þar í útgáfustarfsemi. Tveir félagar mínir spurðu mig einn daginn hvort ég vildi framleiða stuttmynd sem þeir ætluðu að gera – ég vissi í raun ekkert hvað þeir voru að biðja mig um, en við enduðum á því að gera þrjár litlar hryllingsmyndir fyrir vestan. Eftir þá reynslu langaði mig að prófa að gera þetta sjálfur og afrakstur þess var stuttmyndin Sker,“ útskýrir hann. „Ég er alinn upp í bókabúð á Flateyri og hefði frekar búist við því að enda sem rithöfundur, það hefði verið eðlilegri framvinda, en mér þykir kvikmyndaformið skemmtilegra frásagnarform.“

Litla stund hjá Hansa er byggð á samnefndri smásögu Þórarins Eld-



Myndin skartar Sveini Ólafi Gunnarssyni, Helga Björns, Elisabetu Theu Kristjánsdóttur og Önnu Hafþórsdóttur í aðalhlutverkum.

ÉG ER ALINN UPP Í BÓKABÚÐ Á FLATEYRI OG HEFÐI FREKAR BÚIST VIÐ ÞVI AÐ ENDA SEM RITHÖFUNDUR, ÞAÐ HEFÐI VERIÐ EÐLILEGRI FRAMVINDA

járn sem kom út árið 1985. Eypór datt niður á söguna fyrir tilviljun og varð heillaður um leið. Hann segir söguþráðinn eiga jafn vel við í dag og fyrir þrjátíu. „Sagan fjallar um aðstodarseðlabankastjóra Íslands og gjaldeyrishöftin og á jafnvel enn betur við í dag en þegar hún var skrifuð. Ég fékk leyfi hjá Þórarni til að nota söguna og færði hana svo sjálfur yfir til okkar dags.“

Seðlabankastjóri Íslands, Már Guðmundsson, fer með hlutverk í myndinni. Að sögn Eypórs reyndist lítið mál að fá Má til leiks. „Honum

leist bara vel á þetta og stóð sig með stakri þryði. Hann gerði reyndar meira en bara að leika því hann tók að sér að endurskrifa textann sinn með sínu orðalagi, hann á því sinn kafla í myndinni alveg skuldlaust.“ Spurður hvort seðlabankastjóri sé efnilegur leikari, svarar Eypór því játandi. „Hann negldi þetta í fyrstu tilraun, en það er kannski ekki vandasamt verk að leika sjálfan sig,“ segir hann og hlær.

Líkt og áður segir verður Litla stund hjá Hansa sýnd þann 29. september og keppir í flokknum Besta íslenska stuttmyndin. Eypór bestist spenntur fyrir frumsýningardegnum. „Maður fær alltaf smá hnút í magann fyrir frumsýningar því maður veit aldrei á hverju maður á von: munu áhorfendur hafa gaman af eða ganga út? En þetta er auðvitað spennandi og gaman,“ segir hann að lokum. [sara@frettabladid.is](mailto:sara@frettabladid.is)

SÍMAR AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Svanur Valgeirsson [svanur@365.is](mailto:svanur@365.is) ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401: Gústaf Bjarnason [gustaf@365.is](mailto:gustaf@365.is), Hafsteinn Hafsteinsson [hafsteinn@365.is](mailto:hafsteinn@365.is), Hjördis Zoëga Hjördis [hjordis@365.is](mailto:hjordis@365.is), Sigfús Örn Einarsson [sigfus@365.is](mailto:sigfus@365.is), Örn Geirsson [orn.geirsson@365.is](mailto:orn.geirsson@365.is) FÖLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann [atli.bergmann@365.is](mailto:atli.bergmann@365.is), Jóhann Waage [johannwaage@365.is](mailto:johannwaage@365.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@365.is](mailto:jonivar@365.is), Ólafur H. Hákonarson [olafurh@365.is](mailto:olafurh@365.is), FÖLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir [solveig@365.is](mailto:solveig@365.is) og Vera Einarsson [vera@365.is](mailto:vera@365.is) RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason [hrannar@365.is](mailto:hrannar@365.is), Viðar Ingi Pétursson [vip@365.is](mailto:vip@365.is) ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@365.is](mailto:arnarut@365.is), Sigrún Helga Guðmundsdóttir [sigrunh@365.is](mailto:sigrunh@365.is)

KFC®

# TWISTER TVISTUR



Fullkomið  
til að  
deila!

**TWISTER  
TVISTUR**  
1.990 KR.

Tveir  
Twisterar  
að eigin vali,  
miðstærð af  
frönskum, tveir  
Hot Wings<sup>®</sup>  
og Bingókúllur.



**SVÖOÐ  
GOTT**



## Bakpankar

Frosta Logasonar



## Hrúturinn í stofunni

Forystuhrúturinn Villingur frá Grafarbakka var í fréttum fyrr í þessari viku. Villingur er tólfvetra gamall og í miklu uppáhaldi hjá eiganda sínum. Hann leyfir börnum að sitja á baki sér eins og besti reiðhestur. Villingur er lánsamur hrútur. Ólíkt flestum einstaklingum af hans kyni endar hann nefnilega ekki í kælum matvöruverslana eða á matseðlum finna veitinga-húsa þetta haustið.

Lambkjöt er af mörgum talið vera hinn eini sanni þjóðarréttur Íslendinga. Mér heyrst hins vegar á öllu að þessi blessaða sauðfjár-rækt standi einhverra hluta vegna ekki undir sér. Þjóðarrétturinn kostar ríkissjóð milljarða á ári en við botnum ekkert í af hverju. Er það vegna þess að allt sem er hollt á að vera dýrt?

Mikil kjötneysla tengist reyndar auknum líkum á krabba-meini. Á vef landlæknis er mælt með að neysla á rauðu kjöti sé takmörkuð við 500 grömm á viku. Sérstaklega skal takmarka neyslu á unnum kjötvörum. Það er nú ekki hollara en það. Landsmenn ættu því í mesta lagi að borða tvær kjötmátiðir á viku og smá-vegis af kjötaleggi. Samkvæmt landlækni.

Þótt ótrúlegt megi virðast þekki ég fólk sem borðar ekki kjöt. Hef jafnvel heyrt af fólkum sem aldrei hefur lagt það sér til munns. Samt er það hraust og langlíf, fær minna af hjarta- og æðasjúkdómum. Það væri kannski ráð að einhverjir bændur breyttu fjárhúsum sínum í gistiheimili fyrir ferðamenn. Slikt þarf ekki að niðurgreiða úr ríkissjóði. Við hin gætum svo borðað meira af grænmeti. Jafnvel haft það innflutt, ódýrt og gott.

Einar Loftsson, málameistari  
Verslun Breidd

# ÓENDANLEGIR MÖGULEIKAR!



## PROFF INNIMÁLNING

9 l. allir litir.

Vatnspynnanleg og umhverfisvæn plastmálning. Notast á flest alla fleti innandyrna t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295** kr.

80602509



## PROFF LOFTAMÁLNING

9 l. allir litir.

Vatnspynnanleg og umhverfisvæn mött plastmálning. Notast á loft eða sem grunnur á alla fleti innandyrna t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295** kr.

80602809



## PROFF INTERIØR 10

9 l. allir litir.

Lyktarlítill vatnspynnanleg akrýl-innimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrifa. Notast á flest alla fleti innandyrna t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**11.295** kr.

80602709



ANBEFALT AV

ASTMA- OG ALLERGIFORBUNDET  
- gjør Norge friskere

## BLISS INNIMÁLNING

9 l. allir litir.

Heilsuven, silkimött innimálning fyrir vegg í þurrými. Án leysiefna og engin skaðleg uppgefing. Lyktarlítill. Mikil þvottheldni og góð þekja í tveimur umferðum. Mælt með af astma- og ofnæmissamtökum Noregs, NAAF.

**12.865** kr.

80603009



## FASHION LAKK

10/40/80, 0,9 l. allir litir.

Vatnspynnanleg og lyktarlítill olímálning. Auðvelt að vinna með og gefur slitsterkt og fallegt yfirborð. Notast á flesta fleti innandyrna t.d. panil, MDF, hurðir, glugga, karma, o.f.l.

**3.395** kr.

80603501/601/701

## FIA LAKKRÚLLA

10cm og bakki.

**695** kr.

84124174



## FIA RÚLLA

25cm og bakki.

**995** kr.

84100160

## HARRIS PENSLAR

25,38,50 eða 75mm.

Frá:

**395** kr./stk.

83072110/14/20/30



## FIA RÚLLA

25cm og skaft.

**1.995** kr.


84100150

# BYKO

GERUM PETTA SAMAN



byko.is



Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN  
Í ENGIHJALLA,  
VESTURBERGI  
OG ARNARBAKKA



Iceland

Tilboðsbæklingur  
fylgir blaðinu í dag



MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7, Reykjavík  
Opið virka daga kl. 8-18, lau. 10-16  
Fuglavík 18, Reykjanesbæ  
Opið virka daga kl. 8-18